Sjóefnavinnslan vegna yfirtöku lána	—	1 200
Landshafnir, endurgreiðsla lána	1 187	1 463
Hafnarbótasjóður	5 130	6 410
Orkusjóður:		
1. Dreifikerfi í sveitum	21 000	27 000
2. Lánaþreiddslur, framlög	17 000	75 809
3. Jarðhitaleit	3 000	4 000
4. Sveitarafvæðing	2 700	4 500
Rafmagnsveitur ríkisins	7 750	12 170
Ríkisútvarp-sjónvarp	2 200	1 312
Félagsheimilassjóður	7 290	10 352
Lántökukostnaður vegna l. nr. 9/1980, 13/1981 og 13/1982	19 707	55 233
Landhelgissjóður	5 449	9 697
Annað	3 703	1 803

8. Verkleðar framkvæmdir samkvæmt A- og B- hluta og fjáröflun til þeirra.

	Fram- kvæmdir þús. kr.	Eigið fé þús. kr.	Fjár- veiting þús. kr.	Lán- tökur þús. kr.
A-HLUTI				
II Hita- og vatnsveitulagnir	5 000		5 000	
Vatnsveitur	5 000		5 000	
III Samgöngumannvirki	545 121		270 171	274 950
Vegagerð	411 615		162 615	249 000
Almenn hafnargerð	84 181		63 731	20 450
Landshafnir	5 500			5 500
Flugvallagerð	41 375		41 375	
Önnur samgöngumál	2 450		2 450	
IV Önnur opinber starfsemi	533 686		523 686	10 000
Skólabyggingar	202 688		202 688	
Sjúkrahús	118 805		118 805	
Landbúnaðarmál	106 298		106 298	
Aðrar framkvæmdir	105 895		95 895	10 000
Samtals A-hluti, sbr. töflu 7, verklegar framkvæmdir	1 083 807		798 857	284 950
B-HLUTI				
I Raforku- og rafveitufamkvæmdir	211 230	33 100	1 000	177 130
Landsvirkjun	18 100	18 100		
Rafmagnsveitur ríkisins	153 630	15 000		138 630
Dreifikerfi í sveitum	27 000			27 000
Sveitarafvæðing	12 500		1 000	11 500

	Fram- kvæmdir þús. kr.	Eigið fé þús. kr.	Fjár- veiting þús. kr.	Lán- tökur þús. kr.
II Hita- og vatnsveitulagnir	19 000			19 000
Hitaveitur, lán Orkusjóðs	7 500			7 500
Jarðhitaleit	11 500			11 500
III Samgöngumannvirki	165 710	111 210		54 500
Póstur og sími	129 300	74 800		54 500
Ríkisútvarp	34 910	34 910		
Skipaútgerð ríkisins	1 500	1 500		
IV Önnur opinber starfsemi	109 375	26 000		83 375
Áburðarverksmiðja ríkisins	43 375			43 375
Landssmiðjan	31 000	19 000		12 000
Sementsverksmiðja ríkisins	35 000	7 000		28 000
Samtals B-hluti	505 315	170 310	1 000	334 005
Samtals A- og B-hluti	1 589 122	170 310	799 857	618 955

9. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa Skipting eftir tekjustofnum

	Þús. kr.	Þús. kr.
Erfðafjárskattur		21 600
Erfðafjárjóður	16 185	
Gúmmígjald		1 500
Vegasjóður	1 500	
Innflutningsgjald af bensíni		406 800
Vegasjóður	406 800	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		3 000
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	3 000	
Álgjald		17 000
Byggðasjóður	17 000	
Miðagjald til Menningarsjóðs		1 400
Menningarsjóður	1 400	
Skemmtanaskattur		11 000
Sinfóníuhljómsveit Íslands	1 100	
Félagsheimilasjóður	9 900	
Launaskattur til Byggingarsjóðs verkamanna		148 050
Byggingarsjóður verkamanna	148 050	
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		280 000
Tryggingastofnun ríkisins	280 000	

Slysátryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillubátum og búvélum	Pús. kr.	Pús. kr.
Tryggingastofnun ríkisins	14 600	14 600
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		38 170
Atvinnuleysistryggingasjóður	38 170	
Sérleyfisgjald		400
Sérleyfissjóður	400	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		440
Gæsluvistarsjóður	440	
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		5 400
Framleiðslueftirlit sjávarafurða	5 272	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	128	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		20
Krabbameinsfélag Íslands	20	
Vitagjald		1 500
Vitastofnun Íslands	1 500	
Skipaskoðunargjald		600
Siglingamálastofnun ríkisins	600	
Bifreiðaskattur		160 000
Vegasjóður	160 000	
Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra		28 400
Framkvæmdasjóður aldraðra	28 400	
Skipulagsgjald		5 872
Skipulagsstjóri ríkisins	5 872	
Flugvallargjald		39 000
Flugmálastjórn	39 000	
Einkaleyfisgjald af Hapdrætti H. Í.		4 705
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	4 705	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		13 000
Ríkisábyrgðasjóður	13 000	
Sérlyfjagjald		430
Lyfjaskrárnefnd um sérlyfjaeftirlit	430	
Samúðarskeyti Landssímans		700
Míningarsjóður Landspítalans	700	
Rafmagnseftirlitsgjald		7 450
Rafmagnseftirlit ríkisins	7 450	
Verðjöfnunargjald		120 000
Orkusjóður	120 000	
Markaðir tekjustofnar skv. tekjuáætlun		1 331 037
Markaðir tekjustofnar skv. gjaldaáætlun	1 325 622	
Skerðing tekjustofna	5 415	
Samtals	1 331 037	1 331 037

10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa
Skipting eftir viðtakendum

		Þús. kr.
01-171	Bygðasjóður: Álgjald	17 000
02-276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna: Einkaleyfisgjald af hagnaði Hapdrættis H. Í.	4 705
02-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands: Hluti skemmtanaskatts	1 100
02-976	Menningarsjóður: Miðagjald til Menningarsjóðs	1 400
02-985	Félagsheimilassjóður: Hluti skemmtanaskatts	9 900
05-215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða: Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	5 272
05-272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins: Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	128
07-272	Byggingarsjóður verkamanna: Hluti af launaskatti	148 050
07-301	Skipulagsstjóri ríkisins: Skipulagsgjald	5 872
07-971	Erfðafjárjóður: Erfðafjárskattur	16 185
08-271	Tryggingastofnun ríkisins: Lífeyrstryggingagjald atvinnurekenda Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillu- bátum og búvélum	280 000 14 600
08-273	Atvinnuleysistryggingasjóður: Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald	38 170
08-385	Framkvæmdasjóður aldraðra: Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra	28 400
08-395	Lyfjanefnd og sérlyfjaeftirlit: Sérlyfjagjald	430
08-399	Krabbameinsfélag Íslands: Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20
08-399	Minningarsjóður Landspítalans: Samúðarskeyti Landssímans	700
08-471	Gæsluvistarsjóður: Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	440
09-971	Ríkisábyrgðasjóður: Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	13 000

10-211	Vegagerð ríkisins:	Pús. kr.
	Gúmmígjald	1 500
	Innflutningsgjald af bensíni	406 800
	Bifreiðaskattur	160 000
10-332	Vitastofnun Íslands:	
	Vitagjald	1 500
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	600
10-471	Flugmálastjórn:	
	Flugvallagjald	39 000
10-672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	400
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	3 000
11-301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	7 450
11-371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	120 000
	Samtals	1 325 622

11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda

	%	%
Beinir skattar		19,0
Eignarskattar	2,8	
Tekjuskattar	16,2	
Óbeinir skattar		79,6
Gjöld af innflutningi	16,5	
Gjöld af framleiðslu	7,5	
Gjöld af seldri vöru og þjónustu	49,5	
Aðrir óbeinir skattar	6,1	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,2
Ýmsar tekjur		1,2
Samtals		100,0

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1981, fjárlögum 1982 og frumvarpi til fjárlaga 1983, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti).

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	51 167	51 069	71 761
101 Embætti forseta Íslands	4 787	2 554	3 595
201 Alþingi	38 116	40 815	56 075
301 Ríkisstjórn	6 242	5 259	7 965
401 Hæstiréttur	2 022	2 441	4 126
01 Forsætisráðuneyti	50 222	64 211	86 925
101 Aðalskrifstofa	7 971	7 151	8 615
102 Þjóðhagsstofnun	2 515	2 547	4 018
171 Bygðasjóður, framlag	37 500	52 500	69 825
901 Húsameistari ríkisins	1 222	1 052	1 572
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	1 014	961	2 895
02 Menntamálaráðuneyti	945 168	1 178 898	1 798 569
101 Aðalskrifstofa	10 597	10 819	16 839
102 Húsakaup Laugavegi 166, Rvk., hluti	94	—	—
201 Háskóli Íslands	75 180	94 791	145 197
202 Tilraunastöð háskólans á Keldum ...	2 944	2 848	4 465
203 Raunvísindastofnun háskólans	8 934	10 275	15 111
205 Stofnun Árna Magnússonar á Ís- landi	2 600	3 739	4 932
206 Orðabók háskólans	912	1 112	1 704
207 Íslensk málnefnd	—	—	345
231 Náttúrufræðistofnun Íslands	1 872	2 203	3 719
232 Rannsóknaráð ríkisins	1 606	1 940	2 533
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	2 139	3 176	4 705
301 Menntaskólinn í Reykjavík	9 592	10 385	16 060
302 Menntaskólinn á Akureyri	8 488	9 335	13 558
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	3 008	2 888	4 590
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	13 587	14 395	21 758
305 Menntaskólinn við Sund	9 222	12 310	16 105
306 Menntaskólinn á Ísafirði	4 614	7 162	9 690
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	5 328	6 109	9 813
308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	3 203	4 361	7 719
319 Framhaldsskólar, almennt	1 329	6 276	7 923
321 Kennaraháskóli Íslands	13 694	19 526	28 256
322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennara- háskólans	4 093	4 391	6 118
331 Íþróttakennaraskóli Íslands	1 936	6 174	11 598
336 Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	379	511	528
351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík	26 877	31 213	44 695

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.	
352	Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	6 767	7 502	12 160
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	6 868	7 938	10 203
354	Fjölbrautaskólinn á Akranesi	6 141	10 232	14 922
355	Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	2 467	2 784	4 188
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	4 147	6 508	9 731
357	Fjölbrautaskólinn á Selfossi	2 042	6 405	10 433
358	Framhaldsskólinn í Neskaupstað	512	2 053	4 081
359	Verkmenntaskóli á Akureyri	—	3 300	6 100
422	Námsháskólinn	8 779	10 473	15 529
423	Endurskoðun námsefnis	4 414	5 134	7 713
431	Iðnfræðsluráð	2 131	2 863	4 157
501	Tækniskóli Íslands	8 466	10 280	14 706
506	Vélskóli Íslands	6 537	6 887	9 924
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	2 576	3 002	4 211
514	Iðnskólinn í Reykjavík	18 302	20 564	29 947
515	Iðnskólar utan Reykjavíkur	10 016	7 694	11 011
516	Iðnskólar, almennt	—	2 412	3 096
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	1 626	1 572	3 659
518	Fiskvinnsluskólinn	1 376	6 853	7 157
521	Hjúkrunarskóli Íslands	3 615	7 826	11 326
522	Nýi hjúkrunarskólinn	932	1 076	1 644
523	Fósturskóli Íslands	2 254	2 998	5 003
553	Hússtjórnarskólar	4 578	5 099	7 179
561	Myndlista- og handíðaskólinn	2 598	2 774	4 325
562	Leiklistarskólinn	1 731	1 651	2 628
563	Tónlistarfræðsla	15 738	18 820	28 853
571	Sjómannaskólahúsið	2 543	3 335	4 415
580	Samvinnuskólinn	3 000	3 369	4 518
581	Verzlunarskóli Íslands	7 700	9 186	14 267
601	Héraðsskólinn Reykholti	3 628	2 562	3 696
602	Héraðsskólinn Núpi	2 511	2 261	3 272
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	1 457	1 248	1 881
604	Héraðsskólinn Reykjum	2 521	2 151	3 268
605	Alþýðuskólinn Eiðum	4 131	2 459	3 854
606	Héraðsskólinn Skógum	2 217	2 133	3 166
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	1 663	1 630	2 574
609	Héraðsskólinn Laugum	2 463	2 220	3 344
610	Héraðsskólar, almennt	—	6 250	5 230
621	Skálholtsskóli	1 135	897	1 232
679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	47	—	—
700	Grunnskólar, Reykjavík	90 542	92 148	135 546
710	Grunnskólar, Reykjanesi	76 113	72 652	121 258
730	Grunnskólar, Vesturlandi	32 256	29 567	46 638
740	Grunnskólar, Vestfjörðum	19 607	21 703	35 306
750	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	22 736	22 429	35 203

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
760 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	48 063	46 383	71 584
770 Grunnskólar, Austurlandi	26 471	25 324	40 489
780 Grunnskólar, Suðurlandi	37 914	39 062	58 477
791 Grunnskólar, almennt	4 775	11 669	17 310
792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög	250	65 609	81 420
797 Skólar fyrir þroskaheft börn	24 284	22 284	36 873
799 Heyrnleysingjaskólinn	4 693	5 542	8 447
802 Vernd barna og ungmenna	805	814	1 610
803 Dagvistarheimli, stofnkostnaður	10 724	15 000	22 000
871 Unglingaheimili ríkisins	2 876	1 940	1 986
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna ...	82 472	117 252	214 943
881 Náms- og fræðimenn, framlög	4 580	4 279	4 720
883 Lektorar í íslensku við erlenda há- skóla	79	161	236
884 Jöfnun á námskostnaði	6 392	9 450	14 175
885 Fullorðinsfræðsla	510	345	507
901 Landsbókasafn Íslands	3 126	3 585	5 441
902 Þjóðminjasafn Íslands	4 627	5 691	8 957
903 Þjóðskjalasafn Íslands	1 418	1 976	3 059
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	474	614	791
905 Listasafn Ásgríms Jónssonar	167	224	329
906 Listasafn Einars Jónssonar	359	512	761
907 Listasafn Íslands	1 617	2 165	3 739
908 Kvikmyndasafn Íslands	301	552	535
931 Náttúruverndarráð	2 361	2 711	3 825
972 Ríkisútvarp, sjónvarp	1 505	2 200	1 312
973 Þjóðleikhúsið, framlög	19 733	20 413	28 313
974 Símfóníuhljómsveit Íslands	4 568	5 916	9 409
975 Vísindasjóður	80	80	80
976 Menningarsjóður, framlag	902	1 000	1 610
977 Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu ...	7 649	12 000	15 000
980 Listskreytingasjóður ríkisins	—	—	2 000
982 Listir, framlög	9 743	15 201	27 293
983 Ýmis vísindaleg starfsemi	111	207	156
984 Norræn samvinna	591	1 182	1 411
985 Félagsheimiliasjóður	2 813	7 290	10 352
986 Íþróttasjóður	7 337	10 877	13 575
988 Æskulýðsmál	1 265	1 704	2 303
989 Ýmis íþróttamál	3 175	5 449	7 725
991 Húsfriðun	521	801	2 216
999 Ýmislegt	2 373	2 595	3 085

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
03 Utanríkisráðuneyti	69 967	78 565	128 822
101 Aðalskrifstofa	11 876	10 580	16 369
102 Varnarmáladeild	1 335	1 022	1 908
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflug- velli	14 323	14 487	21 935
301 Sendiráð Íslands í Bonn	1 646	1 780	3 380
302 Sendiráð Íslands í Kaupmanna- höfn	1 800	1 994	3 479
303 Sendiráð Íslands í London	2 235	2 302	4 502
304 Sendiráð Íslands í Moskvu	2 191	1 845	3 971
305 Sendiráð Íslands í Osló	1 834	2 029	3 655
306 Sendiráð Íslands í París og fasta- nefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	2 480	2 445	4 488
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1 729	2 026	3 297
308 Sendiráð Íslands í Washington	2 272	2 999	5 735
309 Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og að- alræðismannsskrifstofa Íslands í New York	2 894	3 490	6 588
311 Sendiráð Íslands í Brussel og fasta- nefnd Íslands hjá NATO	2 638	2 641	4 461
312 Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	1 948	1 867	4 055
313 Sendiráð, almennt	—	—	50
399 Ýmis utanríkismál	7 019	12 532	16 748
401 Alþjóðastofnanir	11 747	14 526	24 201
04 Landbúnaðarráðuneyti	278 755	348 009	558 273
101 Aðalskrifstofa	2 470	2 946	4 423
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	2 664	3 325	4 260
172 Jarðasjóður	145	802	1 003
201 Búnaðarfélag Íslands	6 897	8 700	12 332
205 Veidistjóri	1 669	1 275	1 749
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	12 320	13 706	18 085
207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum	2 113	3 563	5 582
231 Skógrækt ríkisins	8 294	7 183	11 458
235 Landgræðsla ríkisins	13 411	6 408	9 120
241 Landnám ríkisins	2 551	2 225	2 302
242 Mat á landbúnaðarafurðum	515	542	783
243 Sauðfjárveikivarnir	3 453	2 935	4 314
244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	242	292	428
246 Veidimálaskrifstofan	3 292	3 930	5 085
247 Yfirdýralæknir	4 610	5 474	7 661
270 Landgræðslu- og landverndaráætl- un	158	14 248	20 230

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
271 Landgræðslusjóður, framlag	279	360	478
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	491	323	430
286 Landbúnaður, framlög	646	637	1 135
287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	10 289	16 660	20 828
288 Jarðræktarframlög	34 167	48 295	64 843
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðar- afurðir	145 096	160 000	262 650
291 Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973 ...	6 341	5 548	7 976
299 Ýmis starfsemi á sviði landbúnað- armála	3 651	20 200	65 824
501 Bændaskólinn Hvanneyri	6 045	7 450	11 565
502 Bændaskólinn Hólum	4 238	7 465	8 307
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	2 708	3 517	5 422
05 Sjávarútvegsráðuneyti	94 845	122 456	168 449
101 Aðalskrifstofa	3 317	3 872	6 095
201 Fiskifélag Íslands	4 027	5 256	7 817
202 Hafrannsóknastofnun	33 197	39 693	59 786
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ...	5 264	7 289	10 897
215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða	13 149	14 495	21 980
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	656	856	1 308
271 Byggingarsjóður hafrannsókn- skips	50	—	—
272 Bygging rannsóknastofnana sjávar- útvegsins	117	96	128
274 Aflatryggingasjóður	8 694	12 170	15 515
275 Fiskveiðasjóður	17 613	25 960	26 600
298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu	1 945	4 186	5 358
299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs	2 569	3 587	5 246
901 Skrifstofa rannsóknastofnana at- vinnuveganna	4 247	4 996	7 719
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	346 174	328 926	499 688
101 Aðalskrifstofa	4 120	3 957	6 520
102 Stjórnartíðindi	1 543	1 755	2 199
103 Kosningar	1	—	—
201 Hæstiréttur	1 165	1 772	2 382
202 Ríkissaksóknari	2 245	2 696	4 086
203 Borgardómarinn í Reykjavík	4 335	4 721	7 208
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	5 317	4 974	7 502
205 Sakadómur Reykjavíkur	4 037	4 793	7 117
206 Lögreglustjórnin í Reykjavík	61 173	64 317	95 898
207 Bygging lögreglustöðvar í Reykja- vík	324	225	—
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	11 855	12 978	19 790

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
209 Dómhús í Reykjavík	—	100	100
211 Embætti sýslumanna og bæjar- fógeta	322	196	300
212 Bæjarfógeti Akranesi	4 300	3 305	4 992
213 Sýslumaður Borgarnesi	4 624	2 461	3 743
214 Sýslumaður Stykkishólmi	4 928	3 896	5 545
215 Sýslumaður Búðardal	954	1 417	1 973
216 Sýslumaður Patreksfirði	2 625	1 923	2 903
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	1 578	1 034	1 577
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	5 342	3 493	5 104
219 Sýslumaður Hólmavík	1 713	1 049	1 104
221 Sýslumaður Blönduósi	3 280	2 424	3 631
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauð- árkróki	3 707	2 525	3 617
223 Bæjarfógeti Siglufirði	2 303	2 258	3 445
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	1 225	1 126	1 640
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akur- eyri	14 620	10 057	15 032
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	5 820	4 092	5 941
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðis- firði	3 957	2 136	4 537
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	1 396	1 314	2 065
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eski- firði	3 475	4 206	7 509
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	1 960	1 650	2 408
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	1 223	931	1 427
232 Sýslumaður Hvolsvelli	2 556	2 551	3 670
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	5 215	4 615	6 751
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	8 197	5 064	7 531
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Kefla- vík	13 849	9 960	15 011
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnar- firði	15 216	12 975	19 479
237 Bæjarfógeti Kópavogi	9 228	8 004	12 289
238 Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	740	848	1 279
241 Hegningarhús	2 681	2 997	4 496
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	10 372	9 155	15 376
243 Vinnuhælið Kviabryggju	2 006	2 139	3 181
244 Fangelsi við Síðumúla	1 981	2 602	3 731
247 Eftirlitsstofnun með brotamönnum	441	485	751
251 Landhelgisgæslan	54 880	55 407	85 474
252 Bifreiðæftirlit ríkisins	13 109	10 703	15 828
253 Almannavarnir ríkisins	1 754	1 891	1 839
254 Sjómælingar Íslands	2 371	2 640	3 595
255 Umferðarráð	1 306	1 397	2 498

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
262 Löggildingarstofan	571	609	931
281 Dómsmál, ýmis kostnaður	3 274	2 458	6 053
282 Ýmis löggæslukostnaður	2 370	2 939	3 999
283 Fangamál, ýmis kostnaður	1 099	3 253	1 859
284 Áfengis- og fíkniefnamál	75	97	143
301 Þjóðkirkjan	25 616	30 335	50 028
371 Kirkjubyggingasjóður	600	820	1 000
372 Kirkjugarðasjóður	1	1	1
373 Kristnisjóður	1 199	1 200	1 600
07 Félagsmálaráðuneyti	178 039	252 699	402 778
101 Aðalskrifstofa	2 985	3 292	5 055
271 Húsnæðisstofnun ríkisins	47 910	57 200	71 514
272 Byggingarsjóður verkamanna	73 090	111 314	148 050
301 Skipulagsstjóri ríkisins	3 786	5 624	8 389
302 Ríkissáttasemjari	1 560	1 699	2 402
371 Lánasjóður sveitarfélaga, framlag ...	2 992	4 410	5 510
399 Vatnsveitur	1 700	3 200	5 000
951 Brunamálastofnun ríkisins	÷6	1	—
952 Endurhæfingarráð	336	488	707
953 Jafnréttisráð	297	372	722
954 Vinnueftirlit ríkisins	÷772	—	—
971 Erfðafjárjóður, framlag	10 500	9 832	16 185
972 Bjargráðasjóður Íslands	2 430	4 900	8 522
976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra	15 753	28 140	39 960
977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta	3 396	7 174	15 927
978 Heimili fyrir þroskahefta	—	—	47 084
981 Vinnumál	6 418	8 349	11 173
982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjald- þrota	—	—	1 500
999 Ýmis framlög	5 664	6 704	15 078
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 386 107	2 895 282	4 892 308
101 Aðalskrifstofa	4 272	4 256	7 135
271 Tryggingastofnun ríkisins	1 788 603	2 137 900	3 483 000
273 Atvinnuleysistryggingasj., framlag	62 453	78 600	120 000
274 Eftirlaunasjóður aldraðra	7 549	9 818	14 570
301 Landlæknir	2 059	2 137	3 120
302 Ríkisspítalar, skrifstofa	8 314	7 832	12 981
310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar	—	2 567	2 917
311 Rannsóknastofa háskólans	6 637	9 436	12 385
312 Blóðbankinn	5 015	3 082	6 090
319 Matvælarannsóknir ríkisins	1 782	1 921	—
321 Geislavarnir ríkisins	—	223	—

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjarlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins	1 633	1 796	--
323 Tryggingaeftirlitið	258	—	—
324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	4 252	5 256	7 469
325 Hollustuvernd ríkisins	—	—	7 463
371 Landspítalinn	224 741	281 965	420 839
372 Landspítalinn, kvennadeild	35 105	40 939	65 890
373 Kleppsspítali	59 889	66 261	109 048
374 Vífilsstaðaspítali	22 741	23 676	39 038
375 Kristneshæli	8 656	9 765	16 154
376 Kópavogshæli	29 987	32 028	51 308
377 Vistheimilið Gunnarsholti	4 264	3 202	5 222
378 Læknishéraðasjóður	162	350	450
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	54 998	95 141	119 315
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	10 072	24 500	34 790
386 Landakotsspítali	—	—	153 393
387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	—	—	122 729
391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðv- ar	26 364	32 519	51 108
392 Berklavarnir	447	—	—
393 Skólayfirlæknir	354	340	—
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	505	442	639
399 Ýmis heilbrigðismál	10 530	13 921	17 137
471 Gæsluvistarsjóður, framlag	1 832	2 445	3 185
481 Bindindisstarfsemi	703	958	1 181
501 Ljósmaðraskóli Íslands	886	895	1 515
502 Proskapjálfaskóli Íslands	1 044	1 111	2 237
09 Fjármálaráðuneyti	240 706	710 035	1 231 263
101 Aðalskrifstofa	7 565	8 164	12 873
103 Ríkisbókhald	5 903	5 849	8 751
104 Ríkisfjárhirsla	1 793	1 553	2 563
201 Ríkisskattstjóri	6 702	7 159	10 936
202 Skattstofan í Reykjavík	10 216	11 937	18 024
203 Skattstofa Vesturlands, Akranesi	1 415	1 672	2 551
204 Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði	1 216	1 707	2 461
205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglu- firði	1 360	1 630	2 554
206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akur- eyri	2 666	3 097	4 719
207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöð- um	1 357	1 534	2 476
208 Skattstofa Suðurlands, Hellu	1 578	1 692	2 746
209 Skattstofa Vestmannaeyja	664	751	1 137
211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	3 539	4 076	6 225
212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	6 604	4 798	12 358
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1 436	1 732	2 650

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	4 006	3 569	5 235
261 Tollstjórinn í Reykjavík	9 560	10 534	15 870
263 Tollgæslan	12 027	12 520	19 655
282 Tollamál	798	412	6 350
381 Uppbætur á lífeyri	89 403	102 893	225 420
382 Eftirlaun samkvæmt launalögum	619	758	1 124
383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn	809	1 016	1 016
384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur	447	611	611
402 Fasteignamat ríkisins	5 194	4 596	6 893
481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	1 403	25 000	37 000
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	769	218	—
971 Ríkisábyrgðasjóður, framlag	8 381	13 000	20 000
981 Skrifstofubygging við Suðurgötu, Hafnarfirði	6 081	3 600	2 580
989 Vegna launa- og verðlagsmála	—	420 000	511 600
990 Efnahagsráðstafanir	—	—	200 000
999 Ýmislegt	47 195	53 957	84 885
10 Samgönguráðuneyti	621 668	828 698	1 151 151
101 Aðalskrifstofa	2 518	2 686	4 152
211 Vegagerð ríkisins	423 058	593 330	838 000
321 Strandferðir, framlög	31 529	40 546	48 171
325 Rekstrardeild ríkisskipa	1 732	2 021	3 323
331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa	3 862	4 007	4 527
332 Vitastofnun Íslands	9 357	9 809	16 489
333 Hafnarmál	52 508	77 402	98 294
341 Siglingamálastofnun ríkisins	6 899	6 949	8 849
342 Sjóslýsanefnd	299	392	294
471 Flugmálastjórn	69 417	67 314	92 834
485 Ýmis framlög	953	1 145	1 495
651 Ferðamálaráð	3 487	4 250	6 299
652 Veðurstofa Íslands	13 822	17 113	25 888
656 Landmælingar Íslands	1 665	1 334	2 136
672 Sérleyfissjóður	562	400	400
11 Iðnaðarráðuneyti	275 668	260 178	420 728
101 Aðalskrifstofa	3 374	3 441	5 624
201 Iðntæknistofnun Íslands	6 453	8 089	12 315
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	5 298	5 674	8 399
204 Verkstjórnarnámskeið	303	349	415
205 Stjórnunarnámskeið	295	331	477

	Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
206 Námskeið í stjórn vinnuvéla	200	284	421
207 Eftirmenntun í iðju og iðnaði	300	600	1 300
221 Lánasjóðir iðnaðarins	15 982	10 500	17 189
234 Lagmetisiðjan Siglósiöld	1 000	1 000	2 500
235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög	1 604	2 176	2 894
240 Iðnaðarrannsóknir	—	—	4 000
289 Jöfnunargjald	20 854	29 866	43 355
299 Iðja og iðnaður, framlög	7 816	3 572	5 050
301 Orkustofnun	27 521	39 177	57 631
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	5 216	5 319	7 979
311 Landsvirkjun, eiginfjárframlag	3 820	—	—
321 Rafmagnsveitur ríkisins	25 428	7 750	12 170
371 Orkusjóður	148 233	135 450	233 409
399 Ýmis orkumál	1 971	6 600	5 600
12 Viðskiptaráðuneyti	426 188	506 730	884 625
101 Aðalskrifstofa	3 377	3 997	6 464
201 Niðurgreiðslur á vöruverði	388 500	466 000	839 000
202 Styrkur vegna olíunotkunar til hús- hitunar	28 759	30 000	29 200
902 Verðlagsstofnun	5 135	6 238	9 456
903 Skráning hlutafélaga	417	495	505
13 Hagstofa Íslands	4 615	5 796	9 102
101 Aðalskrifstofa	3 406	4 249	6 801
102 Þjóðskráin	1 209	1 547	2 301
14 Ríkisendurskoðun	5 735	7 049	10 755
101 Aðalskrifstofa	5 735	7 049	10 755
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	154 271	270 519	375 790
101 Aðalskrifstofa	3 201	3 751	5 759
181 Ríkisbifreiðar, framlög	—	700	1 000
182 Tölvumál	341	3 076	4 031
991 Ýmis lán ríkissjóðs	150 729	262 992	365 000
Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)	6 129 295	7 909 120	12 690 987

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til fjárlaga, sem hér er lagt fram, mótast af miklum efnahagserfiðleikum, er steðja að landsmönnum um þessar mundir. Um langt árabil hefur ekki horft jafnilla í efnahagsmálum flestra ríkja sem einmitt nú. Fullsýnt er, að þjóðarframleiðsla og þjóðar-
tekjur landsmanna dragast saman á árinu 1982 og til frekari samdráttar kann að koma á árinu 1983. Til viðbótar óvenjulega erfiðum ytri aðstæðum, lágu verði á afurðum og sölutregðu á sjávarafurðum og iðnaðarvörum kemur alvarlegur aflabrestur, stöðvun loðnu-
veiði og minnkandi þorskveiði. Við aðstæður sem þessar fer ekki hjá því að minna verði til skiptanna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna en áður var.

Fjárlagafrumvarpið einkennist eins og fyrri frumvörp þessarar ríkisstjórnar af eindregnum vilja til að tryggja hallalausán rekstur ríkissjóðs. Fjárfestingar ríkisstofnana og framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga minnka að magni til. Hins vegar er leitast við að tryggja fólkinu í landinu óskerta félagslega þjónustu.

Ríkisstjórnin hefur tvívegis á árinu gripið til meiri háttar efnahagsráðstafana. Í lok janúarmánaðar beitti ríkisstjórnin sér fyrir verulegri niðurfærslu verðlags með stórauðnum niðurgreiðslum, lækkun aðflutningsgjalda, lækkun launaskatts á iðnaði og lækkun stimpil-
gjalda. Jafnframt voru áætluð útgjöld ríkissjóðs á árinu 1982 lækkuð um 120 m. kr. með ýmiss konar sparnaðar- og aðhaldsaðgerðum. Ráðstafanir þessar náðu tilgangi sínum á fyrri hluta ársins og áformaður sparnaður ríkissjóðs hefur í meginatriðum staðist. Hins vegar voru nýjar aðgerðir óhjákvæmilegar um mitt ár til að styrkja stöðu útgerðar og fiskvinnslu eftir að verulegur aflsamdráttur lá fyrir ásamt sölutregðu á skreið. Með setningu bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsráðstafanir í ágúst mánuði síðast liðnum var gengi krónunnar lækkað í þágu útflutningsatvinnuvega, tímabundið vörugjald hækkað og stefnt að samræmdri lækkun búvöruverðs, fiskverðs og verðbóta á laun 1. desember n. k. ásamt lækkun verslunarálagningar í kjölfar gengisbreytingar. Einnig voru ákvarðanir teknar um sérstakar bætur til láglaunafólks og fjárveitingar auknar til Byggingarsjóðs ríkisins.

Á undangengnum árum hefur fjárhagur ríkissjóðs breyst mjög til batnaðar. Á árunum 1975—1978 svaraði skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands til 4—5,2% af vergri þjóðar-
framleiðslu. Í árslok 1981 var skuldin hins vegar komin niður í 1,1% af vergri þjóðarfram-
leiðslu.

Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1980 sem lagður var fram á s. l. ári var rekstraraf-
gangur ríkissjóðs um 3,7% af heildarútgjöldum.

Ríkisreikningur fyrir árið 1981 liggur nú fyrir. Heildartekjur ríkissjóðs voru 6 304 m. kr. og heildarútgjöld 6 129 m. kr. Rekstrarafgangur hefur því verið 175 m. kr. eða sem svarar 2,9% af heildarútgjöldum.

Á árinu 1982 hefur fjárhagur ríkissjóðs áfram verið í viðunandi jafnvægi. Í ágústlok voru tekjur ríkissjóðs samkvæmt bráðabirgðauppgjöri um 5 656 m. kr. en útgjöld 5 710 m. kr. Útgjöld voru því um 54 m. kr. umfram tekjur eða sem svarar tæplega 1% af útgjöldum. Til samanburðar má rifja upp stöðu ríkissjóðs fyrstu átta mánuðina undanfarin ár:

Árið 1978	-6,1%	Árið 1981	-1,5%
Árið 1979	-7,6%	árið 1982	-1,0%
Árið 1980	-1,0%		

Meðal aðhaldsaðgerða sem reyndar hafa verið á þessu ári er aukið eftirlit með yfirvinnugreiðslum til opinberra starfsmanna og auknar hömlur á utanferðum. Sérstök nefnd ráðuneytisstjóra athugar ástæður til utanferða á vegum ríkisstofnana og hefur þegar orðið talsverður árangur í aðhaldsátt af þessu aukna eftirliti.

Enda þótt afkoma ríkissjóðs sé viðunandi á fyrstu átta mánuðum ársins er þó augljóst, að meiri óvissa ríkir nú um marga þætti ríkisfjármálanna en oft áður. Tekjur ríkissjóðs voru óvenjumiklar á fyrstu mánuðum ársins vegna mikils innflutnings og veltu í þjóðfélaginu. Á

síðustu vikum og mánuðum hefur þó komið fram samdráttur í tekjum og verður að ætla að verulegur afturkippur komi í tekjur á seinasta hluta ársins vegna samdráttar í efnahagskerfinu. Getur þá brugðið til beggja vona um niðurstöðu í árslok og vafalaust verður rekstrarafgangur ríkissjóðs minni á þessu ári en undanfarin tvö ár.

Reiknitala fjárlagafrumvarps er miðuð við 42% hækkun verðlags milli árána 1982 og 1983. Rétt er að minna á, að reiknitala fjárlaga hefur aldrei verið verðbólguþá fyrir komandi ár. Lengi vel var ekki gert ráð fyrir neinni verðbólgu í fjárlögum en látið nægja að hækka fjárlög sem nam mismun á fjárlögum seinasta árs og raunverulegri verðbólguþróun. Á seinni árum hefur verðbólguþróun á komandi ári verið tekin með í áætlunartölur fjárlaga að vissu marki. Til viðbótar reiknitölu fjárlaga, 42% verðlagshækkun fyrir komandi ár, verður að taka tillit til þess, sérstaklega í launa- og rekstrarliðum, að verðbólga verður talsvert meiri árið 1982 en fjárlög þess árs gerðu ráð fyrir. Af þessum sökum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1983 um 60,5% frá fjárlögum 1982.

Áætluð útgjöld ársins 1982 eru um 8 932 m. kr. í stað 7 909 m. kr. í fjárlögum, sem bæði skýrist af meiri verðbólgu en reiknað var með, eins og áður segir, og stóruáætlunum niðurgreiðslum á árinu vegna aðgerða í efnahagsmálum. Miðað við þessa áætlun útkomu ársins 1982 hækka útgjöld þessa frumvarps um 42,1%.

Þrátt fyrir áætlaða 42% verðlagshækkun er ekki gert ráð fyrir að ýmsir mikilvægir tekjuliðir hækki samsvarandi. Ástæðan er að sjálfsögðu fyrirsjáanlegur samdráttur í þjóðartekjum og viðskiptaveltu. Á þetta einkum við sölugjald sem hækkar aðeins um 33,2% frá áætlunum tekjum þessa árs og aðflutningsgjöld sem aðeins hækka um 27,4% frá áætlunum tekjum ársins.

Þrátt fyrir verulegan samdrátt í fjárfestingu og margháttadar aðrar aðhaldsaðgerðir, sem ýmsar stofnanir eiga sjálfsagt eftir að kvarta yfir, verður ekki fram hjá því komist vegna þessa mikla samdráttar í viðskiptum og veltu, sem virðist óhjákvæmilegur og bráðnaudsynlegur eins og sakir standa, að afgreiða fjárlög að þessu sinni með minni rekstrarafgangi en verið hefur undanfarin tvö ár. Í frumvarpinu er hann áætlaður 82 millj. kr. og minnkar sennilega í meðförum Alþingis, ef að venju lætur.

Hinn 28. júlí s. l. skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að yfirfara og endurskoða ákvæði frumvarps þess til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem lagt var fyrir Alþingi á s. l. hausti. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum, Sambandi ísl. sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti en ríkisskattstjóri mun verða hópnun til ráðuneytis. Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu um áratugaskeið og hefur mikilli vinnu verið varið til að undirbúa upptöku slíks kerfis hér á landi. Tvívegis hafa verið lögð fyrir Alþingi viðamikil frumvörp um þetta efni, en í bæði skiptin hefur þau dagað uppi. Allir þingflokkar og flestir hagsmunaaðilar hafa opinberlega lýst yfir fylgi sínu við staðgreiðslu opinberra gjalda en þegar á hefur reynt, hefur ekki verið þrýst á um afgreiðslu málsins og viðbrögð við frumvarpi því sem lagt var fram í fyrra voru heldur neikvæð.

Sú óvissa sem ríkt hefur um framtíðarskipulag á innheimtu opinberra gjalda hefur verið mjög óheppileg og tvímælalaust hindrað vélvæðingu og hagræðingu á þessu sviði. Með skipan starfshópsins er að því stefnt að binda endi á þetta óvissuástand. Er starfshópnum ætlað að kanna til þrautar hvort hægt sé að ná almennri samstöðu um texta staðgreiðslufrumvarps, sem dugir til að tryggja málinu brautargengi. Ef það tekst ekki í þessari lotu, virðist einsýnt að leggja verður hugmyndina um staðgreiðslukerfi á hilluna í bili og beina kröftunum að öðrum brýnum verkefnum á sviði skattamála. Meðal þessara verkefna er endurskoðun á söluskattskerfinu, en eins og kunnugt er hefur hin almenna óbeina skattlagning verið burðarásinn í tekjum ríkissjóðs á síðustu árum. En spurningin er hvort kerfi söluskattsálagninga sé ekki gallað í grundvallaratriðum. Árið 1975 var gefin út yfirgripsmikil greinargerð um virðisaukaskatt, en í grannlöndum okkar hefur það skattform nú hvarvetna komið í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta. Er nú á vegum fjármálaráðuneytisins hafin samning frumvarps um virðisaukaskatt og er að því stefnt, að drög að frumvarpi um þetta efni verði tilbúin í byrjun næsta árs. Þessum frumvarpsdrögum er ætlað

það hlutverk að leggja grundvöll að umræðum um endanlega stefnumótun á þessu sviði. Nýlega var gefin út ný reglugerð um innheimtu söluskatts á grundvelli laga sem sett voru á s. l. vori. Er innheimta verulega hert og eftirlit aukið.

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist í grófum dráttum af þrennu. Í fyrsta lagi eru útgjöld vegna rekstrar- og neyslutilfærslna til atvinnuvega og einstaklinga nokkru þyngri gjaldaliðir í þessu frumvarpi en var í frumvarpi fyrir árið 1982. Niðurgreiðslur og útlutningsbætur eru hvorar tveggja útgjaldaliðir, sem aukist hafa yfir 60% frá fjárlögum. Útgjöld til almannatryggingakerfis, bótafjárhæðir lífeyristrygginga, útgjöld vegna lyfjakostnaðar o. fl. hækka einnig mjög mikið. Þá má nefna að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækkar um 82%, m. a. vegna ákvæða um aukna þátttöku sjóðsins í umframfjárförf námsmanna. Í annan stað einkennir þetta frumvarp, að framlög til opinberra byggingarframkvæmda og fjárfestingarlánasjóða eru skert allnokkuð að raungildi. Framlög til fjárfestingar atvinnuveganna hækka almennt um 33% frá því sem ákveðið var með lánsfjárlögum nr. 13/1982. Þegar í hlut eiga sjóðir sem aðallega veita bein framlög en ekki verðtryggð lán, t. d. Framkvæmdasjóður aldraðra og Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, hækka framlög um 42% milli ára. Í þriðja lagi einkennist frumvarpið af aðhaldssemi í rekstrarfjárförlögum til stofnana og fyrirtækja. Mjög fáar nýjar stöður bætast við og ný verkefni bætast ekki við nema lög kveði svo á um eða verkefni geti talist óhjákvæmileg. Um einstaka gjaldaliði vísast til greinargerðar frumvarpsins hér á eftir. Nokkur málefni er þó rétt að fjalla um sérstaklega.

Framlög til vegamála nema alls 838 m. kr., sem samsvarar 2,0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu 1983. Stefnt er að því að framlög til vegamála á árinu nemi um 2,1% af vergri þjóðarframleiðslu. Er m. a. í því sambandi gert ráð fyrir að leitað verði til Bygðasjóðs um hliðstæð framlög til vegamála eins og veitt eru á yfirstandandi ári jafnframt því, sem tekjur og tekjustofnar vegasjóðs verða endurskoðuð.

Framlög til málefna þroskaheftra, bæði vistunar og kennslu þessa fólks, aukast frá því sem er 1982. Á árinu 1982 taka til starfa í flestum landshlutum vistheimili og stofnanir þroskaheftra. Rekstur þessara stofnana er æði kostnaðarsamur, en áhersla er á það lögð að unnt reynist að reka þær stofnanir, sem settar hafa verið á fót. Þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir beinum fjárveitingum til fjögurra viststofnana sem fjármagnaðar hafa verið með daggjöldum.

Með lögum nr. 59/1982 veitti Alþingi heimild til þess, að fjármögnun á rekstri sjúkrahöfnana og vistheimila fari fram með beinum fjárveitingum í stað daggjalda. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur því til að færa Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á svokölluð föst fjárlög frá og með næstu áramótum. Til þess tíma er nauðsynlegt að kannaðir verði ýmsir þættir sem annars vegar snerta kostnaðarhlutdeild sjúkrasamlaga í rekstri sjúkrahúsanna og hins vegar aðra útgjaldaliði sjúkrasamlaga.

Í frumvarpinu eru 200 m. kr. ætlaðar sérstaklega á árinu 1983 til þess að mæta útgjöldum vegna aðgerða, sem getið er í ágústyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hér er fyrst og fremst um að ræða láglaunabætur á árinu 1983 að upphæð 125 m. kr., sem koma til viðbótar 50 m. kr. greiðslum í sama tilgangi nú í desember. Einnig er um að ræða viðbótarframlag til húsnæðismála eins og áður er komið fram.

Lánajöfnuður ríkissjóðs er þannig, að endurgreiðslur lána auk framlaga til hlutafélaga nema 42 m. kr. hærri fjárhæð en áætlaðar lántökur. Lánsfjáröflun til A-hluta ríkissjóðs nemur alls 525 m. kr. eða 40,3% hærri fjárhæð en ákveðið var í lánsfjárlögum 1982. Lánsfjáröflunar til framkvæmda fyrirtækja ríkissjóðs í B-hluta hefur að jafnaði verið getið í fjárlagafrumvarpinu, þó svo þær fjárhæðir sem þar hafa birst hafi iðulega tekið breytingum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum. Að hluta til er ólukið umfjöllun um fjárfestingu og lánsfjáröflun, einkum í orkugeiranum. Mun Alþingi gerð grein fyrir áformum ríkisstjórnarinnar í þessu efni í lánsfjáráætlun, en að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 hefur verið unnið jafnhliða fjárlagafrumvarpinu og verður hún væntanlega lögð fyrir Alþingi að nokkrum vikum liðnum.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1982

Meginforsendur frumvarpsins

Gerð fjárlagafrumvarps 1983 er byggð á tilteknum reikniforsendum um þróun launa, verðlags og gengis milli árunna 1982 og 1983. Miðað er við 42% almenna verðlagshækkun frá meðaltali ársins 1982 til meðaltals 1983. Gengið er út frá að verðhækkun í helstu viðskiptalöndum nemi um 2—3% og að hækkun innflutningsverðs auk gengisaðlögunar nemi um 42% eins og almennt verðlag.

Launaáætlun einstakra stofnana er í frumvarpinu sett á áætlað launastig um næstu áramót og er þá miðað við 7,5% hækkun verðbótavísitölu 1. des. n. k. að viðbættum 4% vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna. Á sérstökum fjárlagalið er fjárveiting að fjárhæð 482 m. kr. sem ætluð er til að mæta verðbótahækkunum launa á árinu 1983 auk launahækkunar vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna umfram það sem þegar er getið. Þar sem aðalkjarasamningar og sérkjarasamningar við fjölmenna hópa ríkisstarfs- manna eru sem stendur ófrágengnir leiðréttist launaliður einstakra stofnana um n. k. áramót. Að því er varðar almennt rekstrarfé stofnana er gengið út frá því að framlög hækki um 40—42% frá fjárlögum 1982.

Áætlun um framkvæmdaframlög eru almennt miðuð við að framlög til meiri háttar framkvæmdaflokka hækki um 28—30% frá framkvæmd fjárlaga 1982. Á það skal minnst að framlög til framkvæmda- og fjárfestingarlánasjóða voru lækkuð um 6% sem hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í febrúar 1982. Tillögur um framlög til einstakra framkvæmda eru við það miðaðar að fjárveitingar nægi eftir því sem við á til heillegra byggingaráfanga. Framlög til fjárfestingarlánasjóða eru á sama hátt og undanfarin ár nokkru lægri en einstök lög gera ráð fyrir, en þó miðuð við þá almennu reglu, að framlög aukist um 33% frá framkvæmd fjárlaga 1982.

Tekjuáætlun frumvarpsins er reist á þeim reikniforsendum um breytingar verðlags og kauplags, sem raktar eru hér að framan, á þjóðhagsspá fyrir árið 1983, svo og áætlun um tekjuinnheimtu 1982. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við, að velta dragist saman um 5% að raungildi milli 1982 og 1983. Varðandi aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 8% minnkun almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 2% í erlendri mynt en um nálega 42% í krónum að meðaltali milli árunna 1982 og 1983. Áætlanir um tekjuskatta einstaklinga eru miðaðar við, að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs milli 1981 og 1982. Gert er ráð fyrir, að skattvísitala verði ákveðin 152 stig miðað við 100 1982 í samræmi við áætlaða breytingu tekna milli árunna 1981 og 1982. Í tekjuáætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir, að lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og sjúkratryggingagjald verði framlengd til ársloka 1983 og sama gildi um lagaákvæði um innheimtu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi falli niður í febrúarlök 1983 eins og gildandi lög kveða á um.

Áætlun um rekstur fyrirtækja í B-hluta frumvarpsins, sem ekki fá framlög úr ríkissjóði, miðast almennt við verðlag á áætlunartímanum, en um rekstur B-hluta aðila og einkum mikilvæg gjaldskrármál þeirra verður að venju fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Þá er einnig í nokkrum tilvikum ólokið umfjöllun um fjárfestingar- og lánsfjármál orkufyrirtækja í B-hluta og fjármál Húsnæðisstofnunar ríkisins. Um þessi mál mun m. a. fjallað í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1983.

Gjaldahlíð

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru ætluð 12 691 m. kr. á árinu 1983 og er það um 60,5% hækkun frá fjárlögum 1982. Hafa ber í huga við slíkan samanburð að fjárlagatölur ársins 1982 eru lægri heldur en talið er að verði í reynd. Kemur þar einkum til, að hækkun

verðlags milli árána 1981 og 1982 verður nær 48—50% samanborið við reikniforsendu fjárlaga þessa árs sem var 33%. Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar í febrúar 1982 höfðu nokkur áhrif á tekju- og gjaldahlíð fjárlaganna. M. a. voru niðurgreiðslur auknar, framlög til fjárfestingarsjóða og verklegra framkvæmda lækkuð auk þess sem breytingar voru gerðar á tekjuhlíð fjárlaganna. Ennfremur er ljóst að aukning í almannatryggingakerfinu hefur reynst meiri en áætlað var fyrir í fjárlagaáætlun ársins 1982. Kemur þar fyrst og fremst til aukning útgjalda sjúkratrygginga og aukin útgjöld samfara hækkun lífeyrisbóta. Um mitt ár 1982 var útgjaldahlíð ríkisfjármála endurmetin með tilliti til framangreindrar þróunar og var niðurstaðan á sambærilegum grundvelli sú að útgjöld ársins 1982 gætu numið 8 932 m. kr. Sé þessi tala lögð til grundvallar nemur hækkun gjalda fjárlagafrumvarps 1983 42,1%.

Á eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á helstu tegundum útgjalda í frumvarpinu og gildandi fjárlögum og þar á eftir fer stutt yfirlit um einstaka gjaldaflokka. Tölur eru tilfærðar í milljónum króna, en þess skal jafnframt getið að allar fjárhæðir í 1.—6. grein frumvarpsins eru í þúsundum króna.

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun %
Laun	2 198	3 731	69,7
Önnur rekstrargjöld	521	904	73,5
Viðhald	249	352	41,4
Vextir	263	365	38,8
Almannatryggingar	2 138	3 483	62,9
Niðurgreiðslur	466	839	80,0
Útflutningsbætur	160	263	64,4
Efnahagsráðstafanir	125	200	60,0
Aðrar rekstrartilfærslur	609	954	56,7
	6 729	11 091	64,8
Sértekjur	153	252	64,7
Rekstrarliðir samtals	6 576	10 839	64,8
Framkvæmdaframlög:			
Verklegr framkvæmdir	827	1 084	31,1
Fjárfestingarstyrkir	52	81	55,8
Framlög til sjóða og lána­greiðslna	454	687	51,3
Framkvæmdaframlög alls	1 333	1 852	38,9
Útgjöld samtals	7 909	12 691	60,5

Laun. Launaliður frumvarpsins nemur í heild 3 731 m. kr. og er það 69,7% hækkun frá fjárlagatölu 1982. Á eftirfarandi yfirliti eru sýndir helstu þættir sem skýra hækkun launaliðarins frá fjárlögum ársins 1982.

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun %
1. Launaliðir alls	2 198	3 731	69,7
÷ Launahækkun komandi ár	295	482	
2. Launaliður á áramótaverðlagi hvors árs	1 903	3 249	70,7
3. Skýringar á hækkun:			
— tilfærslur á launalið	—	241	
— viðbætur, aukin starfsemi	—	14	
— grunntaxtahækkun	—	925	
— flokkaskrið, sérkjarasamningar og gengisáhrif ...	—	167	

Laun einstakra stofnana eru áætluð á verðlagi um n. k. áramót eins og fram er komið. Bæði í fjárlögum ársins 1982 og frumvarpi ársins 1983 eru sérstakar fjárhæðir til þess að mæta launahækkun komandi árs. Vegin meðalhækkun launa 1983 er talin 14,5%, þ. a.

10,5% vegna hækkunar verðbótavísitölu og 4% vegna áhrifa kjarasamninga ríkisstarfsmanna umfram það sem þegar er áætlað í framlögum til stofnana. Fjárveiting vegna þessa nemur alls 482 m. kr. á árinu 1983.

Hækkun launaliðarins er í meginráttum fjórpætt:

Í fyrsta lagi hækka launaliðir vegna ákvörðunar um að færa fjárveitingarliði sem áður töldust til yfirfærslna, og vegur þyngst tilfærsla á Landakotsspítala, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og heimilum þroskaheftra af daggjöldum almannatrygginganna á föst fjárlög. Alls skýrir tilfærsla þessara stofnana 227 m. kr. Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta taldist að meginefni til sem yfirfærsla til einstaklinga og samtaka í fjárlögum ársins 1982. Í frumvarpi ársins 1983 er talið réttara að flokka útgjöld vegna þessa sem laun, rekstrargjöld o. s. frv. og veldur þetta um 14 m. kr. hækkun launaliðarins.

Í öðru lagi er um að ræða hreinar viðbætur á launalið. Talið er að nemendum á framhaldsskólastigi fjölgi milli skólaáranna 1981/82 og 1982/83 um allt að 4% og er tekið tillit til þessa. Aukning launaútgjalda vegna þessa er metin um 4—6 m. kr. Aftur á móti er ekki um að ræða aukningu útgjalda á grunnskólastigi vegna aukinnar kennslu enda fjölgar nemendum þar óverulega. Áætlað er fyrir heilsárslaunum 11 stöðugilda á ríkisspítölum sem fjárveitinganefnd heimilaði á árinu 1982, auk 6 stöðugilda sem heimiluð voru 1982 vegna flutnings sjúklinga á vegum ríkisspítala frá Stykkishólmi til Reykjavíkur. Þetta eykur launaútgjöld um 4 m. kr. Í frumvarpinu hafa verið áætluð laun vegna nokkurra nýrra stöðugilda sem er skýrt í greinargerðinni hér að neðan, alls um 6 m. kr.

Í þriðja lagi hækkar launaliðurinn vegna almennrar hækkunar á launatöxtum, þ. e. hækkun verðbótavísitölu launa og almenn grunllaunahækkun. Launaliðir stofnana í fjárlögum 1982 eru á áætluðu verðlagi um áramót 1981/82 og laun stofnana á árinu 1983 eru á áætluðu verðlagi um n. k. áramót. Launaliður stofnana hækkar um 48,6% vegna almennrar launataxtabreytingar sem skýrist þannig. Fyrst er áætlað fyrir 3,25% hækkun launa vegna niðurstöðu kjaradóms sem gildi frá nóvember 1981 og 0,7% vegna launataxtasamræmingar BSRB og BHM. Einnig er áætlað fyrir 4,0% almennri grunllaunahækkun ríkisstarfsmanna vegna nýgerðs kjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra og við það miðað að sama launahækkun nái til annarra hópa ríkisstarfsmanna. Verðbótavísitala hefur á árinu 1982 hækkað þannig: 7,51% 1. mars; 10,33% 1. júní; 7,5% 1. september og áætluð hækkun 1. desember er 7,5%.

Í fjórða lagi skýrist stór hluti hækkunar launaliðarins af margs konar launabreytingum sem ná fyrst og fremst til tiltekinna hópa ríkisstarfsmanna. Laun lækna og hjúkrunarstétta hafa hækkað umfram það sem áætlað var í fjárlögum ársins 1982. Áhrif þessa teygja sig að hluta aftur til miðs árs 1981 þegar gerðir voru kjarasamningar við lækna. Sérkjarasamningar við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða skýra einnig allverulega hækkun launaliðar heilbrigðisstofnana. Hjá kennurum grunnskóla og framhaldsskóla hefur orðið umtalsvert launaflokka-skið allt frá einum upp í þrjá flokka. Aðrir, fjölmennir starfshópar hafa áunnið sér launaréttindi vegna starfsaldurs eða annarra ákvæða, en þessir þættir verða ekki sundurliðaðir með einföldu móti. Að síðustu má nefna að laun sendiráðsstarfsmanna hækka almennt umfram áður nefnd 48,6% vegna gengisbreytinga.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaflokkur nemur alls 904 m. kr. og er hækkunin frá fjárlögum 1982 73,5%. Við áætlun þessa liðar hefur verið tekið tillit til þess að almenn reikniforsenda verðlags milli árána 1982 og 1983 er 40—42%. Mikil hlutfallsleg hækkun þessa útgjaldaliðar skýrist fremur öðru af tilfærslu útgjalda eins og getið er um í skýringum um launalið. Að frádregnum rekstrargjöldum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Landakotsspítala og heimila þroskaheftra hækka önnur rekstrargjöld um 51,7% sem felur í sér nokkra aukningu. Rekstrarútgjöld ríkisspítala og framhaldsskólastigsins aukast nokkuð umfram reikniforsendu vegna aukinnar starfsemi.

Viðhald. Viðhaldsliður er í heild 352 m. kr. í frumvarpinu og er það 41,4% hækkun frá fjárlagatölu ársins 1982. Vegaviðhald nemur rúmlega 67% alls viðhalds og er það svipað hlutfall og verið hefur. Til annars viðhalds en vega renna því 115 m. kr. Að teknu tilliti til þeirra stofnana sem nú fá fjárveitingu beint úr ríkissjóði í stað daggjalda hækkar viðhald um 38%.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 365 m. kr. eða 38,8% hærri en í fjárlögum 1982. Áætlunin er byggð á forsendum frumvarpsins um hækkun hlutaðeigandi vísitalna að því er tekur til verðtryggðra lána og gengis varðandi erlend lán, auk þess sem nettóbreyting á skuldastöðu ríkissjóðs bæði við Seðlabanka og aðra aðila hefur áhrif á áætlunartöluna.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga eru áætluð samtals 3 483 m. kr. í frumvarpinu og er hér um að ræða 62,9% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sambærileg hækkun næmi 73% að meðtöldum sjúkrastofnunum sem nú teljast til launaliðar og rekstrargjalda. Ástæður þess að útgjöld almannatrygginga hækka verulega umfram 42% eru í meginráttum þrjúþættar: Við samanburð á fjárlagaupphæðinni 1982 og frumvarpstölum 1983 ber að hafa í huga að í fjárlögum 1982 var ekki áætlað fyrir bótahækkunum og hækkun sjúkratryggingagreiðslna sem leiddi af kjarasamningum haustið 1981. Í annan stað valda áhrif kjarasamninga við heilbrigðisstéttir, allar götur aftur til læknasamninganna sumarið 1981 og annarra samninga eftir þann tíma, að útgjöld hækka mikið. Í þriðja lagi er ljóst að útgjöld almannatrygginganna, sér í lagi sjúkratrygginganna, hafa aukist að magni til, m. a. vegna nýrra sjúkrastofnana og aukinnar starfsemi við eldri stofnanir.

Niðurgreiðslur. Framlag til þessa liðar nemur 839 m. kr. sem er 80,0% hækkun frá fjárlögum 1982. Framlag til lífeyrissjóðs bænda nemur 33 m. kr. en til niðurgreiðslna á vöruverði renna alls 806 m. kr. Áætluð útgjöld til niðurgreiðslna á vöruverði 1982 miðað við þegar teknar ákvarðanir nema alls 710 m. kr.

Útflutningsbætur. Á árinu 1982 er talið að útflutningsbótakrafa á ríkissjóð vegna 10% marksins nemi um 185—190 m. kr. Útgjöld á árinu 1983 eru áætluð í samræmi við áætlaðar lágmarksbótakröfur 1982 og 42% hækkun verðlags til næsta árs.

Efnahagsráðstafanir. Í fjárlögum 1982 voru áætlaðar 125 m. kr. til þess að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum. Hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í febrúar 1982 var ráðstöfun þessa fjár til aukinna niðurgreiðslna. Nýsettum bráðabirgðalögum um efnahagsráðstafanir fylgdi yfirlýsing um margþættar hliðarráðstafanir sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir. Fjárhæð þeirri, sem ætluð er í þessu frumvarpi, alls 200 m. kr., verður í meginráttum ráðstafað til þessara hluta.

Aðrar rekstrartilfærslur. Alls nema rekstrartilfærslur 954 m. kr. og er það 56,7% hækkun frá fjárlögum 1982. Hér er um að ræða ýmiss konar tilfærslur til neyslu og rekstrar sem ekki eru tilfærðar annars staðar í yfirliti hér á undan. Þyngst vega þar framlög til fyrirtækja og sjóða í B-hluta frumvarpsins. Einstök framlög hækka mismikið en sérstaklega skal getið framlags til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem hækkar um 98 m. kr. eða 82%. Skýrist sú hækkun m. a. af hækkun lánveitinga úr 90% í 95% miðað við umframfjárförf námsmanna. Aðrar skýringar koma hér einnig til, svo sem fjölgun lánveitinga auk gengis- og verðforsendna.

Sértekjur. Áætlaðar sértekjur stofnana nema alls 252 m. kr. og er það 64,7% hækkun frá fjárlögum árið 1982. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að gjaldskrár og þjónustugjöld hækki til samræmis við hækkun rekstrarútgjalda stofnana.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög nema samtals 1 852 m. kr. og er það 38,9% hækkun frá fjárlögum 1982. Með lánsfjárlögum nr. 13/1982 voru framlög til fjárfestingar-

sjóða almennt lækkuð um 6% frá því sem fram kemur í fjárlögum. Þá var einnig í febrúar s. l. ákveðið að lækka framlög til verklegra framkvæmda um 6%. Tillögur um framlög til verklegra framkvæmda og til sjóða eru almennt miðaðar við 28—33% hækkun frá framkvæmd fjárlaga 1982, sem felur í sér nokkru lægri hlutfallshækkun borið saman við fjárlagatölur. Í vissum tilvikum hefur reynst nauðsynlegt að taka tillit til gerðra verksamninga sem krefst meiri hækkunar en forsendur fjárlaga gera ráð fyrir. Verklegar framkvæmdir og fjárfestingarstyrkir nema alls 1 165 m. kr. sem er hækkun um 32,5% frá fyrra ári. Framlög til fjárfestingarsjóða og lánagreiðslna nema alls 687 m. kr. og er það hækkun um 51,3% frá fjárlögum 1982. Er það nokkur raungildisaukning og skýrist m. a. af mikilli hækkun á endurgreiðslu lána Orkusjóðs og endurgreiðslna af lánum sem tekin hafa verið af Framleiðsluráði landbúnaðarins á árunum 1980—82.

Tekjuhlíð

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er meðal annars reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem raktar eru hér að framan, reiknitölu fjárlagafrumvarpsins um verðlags- og kauplagsbreytingar á árinu 1983 og áætlun um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1982.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 eru áætlaðar samtals 12 772,8 m. kr. samanborið við 9 388,7 m. kr. í áætlun fyrir árið 1982 og 7 967,3 m. kr. í fjárlögum ársins 1982. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1983 frá áætlun fyrir árið 1982 nemur 3 384,1 m. kr., eða 36,0%, en 60,3% frá fjárlögum 1982. Til samanburðar má nefna, að heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 1982 eru taldar munu aukast um 56,6% frá 1981 (62,9% 1980—1981).

	Endurskoðuð				
	1980	1981	Fjárlög 1982	áætlun 1982	Frumvarp 1983
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m. kr.	3 680,9	5 994,7	7 967,3	9 388,7	12 772,8
Hækkun frá fyrra ári, %	54,8	62,9	32,9	56,6	36,0

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1982 114,3 m. kr., sem er tæplega 69% hækkun frá álagningu fyrra árs. Álagning eignarskatts á félög hækkaði heldur minna, eða um 56%. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1982 yrði samkvæmt þessu tæplega 63% hærri en 1981.

Áætlanir um álagningu eignarskatta á árinu 1983 eru byggðar á þeirri meginforsendu, að fasteignamat hækki um sem næst 58% frá desember 1981 til jafnlengdar 1982 og verðhækkun annarra eigna sé svipuð. Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 152 miðað við 100 1982, en fjárhæð skattfrjálsrar eignar einstaklinga breytist með skattvísitölu samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Á þessum forsendum ætti hækkun eignarskatts einstaklinga á hvern framteljanda að verða heldur meiri en svarar verðhækkun eigna. Miðað við að eignastofn aukist um 1—2% að magni milli árána 1981 og 1982 er áætlað að heildarálagning eignarskatts einstaklinga og félaga aukist um 60% milli árána 1982 og 1983.

Á ofangreindum forsendum um álagningu og miðað við að innheimta af álagningu og eftirstöðvum verði svipuð og á þessu ári er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 155 m. kr. og innheimta eignarskatts félaga 128 m. kr. á árinu 1983.

Með lögum nr. 19/1982 var ákveðið, að á sama hátt og á árinu 1981 skyldi lagður sérstakur skattur á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1982. Í tekjuáætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að innheimta þessa skatts verði 32,1 m. kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Í tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir árið 1983 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin, þannig að álagning hækki um 58% og álagningarstofninn aukist um 1—2%. Á þessum forsendum er álagning skattsins áætluð 54,7 m. kr. og innheimta 49,5 m. kr. að meðtalinni innheimtu eftirstöðva fyrri ára.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1982, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 1 670,4 m. kr. Hækkun frá frumálagningartölum fyrra árs nemur tæplega 65%. Barnabætur námu 318,1 m. kr. en voru 211,4 m. kr. í fyrra, eða 50% hækkun. Afsláttur til greiðslu eignarskatts, útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur nú 117,2 m. kr. en 77,1 m. kr. í fyrra, eða 52% hækkun. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga 1982 nemur þannig 1 234,8 m. kr., sem er tæplega 70% hækkun frá frumálagningu 1981. Sé gert ráð fyrir að innheimtuhlutfall verði svipað á þessu ári og í fyrra er nú áætlað að nettóinnheimta 1982 nemi um 1 080 m. kr.

Áætlun frumvarpsins um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1983 er reist á þeirri meginforsendu, að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs. Áætlað er að heildartekjur einstaklinga til skatts hækki um 52% á mann milli árána 1981 og 1982. Sem fyrr getur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 152 stig miðað við 100 stig 1982 í samræmi við breytingar tekna. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts einstaklinga hækki um 52% frá áætlun um endanlega álagningu 1982, og að auki er gert ráð fyrir um 1% fjölgun framteljenda. Forsendur um innheimtuhlutfall eru hinar sömu og í áætlun fyrir árið 1982. Samkvæmt ofangreindum forsendum er reiknað með að álagning og innheimta tekjuskatts einstaklinga á árinu 1983 verði sem hér segir (í m. kr.):

	Uppgjör 1981	Áætlun 1982	Frumvarp 1983
Eftirstöðvar í ársbyrjun	114,0	182,0	290,0
Brúttóálagning	988,7	1 628,0	2 510,0
Til innheimtu	1 102,7	1 810,0	2 800,0
Innheimt brúttó	920,7	1 520,0	2 350,0
Frá dragast barnabætur og persónuafsláttur	292,8	440,0	675,0
Innheimt nettó	627,9	1 080,0	1 675,0

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1982 nam 56,2 m. kr., sem er 66% hækkun frá álagningu fyrra árs. Við áætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum um tekjubreytingar og í tekjuskattsáætluninni hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að álagning gjaldsins nemi um 85 m. kr. á árinu 1983 og að nettóinnheimta álagningar og eftirstöðva verði um 80 m. kr.

Áreiðanlegar tölur um álagningu tekjuskatts félaga árið 1982 liggja ekki fyrir, en reiknað er með að álagning nemi um 200 m. kr. sem er um 70% hækkun frá endanlegri álagningu 1981 eins og hún er áætluð út frá ríkisreikningi. Miðað við svipað hlutfall innheimtu af álagningu og eftirstöðvum frá fyrra ári og var 1981 er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga á árinu 1982 verði um 163 m. kr. Þótt óvissan um endanlega álagningu tekjuskatts félaga ætti að vera minni en á síðustu tveimur árum verður að hafa nokkurn fyrirvara á þessum áætlunum, þar sem munurinn á frumálagningu og endanlegri álagningu hefur verið talsverður. Í áætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að skattstofn tekjuskatts félaga hækki minna en tekjur einstaklinga milli árána 1981 og 1982 vegna slakrar afkomu atvinnugreina. Talið er að innheimta tekjuskatts félaga að meðtöldum skatti á bankastofnanir verði um 285 m. kr., og er þá tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva frá fyrri árum en miðað við óbreytt hlutfall innheimtu.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1982 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 954,5 m. kr. Tölur um innheimtu og innflutning á fyrstu átta mánuðum þessa árs gefa á hinn bóginn til kynna að innflutningur hafi verið talsvert meiri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í endurskodaðri áætlun um tolltekjur ríkissjóðs er gert ráð fyrir að innheimtan verði um 1 156 m. kr. á árinu 1982. Reiknað er með svipuðu tollhlutfalli í

almennum innflutningi (án bíla) og 1981, eða rétt tæplega 8%. Tollhlutfall í bifreiðainnflutningi er einnig talið svipað og á síðasta ári.

Í þjóðhagsforsendum þessa frumvarps er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur dragist saman um 8% að raungildi frá þessu ári. Ennfremur er gert ráð fyrir að innflutningsverð hækki um 2% í erlendri mynt en um 42% í krónum.

Hvað almennan innflutning varðar, er í áætlun fyrir 1983 gert ráð fyrir að án bíla verði tollhlutfall svipað eða ívið lægra en á þessu ári. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr bifreiðainnflutningi á næsta ári, en tollhlutfall hans haldist hins vegar óbreytt.

Á þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs af bifreiðum áætlaðar 450 m. kr. 1982, tolltekjur af bensíni eru taldar munu nema 213 m. kr. og aðrar tolltekjur rösklega 780 m. kr. Heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum á árinu 1983 yrðu samkvæmt þessu rösklega 1 446 m. kr., eða 25% hærra en í áætlun fyrir árið 1982. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs næmi því 11,3% á næsta ári, samanborið við 12,3% á þessu ári og 13,5% 1981. Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hafa því lækkað verulega á síðustu árum.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 267 m. kr. á árinu 1982, sem er óbreytt frá fjárlögum og 57% hærra en á árinu 1981. Áætlanir um bensínsölu eru óbreyttar frá fjárlagaáætlun, eða um 121 milljón lítra. Í áætlun fyrir 1983 er reiknað með svipaðri bensínsölu og innflutningsgjald af bensíni er samkvæmt því áætlað 406,8 m. kr. Ennfremur er gert ráð fyrir að bensíngjald breytist í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

Innflutningsgjald af bifreiðum var í fjárlögum 1982 áætlað 125,1 m. kr. Þessi áætlun var gerð með hliðsjón af áhrifum þeirrar lækkunar á gjaldinu sem ákveðin var með reglugerð nr. 453/1981. Með reglugerð nr. 225/1982 var gjaldið lækkað enn frekar frá 1. maí s. l. Í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í ágústmánuði var gjaldhlutfallið á hinn bóginn hækkað um 7 hundraðshluta í hverjum flokki. Þegar þær breytingar á gjaldhlutföllum, sem hér hafa verið raktar, eru metnar, sýnist mega ætla, að meðalgjaldið hafi lækkað um rösklega helming frá því sem var fyrir mitt ár 1981, eða úr 35—37% í 16—17% nú. Á móti tekjutapi ríkissjóðs á árinu 1982 vegna þessarar lækkunar vegur hins vegar mun meiri bifreiðainnflutningur en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Samanlögð áhrif alls þessa eru því þau, að innflutningsgjaldið er talið munu skila um 110 m. kr. á þessu ári í stað 125 m. kr. í fjárlögum. Miðað við talsverðan samdrátt í bifreiðainnflutningi á næsta ári svo og með hliðsjón af núgildandi gjaldskrá er áætlað að tekjur af gjaldinu á næsta ári gætu orðið svipaðar og á þessu ári, eða 110 m. kr.

Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu á árinu 1982 er áætlað 5,3 m. kr. og í áætlun fyrir 1983 er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum, þ. e. að þessi olúinnflutningur verði svipaður og á árinu 1982. Tekjur af jöfnunargjaldi eru áætlaðar 50 m. kr. 1982 og á sömu forsendum og gilda um innflutning er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu á næsta ári nemi 65 m. kr. Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi er talið skila 17 m. kr. á þessu ári. Með því að gildandi lög um gjald þetta kveða á um lækkun á gjaldinu í fjórum þrepum til ársloka svo og að það skuli einungis innheimt til febrúarloka næsta árs eru tekjur af þessu gjaldi einungis áætlaðar um 1 m. kr. á næsta ári.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 1 654 m. kr. 1982, samanborið við 1 412 m. kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1981 er rösklega 40%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 2 109 m. kr. á árinu 1983, eða 27% hækkun frá 1982. Samkvæmt þessum áætlunum yrðu innflutningsgjöld um 16,5% af heildartekjum ríkissjóðs 1983, samanborið við 17,6% 1982 og 19,6% 1981.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 742 m. kr. á árinu 1982, eða 170 m. kr. meiri en í fjárlögum. Skýringin á þessari miklu hækkun frá fjárlögum er einkum tvíþætt. Annars vegar verða verð- og veltubreytingar í innflutningi mun meiri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Hins vegar var með bráðabirgðalögum, nr. 79/1982, ákveðið að hækka sérstakt, tímabundið vörugjald um rösklega 30% fyrir tímabilið

23. ágúst 1982 til 28. febrúar 1983. Ennfremur var ákveðið að leggja gjald á nokkra vöruflokka sem áður höfðu verið undanþegnir gjaldinu.

Samanlögð áhrif þessa á innheimtar tekjur ríkissjóðs af sérstöku vörugjaldi eru metin þannig, að á árinu 1982 nemi heildartekjur 690 m. kr. í stað 524 m. kr. í fjárlagaáætlun. Á næsta ári eru innheimtar tekjur af sérstöku vörugjaldi áætlaðar 890 m. kr. Álgjald er áætlað 11,8 m. kr. 1982 og 17 m. kr. 1983. Er þá miðað við 79 000 tonna framleiðslu, lágmarks-gjaldið 20 dollara á hvert tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakanda.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Heildartekjur undir þessum lið voru á fjárlögum 1982 áætlaðar 3 969 m. kr. Í endurskoðaðri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 4 739 m. kr., eða rösklega 19% meiri en í fjárlagaáætlun. Hækkun þessa má einkum rekja til breyttra verð- og veltuforsendna svo og breytinga á álagningu og innheimtu launaskatts. Áætlun um sölugjald fyrir árið 1983 er reist á þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Á þessum forsendum er áætlað að innheimt sölugjald á næsta ári verði 4 510 m. kr., eða rösklega 33% hærra en 1982. Hluttur sölugjalds í heildartekjum ríkissjóðs 1983 næmi samkvæmt þessu 35%, samanborið við 36% 1982. Hluttur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti er hér ekki meðtalinn, en hann er áætlaður 245 m. kr. 1982 og 330 m. kr. 1983.

Tekjur ríkissjóðs af launaskatti á árinu 1982 eru áætlaðar 480 m. kr., samanborið við tæplega 390 m. kr. í fjárlögum, þrátt fyrir þá lækkun launaskatts á iðnfyrirtækjum sem ákveðin var með lögum nr. 5/1982. Ástæða þessa er tvíþætt: annars vegar verulega breyttar launaforsendur; hins vegar tíðari innheimta en áður. Gert er ráð fyrir að innheimtar tekjur af launaskatti nemi 590 m. kr. á árinu 1983, eða 23% hækkun, og er þá gengið út frá launaforsendum frumvarpsins auk áætlunarinnar fyrir árið 1982.

Rekstrarhagnaður ÁTVR er í fjárlögum 1982 áætlaður 532 m. kr. og var þá miðað við að útsöluverð hækkaði í samræmi við hækkun kauptaxta og verðlags. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður ÁTVR verði 616 m. kr., einkum vegna breyttra verðlagsforsendna. Í áætlun fyrir 1983 er rekstrarhagnaður ÁTVR talinn verða 830 m. kr., eða tæplega 35% hærri en 1982.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 576 m. kr. á þessu ári samanborið við 530 m. kr. í fjárlögum og stafar munurinn einkum af meiri innheimtu tekna af gjaldi á ferðalög til útlanda, og af stimpilgjaldi, sem þó var verulega lækkað á árinu 1982 af stimplun afurðalána. En þyngra vega áhrif breyttra verðlags- og veltuforsendna. Í heild eru tekjur undir liðnum aðrir óbeinir skattar áætlaðir 778 m. kr. 1983 eða 35% hærri en 1982.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða rösklega 17 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1983 eru þessar tekjur taldar verða 24 m. kr. eða 40% hærri en 1982.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar um 118 m. kr. 1982 og í áætlun fyrir 1983 er reiknað með að þessir tekjuliðir skili um 160 m. kr., sem er 35% hækkun.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1982 og endurskoðaða tekjuáætlun fyrir árið 1982:

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1982—1983

Innheimtar tekjur í m. kr.

	Fjárlög 1982	Endurskoðuð áætlun 1982	Frumvarp 1983
1. Eignarskattar	223,4	230,4	354,1
2. Tekjuskattar	1 137,3	1 312,4	2 068,4
3. Gjöld af innflutningi	1 411,8	1 654,2	2 108,6
a) Almenn aðflutningsgjöld	954,5	1 156,2	1 446,3
b) Bensín- og gúmmígjald	267,8	268,4	408,3
c) Innflutningsgjald af bifreiðum	125,1	110,0	110,0
d) Annað	64,4	119,5	144,0
4. Skattar af framleiðslu	571,6	741,8	960,0
a) Sérstakt vörugjald	524,2	690,0	890,0
b) Annað	47,4	51,8	70,0
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	3 968,7	4 739,0	6 320,4
a) Sölugjald	2 802,5	3 385,0	4 510,0
b) Launaskattur	389,6	480,0	590,0
c) ÁTVR	532,0	616,0	830,0
d) Annað	244,6	258,0	390,4
6. Aðrir óbeinir skattar	529,6	575,6	777,6
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	12,0	17,1	24,0
8. Ýmsar tekjur	112,9	118,2	159,7
Samtals	7 967,3	9 388,7	12 772,8
Beinir skattar	1 360,7	1 542,8	2 422,5
Óbeinir skattar	6 481,7	7 710,6	10 166,6
Aðrar tekjur	124,9	135,3	183,7

Heildarinnheimta tekna ríkissjóðs á árinu 1982 er áætluð 9 388,7 m. kr., eða tæplega 57% meiri en 1981. Hækkunin á næsta ári er mun minni, eða um 36% miðað við endurskodaða tekjuáætlun 1982, en rösklega 60% frá fjárlögum. Hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er samkvæmt yfirlitinu talinn 19,0% 1983, en 16,4% 1982 (17,1% í fjárlögum 1982), og hlutur óbeinna skatta 79,6% 1983, en 82,1% 1982 (81,3% í fjárlögum 1982).

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar ríkissjóðs og ríkisstofnana. Þar kemur fram að afborganir og hlutafjárframlög nema 28 383 þús. kr. hærri upphæð en nýjar lántökur og ústreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 15 000 þús. kr. Þessir liðir eru jafnaðir með áætluðum rekstrarafgangi frumvarpsins sem nemur 81 848 þús. kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir eðli inn- og ústreymis lánajafnaðarins. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1983, sem lögð verður fram á næstu vikum, verður gerð nánari grein fyrir lánsfjáröflun ríkissjóðs og hún tengd innlendum og erlendum lánsfjármarkaði í víðara samhengi.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun til A- og B-hluta ríkissjóðs er áætluð 1 533 544 þús. kr. Gert er ráð fyrir 841 180 þús. kr. fjáröflun af innlendum uppruna og 692 364 þús. kr. erlends lánsfjár. Áætlað er að innlausn eldri spariskírteina nemi 21 000 þús. kr. Þannig að innlent lánsfé til ráðstöfunar A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 1 030 180 þús. kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 mun gerð nákvæm grein fyrir fjáröflun ríkissjóðs og annarra opinberra aðila og ráðstöfun fjárens.

Í 6. gr. frumvarpsins er leitað heimildar til spariskírteinaútgáfu allt að 200 000 þús. kr. Auk þess byggir innlenda fjáröflunin á greiðslum Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna yfirtöku á eignum byggðalína, í samræmi við samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o. fl. Heimildar til innlestrar lántöku umfram það sem aflað er samkvæmt 6. gr. og heimildar til erlendra lántöku mun leitað með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Lánahreyfingar út

Heildarúttreymi á lánahreyfingum nemur 568 383 þús. kr. Afborganir af lánnum ríkissjóðs nema alls 429 000 þús. kr., þar af renna 100 000 þús. kr. til Seðlabankans og 329 000 þús. kr. til annarra aðila. Ráðgerð hlutafjár- og eiginfjárframlög eru alls 105 000 þús. kr. Að lokum er áætlað fyrir aðstoð við Flugleiðir hf. alls 34 383 þús. kr. og er sú fjárhæð færð sem úttreymi á lánahreyfingum. Nánari skýringar á hlutafjár- og eiginfjárframlögum og aðstoð við Flugleiðir hf. er að finna í greinargerðinni hér á eftir.

Heildarráðstöfun lánsfjár til A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 1 512 544 þús. kr. Til A-hluta er ráðstafað 525 000 þús. kr., en samkvæmt lánsfjárlögum 1983 nam sambærileg fjárhæð 374 080 þús. kr. Hækkunin er því 150 920 þús. kr. eða 40,3%. Lánsfjárráðstöfun til B-hluta nemur 987 544 þús. kr., en nam samkvæmt lánsfjárlögum 1982 849 090 þús. kr. Hækkun B-hlutans nemur því 138 454 þús. kr. eða 16,3%.

Hér á eftir fer yfirlit um skiptingu fjármagns á einstaka þætti ásamt greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárbörf ríkissjóðs skv. frumvarpi til fjárlaga 1983

(Í þús. kr.)

A-hluti:

Þjóðarboðkhlada	10 000
Vegagerð	249 000
Landshafnir	5 500
Hlutafjár- og eiginfjárframlög	105 000
Aðstoð við Flugleiðir hf.	34 383
Styrking dreifikerfis í sveitum	27 000
Hafnargerð vegna skipaðnaðar	20 450
Jarðhitaleit	4 000
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	4 500
RARIK, fjármagnsútgjöld	12 170
Annað	52 997
Samtals	525 000

B-hluti:

Bygðasjóður	100 000
Lánasjóður íslenskra námsmanna	90 000
Lagmetisiðjan Siglósfld	4 000
RARIK, almennar framkvæmdir	138 630
Kröfluvirkjun:	
Fjármagnsútgjöld	219 382
Virkjunarrannsóknir:	
Fjármagnsútgjöld	21 783
Orkusjóður:	
Bygðalínur, fjármagnsútgjöld	224 491
Hitaveitulán	7 500
Jarðhitaleit	7 500
Sveitarafvæðing	7 000
Iðnaðarrannsóknir	3 000
Sementsverksmiðja ríkisins	28 000
Landssmiðjan	12 000
Áburðarverksmiðja ríkisins	43 375
Póstur og sími:	
Vörukaupalán	9 000
Lagning sjálfvirks síma	45 500
Fljótsdalsvirkjun:	
Fjármagnsútgjöld	26 383
	987 544
Samtals	987 544

A-hluti fjárlaga

Þjóðarþókkhlaða. Ráðgerðar framkvæmdir á árinu 1983 eru samtals að fjárhæð 15 000 þús. kr. Fjármögnun framkvæmda er áætluð annars vegar með lántökum að fjárhæð 10 000 þús. kr. og hins vegar með 5 000 þús. kr. fjárveitingu. Framkvæmdirnar miðast fyrst og fremst við kaup og uppsetningu álklæðningar utanhúss.

Vegagerð ríkisins. Heildarútgjöld til vegamála á árinu 1983 eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 838 000 þús. kr. Fjármögnun er þrífætt. Markaðir tekjustofnar eru taldir nema 568 300 þús. kr., ríkisframlag 20 700 þús. kr. og lántaka 249 000 þús. kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

Landshafnir. Áætlað er að verja 5 500 þús. kr. til framkvæmda við landshafnir, sem fjármagnaðar verða með lántökum. Skipting framkvæmdafjárins er með eftirtöldum hætti: Landshöfnin Þorlákshöfn 3 000 þús. kr., landshöfnin Rífi 500 þús. kr., og landshöfnin Keflavík—Njarðvík 2 000 þús. kr.

Hlutfjár- og eiginfjárframlög. Ríkissjóður áformar lántökur að fjárhæð samtals 105 000 þús. kr. til að standa straum af eiginfjár- og hlutfjárframlögum ársins 1983. Lánsfjárhæðin skiptist þannig að 10 400 þús. kr. renna til Landsvirkjunar og er þar um að ræða síðasta framlagið af fimm vegna aukningar á eiginfé fyrirtækisins. Samkvæmt lögum nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður greiðir vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum, hverri að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, og er hér um aðra greiðslu að ræða. Endurgreiðsla þessi er skoðuð sem eiginfjárframlag til bankans. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar verður 3 660 þús. kr. og er það þriðja framlagið af fimm. Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um hækkun á hlutfé Íslands í Alþjóðabankanum úr 22,2 milljónum dollara í allt að 68,0 milljónir dollara. Hlutfjár aukningin mun greiðast á næstu 5 árum og er framlag ársins 1983 áætlað 8 255 Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing).

þús. kr. Að síðustu er hér áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á aðild að í samræmi við heimildir í 6. grein fjárlagafrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlögum alls að fjárhæð 75 185 þús. kr. Þar af eru áætluð hlutafjárframlög í grænifóðurverk-smiðjum í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, samtals að fjárhæð 4 500 þús. kr.

Aðstoð við Flugleiðir hf. Ráðgerð aðstoð ríkissjóðs við Flugleiðir hf. vegna erfiðrar samkeppnisáðstöðu Norður-Atlantshafsflugs félagsins er 34 383 þús. kr. og er áformað að afla til þess lánsfjár.

Styrking dreifikerfis í sveitum. Heildarútgjöld til styrkingar dreifikerfis í sveitum eru 27 000 þús. kr. og er áformað að fjármagna framkvæmdirnar með lántökum. Á árinu 1982 eru veittar 21 000 þús. kr. til þessa verkefnis.

Hafnargerð vegna skipaiðnaðar. Ráðgert er að afla 20 450 þús. kr. lánsfjár til að standa undir kostnaði við áframhaldandi framkvæmdir er miða að bættri hafnaraðstöðu skipa-smíðastöðva.

Jarðhitaleit. Ráðgert er að ríkissjóður afli 4 000 þús. kr. lánsfjár til jarðhitaleitar. Jafnframt er Orkusjóði áttalað að taka að láni 7 500 þús. kr. í sama tilgangi. Alls verða því 11 500 þús. kr. til ráðstöfunar til þessa verkefnis.

Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar. Áætlað er að verja úr ríkissjóði 4 500 þús. kr. til þessara verkefna, þar af 3 500 þús. kr. til sveitarafvæðingar og 1 000 þús. kr. til að greiða fyrir uppsetningu einkarafstöðva. Jafnframt er ráðgert að Orkusjóði verði aflað 7 000 þús. kr. lánsfjár til framkvæmda við sveitarafvæðingu.

Rafmagnsveitur ríkisins, fjármagnsútgjöld. Á árinu 1982 var fallist á, að ríkissjóður stæði skil á vöxtum og afborgunum tiltekinna lána Rafmagnsveitnanna vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækisins. Afborganir og vextir af þessum lánum nema alls 12 170 þús. kr. á árinu 1983.

Annað. Auk þeirra verkefna, sem þegar er getið hér að framan, mun ríkissjóður þurfa að afla lánsfjár á árinu 1983 að fjárhæð alls 52 997 þús. kr. til ótilgreindra verkefna.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Heildarráðstöfunarté sjóðsins á árinu 1983 er áætlað að verði 1,3% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs, en framlag til sjóðsins hefur verið skert til samræmis við aðra fjárfestingarlánasjóði. Fjáröflun sjóðsins er 69 825 þús. kr. fjárveiting og lánsfjáröflun að fjárhæð 100 000 þús. kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um sjóðinn hér á eftir.

Lánasjóður ísl. námsmanna. Samkvæmt lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki skal lánveiting Lánasjóðs íslenskra námsmanna mæta 95% af umframfjárbörf námsmanna á árinu 1983 í stað 90% áður. Nauðsynlegt mun að afla sjóðnum lántökuheimildar að fjárhæð 90 000 þús. kr. til þess að unnt reynist að standa við skuldbindingar. Um aðra fjármögnun sjóðsins vísast til athugasemda um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneyti.

Lagmetisiðjan Siglósiöld. Á undanförunum árum hefur fyrirtækið átt við rekstrarerfiðleika að etja og er nú ráðgerð gagnger endurskipulagning á starfsemi þess. Fyrirhugað er að afla fyrirtækinu 4 000 þús. kr. lánsfjár auk 2 500 þús. kr. fjárveitingar, og auðvelda þannig upptöku nýrra og arðbærari framleiðslugreina er stuðlað geti að bættri afkomu.

RARIK, almennar framkvæmdir. Ráðgerðar framkvæmdir hjá Rafmagnsveitum ríkisins á árinu 1983 eru eftirfarandi (í þús. kr.):

Virkjanir	1 050
Stofnlínur	40 830
Aðveitustöðvar	45 450
Innanbæjarkerfi	48 000
Dísilstöðvar, tæki o. fl.	11 800
Byggðalínur	6 500
	<hr/>
Samtals	153 630

Veigamestu verkefni ársins 1983 eru áframhald lagningar raflínu frá Laxá í Aðaldal til Kópaskers, og bygging nýrrar línu frá Stuðlum til Eskifjarðar ásamt uppsetningu aðveitustöðva. Fjármögnun framkvæmda er fyrirhuguð með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með öflun lánsfjár að fjárhæð alls 138 630 þús. kr. Í öðru lagi eru áætlaðar tekjur af heimtaugargjöldum 15 000 þús. kr. Til frekari sundurliðunar á skiptingu framkvæmdafjár Rafmagnsveitna ríkisins vísast til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1983.

Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld. Ráðgert er að afla Kröfluvirkjun lánsheimildar til að standa undir fjármagnskostnaði virkjunarinnar. Gert er ráð fyrir 219 382 þús. kr. lántöku á árinu 1983 til greiðslu afborgana og vaxta af eldri lánnum.

Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld. Áformuð er lántaka að fjárhæð 21 783 þús. kr. til greiðslu vaxta og afborgana eldri lána vegna virkjunarrannsókna. Samkvæmt nýlega undirrituðum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. ber Landsvirkjun að greiða þann hluta af kostnaði vegna virkjunarrannsókna sem telst vera umfram almennar rannsóknir, sem Orkustofnun framkvæmir. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvernig uppgjöri Landsvirkjunar vegna virkjunarrannsókna skuli háttáð.

Orkusjóður, vegna byggðalína. Áætluð útgjöld vegna áhvílandi lána sem tekin hafa verið til byggðalínufamkvæmda og endurfjármögnunar eru talin nema 224 491 þús. kr. árið 1983. Samkvæmt samningi ríkissjóðs Íslands og Landsvirkjunar yfirtekur Landsvirkjun byggðalínur frá og með 1. janúar 1983. Áætluð greiðsla Landsvirkjunar af útgefnum skuldabréfum vegna yfirtöku fyrirtækisins á eignum byggðalína nemur alls 72 680 þús. kr. á árinu 1983. Á þessu stigi er ekki lokið athugun á því hvernig staðið verður að kostnaðaruppgjöri á byggðalínulánum að öðru leyti.

Orkusjóður, vegna hitaveitulána. Framkvæmdir við hitaveitur eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Á undanförunum árum hefur Orkusjóður veitt lán til þessara framkvæmda. Lántaka Orkusjóðs 1983 er fyrirhuguð 7 500 þús. kr. og mun féð endurlánað hitaveitufyrirtækjum.

Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til jarðhitaleitar nemur alls 4 000 þús. kr. Auk þess er ráðgert að afla 7 500 þús. kr. lánsfjár til Orkusjóðs vegna þessa verkefnis.

Orkusjóður, vegna sveitarafvæðingar. Framlag A-hluta ríkissjóðs til sveitarafvæðingar nemur alls 3 500 þús. kr. Einnig mun aflað heimildar til 7 000 þús. kr. lántöku til fjármögnunar á brýnum framkvæmdum við rafvæðingu afskekktara sveita.

Iðnaðarrannsóknir. Stofnað hefur verið B-hluta fyrirtækið Iðnaðarrannsóknir og munu reglur verða settar um hið nýja fyrirtæki, þar sem m. a. verður tryggt að jákvæðar

niðurstöður rannsókna verði framseldar til áhugaaðila. Bein fjárveiting til fyrirtækisins nemur 4 000 þús. kr. Auk þess er ráðgert að afla alls 3 000 þús. kr. lánsfjár. Samtals verða því til ráðstöfunar 7 000 þús. kr. sem renna til athugana á ýmsum kostum í iðnaðaruppbyggingu landsmanna.

Sementsverksmiðja ríkisins. Á árinu 1982 var aflað 8 000 þús. kr. lánsfjárheimildar til framkvæmda við verksmiðjuna auk 10 000 þús. kr. vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækisins. Framkvæmdir við breytingu á olíubrennslu yfir í kolabrennslu eru hafnar og er áætlaður kostnaður við framkvæmdir á árinu 1983 35 000 þús. kr., þar af er farið fram á heimild til lántöku allt að fjárhæð 28 000 þús. kr.

Landssmiðjan. Stefnt er að áframhaldandi framkvæmdum við verkstæðishús Landsmiðjunnar við Skútuvog á árinu 1983. Fyrirhugað er að fjármagna framkvæmdir að hluta með lántöku að fjárhæð alls 12 000 þús. kr. og með sölu á eignum fyrirtækisins að Sölvhólsgötu í Reykjavík.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Á árinu 1981 var hafist handa við byggingu sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Áætluð lántökupörf er 43 375 þús. kr. en stefnt er að því að framkvæmdum ljúki á miðju ári 1983.

Póstur og sími, vörukaupalán. Á sama hátt og á undanförunum árum er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir alls að fjárhæð 9 000 þús. kr.

Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma. Með lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma var Pósti og síma veitt heimild til allt að 20 000 þús. kr. lántöku árlega í 5 ár á verðlagi 1981, til fjármögnunar framkvæmda við lagningu sjálfvirks síma. Lántaka ársins 1983 er áætluð 45 500 þús. kr. Í lánsfjárlögum 1982 var veitt lánsheimild að fjárhæð 34 200 þús. kr. til þessa verkefnis.

Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld. Áætlaður fjármagnskostnaður af áhvílandi lánum, er tekin voru til að kosta athuganir á virkjunarmöguleikum í Fljótsdal nemur 26 383 þús. kr. 1983. Samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o. fl. tekur Landsvirkjun meðal annars að sér að reisa og reka Fljótsdalsvirkjun. Hins vegar er endanlegt uppgjör ófrágengið milli Landsvirkjunar og ríkisstjórnarinnar vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1982 (í þús. kr.):

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	120 000	100 000	-20 000
Greitt af skuldabréfum	120 000	100 000	-20 000
Önnur lán	196 723	329 000	132 277
Innlend lán óverðtryggð	25 268	3 800	-21 468
Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu	49 415	70 700	21 285
Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu	19 275	59 400	40 125
Lán verðtryggð skv. vísitölu framfærslukostnaðar	20 082	21 200	1 118
Happdrættisskuldabréf verðtr. skv. vísitölu framfærslukostnaðar	30 868	96 500	65 632
Erlend lán og gengistryggð	29 815	55 400	25 585
Ýmis lán, ósundurliðuð	22 000	22 000	—
Samtals	316 723	429 000	112 277

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlíð frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1982. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1982. Ekki verður fjallað sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur sínar að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	51 067	71 761	20 694	40,5

Verður nú vikið að helstu skýringarþáttum hækkunarinnar frá fjárlögum 1982.

- 101 Embætti forseta Íslands.** Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar um 1 041 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 3 595 þús. kr. Launaliður hækkar um 724 þús. kr., verður 2 119 þús. kr., og er þar eingöngu um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 417 þús. kr. og verða 1 456 þús. kr. Er það í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 100 þús. kr. og verður 20 þús. kr., en í fjárlögum 1982 var sérstök fjárveiting á þessum lið vegna endurnýjunar á bílakosti embættisins.
- 401 Hæstiréttur.** Fjárveiting nemur samtals 4 126 þús. kr. og er það 1 685 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 1 669 þús. kr. eða 69,4%, sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Skýring hækkunarinnar er sú að áætlað er fyrir launum átta hæstaréttardómara í stað sjö en samkvæmt lögum nr. 67/1982 fjölgar dómurum við hæstarétt. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 þús. kr. og verða 54 þús. kr., sem er í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkva forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	7 151	8 615	1 464	20,5
Annað	57 060	78 310	21 250	37,2
Samtals	64 211	86 925	22 714	35,4
Þar af markaður tekjustofn	9 000	17 000	8 000	88,9

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er algjald sem rennur til Bygðasjóðs.

- 101 Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 1 464 þús. kr. og verður fjárveitingin samtals að fjárhæð 18 615 þús. kr. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 1 282 þús. kr. og verður 3 736 þús. kr. Svarar það til 52,2% hækkunar frá fjárlögum 1982. *Stjórnarráðshús* hækkar um 74 þús. kr. og verður 265 þús. kr. sem

er hækkun um 39,1%. *Fálkaorðan* verður 25 þús. kr. sem er hækkun um 10 þús. kr. frá fjárlögum 1982. *Viðhald ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu* hækkar um 100 þús. kr. og verður 300 þús. kr. og er sú fjárhæð áætluð til áframhaldandi viðhaldsframkvæmda á bústaðnum. *Rekstur ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu* hækkar um 76 þús. kr. og verður 250 þús. kr. *Ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum* hækkar um 20 þús. kr. og verður 160 þús. kr. Framlag til *Hrafnseyrar* verður 50 þús. kr. og er það lækkun um 150 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Framlag til *skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs* hækkar um 922 þús. kr. og verður 2 309 þús. kr. Skýring þessarar hækkunar er sú, að hér er um samningsbundið framlag að ræða og er hlutur Íslands fyrir árið 1983 1 257 þús. NOK en framlagið miðaðist við 1 134 þús. NOK fyrir árið 1982. Þar til viðbótar eru gengisbreytingar íslensku krónunnar frá því framlagið fyrir árið 1982 var ákveðið. Framlag til *öryggismálanefndar* hækkar um 300 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr. Þá hækkar liðurinn *gjöf Jóns Sigurðssonar* um 90 þús. kr. og verður framlagið 270 þús. kr. Liðurinn *stjórnaðskrárnefnd* hækkar um 60 þús. kr. og verður 250 þús. kr. Eitt viðfangsefni fellur nú niður. Er það framlag til *Grænlandssjóðs* en fjárveiting í fjárlögum árið 1982 nam 1 320 þús. kr. *Grænlandssjóður* var stofnaður með lögum nr. 102/1980. Í 3. gr. laganna er kveðið svo á um að framlagsskylda ríkissjóðs nái yfir árin 1981 og 1982, og skuli miðast við 1 250 þús. kr. sem breytist þó í hlutfalli við breytingar á gengi dönsku krónunnar. Framlagsskyldu ríkissjóðs varðandi ákvæði ofangreindra laga hefur nú verið fullnægt og fellur því framlag til sjóðsins niður.

- 102 Þjóðhagsstofnun.** Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 4 018 þús. kr. og er það 1 471 þús. kr. eða 57,7% hækkun frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 2 338 þús. kr. eða 59,4% sem er nokkru hærra en almennar verðlagsforsendur frumvarpsins segja til um. Skýring þessarar hækkunar er sú að tekið hefur verið tillit til flokkatilfærslna. Að öðru leyti er launahækkunin í samræmi við forsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 700 þús. kr. eða 70% og er skýring þessarar hækkunar sú að stofnunin hefur nú nýverið flutt í nýtt og stærra húsnæði og aukast leigugreiðslur samfara því. Viðhald hækkar um 4 þús. kr. og nemur alls 17 þús. kr. Þá lækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 100 þús. kr., en í fjárlögum 1982 voru veittar 150 þús. kr. á þessum lið til húsgagnakaupa. Loks hækka sértekjur stofnunarinnar um 1 471 þús. kr. eða 57,7% og nema alls 4 018 þús. kr. eða sem svarar til helmings útgjalda stofnunarinnar.
- 171 Byggðasjóður.** Framlag til Byggðasjóðs nemur 69 825 þús. kr. sem er hækkun um 17 325 þús. kr. eða 33,0% frá fjárlögum 1982. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að fjárhæð 100 000 þús. kr. Áætlað ráðstöfunarté Byggðasjóðs verður samkvæmt framansögðu sem svarar til 1,3% af útgjöldum ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga.
- 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Fjárveiting verður 2 895 þús. kr. sem er hækkun um 1 934 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Launaliður verður 673 þús. kr. og hækkar um 310 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun umfram almennar forsendur frumvarpsins er um 150 þús. kr. og skýrist af vanáætludum launagreiðslum vegna gæslustarfa o. fl. í þjóðgarðinum. Önnur rekstrargjöld verða 420 þús. kr. sem er hækkun um 227 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Viðhald verður 370 þús. kr. og hækkar um 90 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur alls 1 700 þús. kr. og er það hækkun um 1 380 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Stofnkostnaðarfjárveitingin rennur fyrst og fremst til framkvæmda og endurbóta á Þingvallabæ og lífrannsóknna í Þingvallavatni. Sértekjur verða 268 þús. kr. sem er hækkun um 73 þús. kr. frá fjárlögum 1982.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	10 819	16 839	6 020	55,6
Fræðslumál	1 063 134	1 628 453	565 319	53,2
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	104 945	153 277	48 332	46,1
	Samtals			
Par af markaðir tekjustofnar	6 178 898	1 798 569	619 671	52,6
	12 136	17 105	4 969	40,9

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsóknna í þágu atvinnuveganna, sem fær hluta af einkaleyfisgjaldi af hagnaði Happraðttis Háskóla Íslands, hækkar um 1 529 þús. kr. og verður 4 705 þús. kr. Skemmtanaskattur sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilaskóla Íslands hækkar um 2 900 þús. kr. og verður 11 000 þús. kr. Miðagjald sem rennur til Menningarssjóðs hækkar um 540 þús. kr. og verður 1 400 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka menntamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Framlag hækkar um 6 020 þús. kr. og verður 16 839 þús. kr. Skiptist hækkunin þannig eftir gjaldategundum: Laun hækka um 3 958 þús. kr. og er það í samræmi við almennar kaupgjaldshækkunir. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 984 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, enda tekið mið af niðurstöðutölum ríkisreiknings 1981. Viðhald hækkar um 58 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður um 20 þús. kr. og nemur fjárveiting til þessara verkefna alls 170 þús. kr.

201 Háskóli Íslands. Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 50 406 þús. kr. og verður 145 197 þús. kr. sem er hækkun um 53,1% frá fjárlögum 1982. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 40 794 þús. kr. og verða 113 295 þús. kr. sem er hækkun um 56,2% frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld verða 24 371 þús. kr. og hækka um 8 695 þús. kr. eða 55,4% frá fjárlögum 1982. Þá verður gjaldfærður stofnkostnaður 41 600 þús. kr. sem er hækkun um 6 230 þús. kr. Liðurinn sértekjur hækkar um 5 313 þús. kr. og verður 34 069 þús. kr. Verður nú gerð nánari grein fyrir hækkun útgjalda á einstökum gjaldategundum og viðfangsefnum þar sem tilefni er til athugasemda.

Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar háskólans verður 8 981 þús. kr. sem er hækkun um 3 611 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Launaliður hækkar um 2 012 þús. kr. sem er um 60,4% og er sú hækkun nokkuð umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Skýring þessarar hækkunar er sú að tekin er inn í frumvarpið ný staða deildarfulltrúa fyrir félagsvísindadeild og er kostnaður við þá stöðu um 171 þús. kr. Þá hækkar liðurinn auka- og forfallavinna um 90 þús. kr. umfram almennar launaforsendur. Önnur rekstrargjöld verða 3 763 þús. kr. sem er hækkun um 1 640 þús. kr. frá fjárlögum 1982 eða sem svarar til 77,2% og hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Þá hækka sértekjur á vegum yfirstjórnar um 41 þús. kr. og verða 125 þús. kr.

Læknadeild. Fjárveiting til læknadeildar hækkar um 7 555 þús. kr. og verður 22 127 þús. kr. sem er hækkun um 51,8% frá fjárlögum 1982. Laun verða 21 768 þús. kr. og er það hækkun um 7 719 þús. kr. eða 54,9% frá fjárlögum 1982. Tekin er inn ein ný dósentsstaða í námsbraut í hjúkrunarfræði og er kostnaður vegna þeirrar stöðu um 199

þús. kr. Þá hækkar stundakennsla nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, en að öðru leyti skýrist launahækkun innan læknadeildar af almennum verðhækkunarforsendum. Önnur rekstrargjöld verða 1 608 þús. kr. sem er hækkun um 205 þús. kr. eða 14,6% frá fjárlögum 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni læknadeildar í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Læknadeild án námsbrauta	897	1 037	140	15,6
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	277	395	118	42,6
Námsbraut í hjúkunarfræði	29	44	15	51,7
Námsbraut í sjúkraþjálfun	200	132	-68	-34,0
Samtals	1 403	1 608	205	14,6

Eins og sést á ofangreindu yfirliti hækka önnur rekstrargjöld hjá læknadeild án námsbrauta um 140 þús. kr. eða um 15,6%. Skýring þessarar litlu hækkunar er sú, að breyting verður á kennslufyrirkomulagi í líffærafræði. Eftirleiðis mun kennslan fara fram hér á Íslandi, en kennsla í líffærafræði hefur hingað til orðið að sækja til Bretlands. Að líffærafræði undanskilinni hækka rekstrargjöld í læknadeild án námsbrauta um 41,0%. Önnur rekstrargjöld við námsbraut í sjúkraþjálfun lækka um 68 þús. kr. og verða 132 þús. kr. Skýring þessarar lækkunar er sú, að gert er ráð fyrir að leigugreiðslur fyrir verklega kennslu í sjúkraþjálfun verði 120 þús. kr. árið 1983 í stað 193 þús. kr. sem áætlað er fyrir í fjárlögum 1982. Að leigugreiðslum frátöldum hækka önnur rekstrargjöld við námsbraut í sjúkraþjálfun um 55% frá fjárlögum 1982. Aðrar rekstrargjaldahækkunar hjá læknadeild eru í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Þá hækka sértekjur um 369 þús. kr. og verða 1 249 þús. kr. en sértekjur læknadeildar koma að mestu leyti frá rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

Tannlæknadeild. Fjárveiting til tannlæknadeildar hækkar um 1 717 þús. kr. og verður 5 070 þús. kr. Þar af hækka laun um 1 440 þús. kr. og verða 4 281 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 324 þús. kr. og verða 899 þús. kr. og er það nokkru meiri hækkun en forsendur segja til um. Á næsta ári er ráðgert að tannlæknadeild flytji í nýtt og stærra húsnæði og samfara því aukast rekstrargjöld nokkuð. Þá hækka sértekjur um 47 þús. kr. og verða 110 þús. kr.

Viðskiptadeild. Framlag til viðskiptadeildar hækkar um 1 959 þús. kr. og verður fjárveiting 5 133 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 906 þús. kr. og verða 4 946 þús. kr. sem er umfram áætlaðar grunn- og verðbótahækkunar launa samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Skýring umframhækkunar er að gert er ráð fyrir nýrri stöðu prófessors í þjóðhagfræðigreinum, en áætlaður viðbótarkostnaður samfara því nemur 243 þús. kr. Þá eykst stundakennsla sem svarar 25 þús. kr. umfram verðforsendur. Að öðru leyti hækkar launaliður viðskiptadeildar í hátt við verðlag. Önnur rekstrargjöld verða 187 þús. kr. sem er hækkun um 53 þús. kr. frá fjárlögum 1982.

Verkfræðideild. Fjárveiting til verkfræðideildar hækkar um 12 621 þús. kr. og verður 34 813 þús. kr. Launaliður hækkar um 11 161 þús. kr. eða 56,8% og verður þar með 30 809 þús. kr. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: Tekin er inn 1,0 stada prófessors í frumulíffræði við líffræðiskor og er kostnaður við þá stöðu um 235 þús. kr. Þá hækkar stöðuhlutfall tækjavarðar úr 0,5 í 1,0 stöðu og verður viðbótarkostnaður vegna þess um 70 þús. kr. Þá hækkar launakostnaður vegna stundakennslu um 300 þús. kr. umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Að öðru leyti er um almennar

launahækkunar að ræða. Önnur rekstrargjöld verða 4 389 þús. kr. sem er hækkun um 1 579 þús. kr. eða 56,2% frá fjárlögum ársins 1982.

Rekstur fasteigna. Fjárveiting til reksturs fasteigna Háskóla Íslands verður 13 593 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 5 048 þús. kr. eða 59,1% frá fjárlögum ársins 1982. Laun hækka um 2 551 þús. kr. eða 61,6% frá fjárlögum og er skýring þess sú að ræstingarkostnaður eykst umfram verðlagsforsendur samfara aukningu á húsnæði sem Háskóli Íslands hefur yfir að ráða. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 507 þús. kr. og verða 6 918 þús. kr. sem er hækkun um 56,8% frá fjárlögum 1982. Skýring þessarar hækkunar er sú, að húsaleigugreiðslur og fasteignagjöld vaxa umfram verðlagsforsendur frumvarpsins af ástæðu sem þegar er getið. Að öðru leyti er um almennar verðhækkunar á þessum fjárlagalið að ræða. Þá hækka sértekjur um 10 þús. kr. og verða 20 þús. kr.

Sameiginleg útgjöld. Sameiginleg útgjöld Háskóla Íslands hækka um 3 788 þús. kr. og verða 9 375 þús. kr. Launaliður hækkar um 2 544 þús. kr. eða 63,2% frá fjárlögum 1982, sem er nokkuð umfram verðlagshækkunar. Hækkunin skýrist af því að við gerð tillögu um fjárveitingu til prófstjórnar, stundakennslu, rannsóknauka samkvæmt kjarasamningum og sameiginlegs tölvukostnaðar háskólans var höfð hliðsjón af raunkostnaði 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 244 þús. kr. eða 79,5% og verða 2 808 þús. kr. Helstu skýringar á þessari hækkun eru eftirfarandi: Áætlað er fyrir öðrum rekstrargjöldum í rannsóknasjóð stundakennara að fjárhæð 150 þús. kr. sem er nýtt, ferðakostnaður í rannsóknaleyfum hækkar um 69,6% og verður 1 145 þús. kr. og hefur þá verið höfð hliðsjón af raunkostnaði árið 1981 og það sem af er árinu 1982, fjárveiting til háskólaframlagshækkingar hækkar um 12 þús. kr. eða 121%, tölvukostnaður hækkar um 42 þús. kr. eða 52,0% og prófstjórn hækkar um 32 þús. kr. eða 121%. Að öðru leyti hækka önnur rekstrargjöld sem forsendum frumvarpsins nemur.

Félagssviðsindadeild. Fjárveiting hækkar um 2 325 þús. kr. eða 57,0% og verður 6 405 þús. kr. Launaliður verður 6 121 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 2 238 þús. kr. eða 57,6% frá fjárlögum 1982. Skýring hækkunarinnar er eftirfarandi: Gert er ráð fyrir stundakennslu í félagsráðgjöf og felur það í sér kostnað að fjárhæð 155 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir stundakennslu í þessari námsgrein áður. Aðrar hækkunar launa umfram verðlagsforsendur eru vegna aukinna fjárveitinga til stunda- og æfingakennslu í ýmsum kennslugreinum. Önnur rekstrargjöld hækka um 87 þús. kr. og verða 284 þús. kr. sem er í samræmi við forsendur frumvarpsins.

Byggingarframlagshækkingar og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framlagshækkinga, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 41 600 þús. kr. árið 1983. Gert er ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárens verði með eftirgreindum hætti:

Framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 1983.

Fjármögnun:	þús. kr.
Eign 1. janúar 1983	3 700
Framlag H. H. Í.	23 819
Fjárveiting	13 700
Vaxtatekjur	381
Ráðstöfun:	Samtals 41 600
A. Almenn	þús. kr.
Viðhald húsa og lóða	3 500
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu	4 000
Skipulagning lóða og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð	500
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	600
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða	500
Úrbætur í síma- og öryggismálum	500
B. Nýbyggingar	Samtals 9 600
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð	32 000
	Samtals A + B 41 600

Í ársbyrjun 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á Háskóla- og Landspítalalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps er menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978. Verkefni samráðshópsins var að kanna og endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og Landspítala. Samráðshópurinn sendi frá sér álit, dagsett 11. desember 1978. Þeir sem þá skipuðu fjárveitinganefnd Alþingis gátu fyrir sitt leyti fallist á þau áform um tilhögun framkvæmda og fjármögnun þeirra sem fram komu í álit samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi frá Happraætti Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Fjárhæðin sem gengið var út frá, 9 000 þús. kr., var miðuð við verðlag í október 1978. Nú þegar hafa 53,6% af fjárhæðinni m. v. raungildi verið innt af hendi til Háskóla Íslands. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 13 700 þús. kr. beinni fjárveitingu til framkvæmda eða sem svarar til 23% af raungildi upphaflegu fjárhæðarinnar.

- 207 Íslensk málnefnd.** Íslensk málnefnd var áður viðfangsefni undir liðnum 02-983 Ýmis vísindaleg starfsemi. Lagt er til að stofnaður verði nýr fjárlagaliður, Íslensk málnefnd, og verður fjárveiting alls 345 þús. kr. Er það hækkun um 245 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Fjárveitingin skiptist þannig eftir gjaldategundum: Til launa eru ætlaðar 265 þús. kr. Einvörðungu er um að ræða laun lausráðins starfsfólks svo og þóknun vegna nefndarstarfa. Til að standa straum af öðrum rekstrarkostnaði eru ætlaðar 80 þús. kr. Meðal þeirra verkefna sem nefndin vinnur að er hagfræðiorðasafn, og er talið að takast muni að gefa það út á árinu 1983.
- 231 Náttúrufræðistofnun Íslands.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 1 516 þús. kr. og verður 3 719 þús. kr. Laun hækka um 931 þús. kr. eða 61,7%. Í fjárlögum 1982 var áætlað fyrir launum lausráðins starfsmanns í hálfá stöðu er skyldi annast skrifstofuhald stofnunarinnar. Fjárveitingu fyrir árið 1983 er ætlað að nægja fyrir launagreiðslu til starfsmanns í heilu stöðugildi er sinni þessu verkefni. Aukakostnaður er af þessu hlýst er áætlaður 93 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 265 þús. kr., eða 60%, sem er nokkuð umfram verðlagshækkanir. Skýrist það m. a. af auknu húsrými hjá stofnuninni. Viðhald hækkar um 20 þús. kr. og verður alls 80 þús. kr. Fyrirhugað er að auka við sýningarstöðu safnsins á náttúrugripum. Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar nemur því 500 þús. kr. sem er hækkun um 300 þús. kr. frá fjárlögum 1982, og verður fénu m. a. varið til innréttingar á sýningarhúsnæði.
- 232 Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag hækkar um 593 þús. kr. og verður samtals 2 533 þús. kr. Laun hækka um 610 þús. kr. og má rekja þá hækkun til almennra kaupgjaldsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 155 þús. kr. og er það undir almennri forsendu um verðlagsbreytingu. Ástæðuna má m. a. rekja til þess, að á árinu 1982 lýkur endurskoðun langtímaáætlunar fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Fjárveiting til viðfangsefnisins *langtímaáætlun* er nú fyrst og fremst ætluð til að standa straum af kostnaði við kynningu áætlunarinnar og kosta smærri samræmingarverkefni fyrir rannsóknastofnanirnar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 15 þús. kr. og verða samtals 115 þús. kr. Ætlað er að sértekjur stofnunarinnar hækki samtals um 187 þús. kr. og verði 587 þús. kr. Er það umfram forsendur frumvarpsins um verðlagshækkanir, en fyrirhugað er að auka sölu á þjónustu viðfangsefnisins *upplýsingamál*.
- 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Fjárveiting til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna hækkar um 1 529 þús. kr. og verður 4 705 þús. kr. sem er hækkun um 48,1% frá fjárlögum 1982. Tekjum sjóðsins skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði við rannsóknastarfsemina í landinu, einkum til byggingarframkvæmda og meiri háttar tækjakaupa hjá rannsóknarstofnunum.

- 301-307 Menntaskólar.** Hér verður fjallað á einum stað um alla menntaskóla og helstu breytinga getið. Launaliður hækkar að meðaltali um 54,2% eða um 26 713 þús. kr. Hér er fyrst og fremst um samningsbundnar hækkanir milli ára að ræða. Hækkun launa skýrist einnig af því að gert er ráð fyrir um 2% fjölgun nemenda í menntaskólum. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 296 þús. kr. sem er lítið eitt umfram almennar verðlagshækkanir. Stofnkostnaður nemur 10 190 þús. kr. og er 772 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1982. Stofnkostnaðarframlagið skiptist á eftirfarandi hátt: Til Menntaskólans á Akureyri renna 100 þús. kr. vegna hönnunar á byggingu fyrir félags- og samkomuaðstöðu, til Menntaskólans á Ísafirði renna 5 000 þús. kr. vegna þriðja áfanga skólahúss og 5 090 þús. kr. renna til Menntaskólans á Egilsstöðum vegna áframhaldandi byggingaframkvæmda við heimavist. Menntaskólinn í Kópavogi er ekki með í þessum samanburði við fjárlög 1982 en framlag til stofnkostnaðar nam þá 400 þús. kr. Hann sameinast nú framhaldsdeildum Víghólaskóla og nefnist hér eftir Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut. Starfsemi hans verður því getið í umfjöllun um fjölbrautaskóla. Meginskýring þess að stofnkostnaðarframlag hækkar ekki meira en raun ber vitni er að framlag til Menntaskólans við Sund fellur niður vegna uppgjörs- mála, en það nam í fjárlögum 1982 1 960 þús. kr.
- 319 Framhaldsskólar, almennt.** Framlag hækkar um 1 647 þús. kr. og verður 7 923 þús. kr. Samkvæmt frumvarpinu hækka laun undir þessum lið um 1 290 þús. kr. og nema alls 3 949 þús. kr. Hér er um að ræða áætluð útgjöld vegna forfallakennslu, orlofs kennara, launa prófdómara o. fl. Í fjárlögum 1982 voru áætlaðar 1 270 þús. kr. á öðrum rekstrargjöldum, er ætlaðar voru til að mæta útgjöldum í kjölfar óvæntrar nemendafjölgunar í framhaldsskólum. Ekki er áætlað fyrir hliðstæðum útgjöldum nú. Framlag til viðhalds framhaldsskólanna hækkar um 450 þús. kr. og verður alls 1 850 þús. kr. Framlag til tækjakaupa í framhaldsskólum hækkar um 1 080 þús. kr. og verður 1 554 þús. kr. Þar af er ætlunin að ráðstafa 900 þús. kr. til tölvuvæðingar í framhaldsskólum, en sérstakur starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins hefur fjallað um þau mál. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 87 þús. kr. og verður 570 þús. kr. Hér er um að ræða kostnað við endurmenntunarnámskeið og námskeið í uppeldis- og kennslufræðum.
- 321 Kennaraháskóli Íslands.** Framlag til skólans nemur samtals 28 256 þús. kr. sem er 8 730 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Launaliður hækkar um 5 520 þús. kr., eða 42,9%, sem er innan almennra launahækkana. Skýringin er sú að réttindanámi fyrir grunnskólakennara lýkur í ársbyrjun 1983. Önnur rekstrargjöld nema 2 750 þús. kr. og eru 1 073 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1982. Þetta er töluvert umfram almennar verðlagshækkanir og er vegna þess að nú er áætlað fyrir kostnaði við endurmenntunarnámskeið á þessum lið, samtals 400 þús. kr., en var í fjárlögum 1982 sem yfirfærsla til einstaklinga og samtaka. Til viðhalds eru áætlaðar 270 þús. kr. eða 70 þús. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1982. Til stofnkostnaðar eru ætlaðar 7 270 þús. kr. vegna áframhaldandi framkvæmda við nýbyggingu skólans og er framlag til stofnkostnaðar 2 460 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1982. Sértekjur eru áætlaðar 408 þús. kr. sem er 183 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands.** Heildarframlag hækkar um 5 424 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og nemur samtals 11 598 þús. kr. Launaliður nemur 1 852 þús. kr. og hækkar um 374 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi er innan almennra launahækkana vegna ofáætlunar í fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við almennar verðlagshækkanir og nema 450 þús. kr. Til viðhalds renna 100 þús. kr. og í stofnkostnað eru ætlaðar 9 220 þús. kr. til nýbyggingar íþróttahúss sem boðin var út á þessu ári. Með fjárveitingu í fjárlögum 1982, 4 250 þús. kr., og framlagi samkvæmt frumvarpinu er stefnt að því að ljúka megi undirstöðum alls hússins og gera 2/3 hluta

þess fokhelda. Loks eru áætlaðar sértekjur 24 þús. kr. og eru þær óbreyttar frá fjárlögum 1982.

- 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík.** Framlag hækkar samtals um 13 482 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og rennur til Fjölbrautaskólans í Breiðholti og til Ármúlaskóla. Laun hækka um 12 325 þús. kr., eða 54,7%, önnur rekstrargjöld um 532 þús. kr., framlag til viðhalds hækkar um 65 þús. kr. og framlag til stofnkostnaðar um 560 þús. kr. Hækkun á launalið umfram almenna launaforsendu er vegna launaskriðs og aukinnar starfsemi við öldungadeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Hækkun rekstrargjalda er eingöngu vegna verðlagsbreytinga. Stofnkostnaðarframlag nemur 7 560 þús. kr. Þar af eru 7 165 þús. kr. vegna lokaframkvæmda við E-álmú Fjölbrautaskólans í Breiðholti en 395 þús. kr. eru vegna samnings ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar frá árinu 1978. Heildarframlag nemur 44 695 þús. kr.
- 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Heildarframlag nemur 12 160 þús. kr. sem er 4 658 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Hækkun launaliðar nemur 4 093 þús. kr. eða 58,6%. Þetta er töluvert umfram almennar launahækkanir og er aðallega vegna nýstofnaðrar öldungadeildar við skólann. Önnur rekstrargjöld hækka um 205 þús. kr. sem er í hátt við almenna verðlagsþróun. Framlag til viðhalds nemur 20 þús. kr. og hækkar um 10 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Loks nemur stofnkostnaðarframlag 350 þús. kr. og eru 310 þús. kr. vegna frágangs lóðar og endurbóta en 40 þús. kr. vegna kennslutækjakaupa. Í fjárlögum 1982 var ekkert framlag til stofnkostnaðar.
- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Fjárveiting til skólans nemur 14 922 þús. kr. og nemur hækkun frá fjárlögum 1982 4 690 þús. kr. Laun hækka um 3 686 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 280 þús. kr. Þetta er hvort tveggja nokkuð umfram almenna verðlagsþróun, enda er áætlað fyrir fleiri nemendum nú en í fjárlögum 1982. Viðhald hækkar um 24 þús. kr. frá fjárlögum en framlag til stofnkostnaðar hækkar um 700 þús. kr. og nemur 4 100 þús. kr. Þar af eru 600 þús. kr. vegna lokaframkvæmda við 1. áfanga verknámshúss, 150 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði og 3 350 þús. kr. eru til nýbyggingar heimavistar.
- 356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Heildarfjárveiting verður 9 731 þús. kr. og hækkar um 3 223 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Launaliður hækkar um 1 920 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 120 þús. kr. Báðir gjaldaliðir hækka umfram almenna forsendu um verðlagsbreytingu og skýrist það af nemendafjölgun og stækkun húsnæðis, en tekið hefur verið í notkun nýtt verknámshús. Viðhald hækkar um 13 þús. kr., stofnkostnaður um 1 170 þús. kr. og framlag til stofnkostnaðar verður samtals 5 100 þús. kr. Stofnkostnaðarframlagið skiptist þannig: 1 075 þús. kr. eru til almenns kennslubúnaðar fyrir iðnnám, 135 þús. kr. eru til framkvæmda við verknámshús og 3 890 þús. kr. eru ætlaðar til áframhaldandi framkvæmda við byggingu heimavistar við skólann.
- 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi.** Fjárveiting nemur samtals 10 433 þús. kr. og hækkar um 4 028 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 2 189 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 119 þús. kr. Þetta eru hækkanir umfram almenna verðlagsforsendu enda skólinn í mótun og spáð töluverðri nemendafjölgun. Til viðhalds eru áætlaðar 20 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir slíku í fjárlögum 1982. Stofnkostnaður er samtals 4 000 þús. kr. og hækkar því um 1 700 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Framlaginu er fyrirhugað að verja á eftirfarandi hátt: Til nýbyggingar skólahúss 3 770 þús. kr. og til kaupa á vélum, tækjum og skrifstofubúnaði 230 þús. kr.
- 358 Framhaldsskólinn í Neskaupstað.** Heildarframlag nemur 4 081 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum 1982 er 2 028 þús. kr. Laun hækka um 632 þús. kr., eða 55,3%, og önnur rekstrargjöld um 30 þús. kr. Auk almennrar verðlagsbreytingar skýrist hækkun

- þessara gjaldaliða af auknum umsvifum enda um nýjan skóla að ræða. Viðhald áætlast 8 þús. kr. og stofnkostnaður 2 200 þús. kr. sem rennur til innréttinga 1. áfanga skólahúss.
- 359 Verkmenntaskóli á Akureyri.** Fjárveiting til skólans nemur alls 6 100 þús. kr. og rennur hún öll til stofnkostnaðar. Fjárveiting í fjárlögum 1982 nemur aftur á móti 3 300 þús. kr. Um 2 500 þús. kr. af fjárveitingu ársins 1983 rennur til að ljúka byggingu 1. áfanga skólans og 3 600 þús. kr. til byrjunarframkvæmda við byggingu smiðju og félagsaðstöðu við skólann.
- 422 Námsgagnastofnun.** Framlag hækkar um 5 056 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 15 529 þús. kr. Meðferð á fjárlagatillögum stofnunarinnar er með svipuðu sniði og var í fjárlögum 1982 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Að undanfögnu hefur nefnd unnið að endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar og munu niðurstöður hennar væntanlega liggja fyrir síðar á árinu. Meðal annars kemur til álita að breyta ýmsum þáttum í rekstri stofnunarinnar og taka upp viðfangsefnaskiptingu á fjárlagaliðnum.
- 517 Hótel- og veitingaskóli Íslands.** Framlag til skólans nemur alls 3 659 þús. kr. Þar af eru 1 500 þús. kr. ætlaðar til að leysa húsnæðismál skólans. Að öðru leyti eru breytingar útgjaldaliða í samræmi við forsendur frumvarpsins.
- 518 Fiskvinnsluskólinn.** Framlag til skólans nemur alls 7 157 þús. kr. Framlagið skiptist þannig að til launa, annarra rekstrargjalda og viðhalds renna 2 668 þús. kr. og hækka þessir rekstrarliðir í hátt við launa- og verðlagsbreytingar. Framlag til stofnkostnaðar verður 5 000 þús. kr. og er ætlað til nýbyggingar skólans sem nú er á hönnunarstigi. Þá nema sértekjur alls 511 þús. kr. og er áætlað að þær hækki um 146 þús. kr. eða 40%.
- 523 Fósturskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans hækkar um 2 005 þús. kr. og verður 5 003 þús. kr. Laun verða 4 287 þús. kr. sem er hækkun um 1 641 þús. kr. eða sem svarar til 62,0% frá fjárlögum 1982. Fyrirnefnd hækkan sem er nokkuð umfram verðhækkunarforsendur skýrist af því að í fjárlögum 1982 var áætlað fyrir einni bekkjardeild til viðbótar þeim sem fyrir voru. Gert var ráð fyrir að kennsla þeirrar deildar hæfist í október 1982. Nú er hins vegar áætlað fyrir kennslukostnaði allt árið 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 91 þús. kr. og verða 350 þús. kr. Viðhald hækkar um 280 þús. kr. og verður 300 þús. kr. sem fara á til utanhússviðgerða á húsi skólans. Gjaldfærður stofnkostnaður verður óbreyttur frá fjárlögum 1982 eða 90 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 7 þús. kr. og verða 24 þús. kr.
- 562 Leiklistarskóli Íslands.** Fjárveiting hækkar um 977 þús. kr. og verður 2 628 þús. kr. Launaliður hækkar um 800 þús. kr. og verður 2 027 þús. kr. sem er hækkun umfram launaforsendur frumvarpsins. Skýrist hækkunin af því að á síðastliðnu skólaári var enginn námshópur á 2. námsári en verður hins vegar á næsta ári. Önnur rekstrargjöld hækka um 275 þús. kr. og verða 640 þús. kr. sem er umfram verðviðmiðun frumvarpsins og skýrist af því að tekið er nokkurt tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Aðrir gjaldaliðir hækka um 32 þús. kr. og verða 155 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 131 þús. kr. og verða 181 þús. kr.
- 563 Tónlistarfræðsla.** Framlag nemur alls 28 853 þús. kr. en það er hækkun um 10 033 þús. kr. eða 53,3% frá fjárlögum 1982. Til launagreiðslna við tónlistarskóla í landinu renna 28 443 þús. kr. en 410 þús. kr. eru styrkir til hljóðfærakaupa tónlistarskóla.
- 571 Sjómannaskólahúsið.** Framlagið hækkar um 1 080 þús. kr. og verður 4 415 þús. kr. Laun hækka um 631 þús. kr. og verða 1 957 þús. kr. Hækkunina má rekja til almennra kaupgjaldsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 283 þús. kr. og verða 958 þús. kr. Er það einnig í samræmi við verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Gjaldfærður

stofnkostnaður hækkar um 166 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Gert er ráð fyrir framhaldi þeirra viðhaldsframkvæmda sem hafnar voru á árinu 1982.

- 610 Héraðsskólar, almennt.** Framlag á þessum fjárlagalið rennur til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar í héraðsskólum. Framlag til viðhalds nemur 1 280 þús. kr. og hækkar um 28% frá fjárlögum 1982. Framlag til stofnkostnaðar nemur 3 950 þús. kr. og hækkar um 1 300 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinga-nefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.
- 700-780 Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla á þessum liðum hækkar um 195 233 þús. kr. eða 55,9%. Laun verða 503 370 þús. kr. og hækka um 183 436 þús. kr., eða 57,3%, og er það verulega umfram almennar launahækkunarir. Skýringin er sú að tilfærslur hafa verið milli launaflokka á árinu 1982 frá gerð fjárlaga þess árs og er talið að meðallaunaflokkur kennara hafi hækkað um tvo frá því sem þá var gert ráð fyrir. Það hefur m. a. leitt af sér álíka hækkunarir á áætlaðri yfirvinnu og ýmsum framlögum og greiðslum sem miðast við laun. Talið er að þessar hækkunarir séu allt að 7% og skýri um 22 400 þús. kr. af hækkun launaliðar í frumvarpi 1983. Til lækkunar á launalið koma tæplega 800 þús. kr. (miðað við launagrunn frumvarpsins) þar sem ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til kennslu 5 ára barna í Reykjavík 1983, enda hafa talsmenn Reykjavíkurborgar lýst yfir að hún taki ekki þátt í rekstri bekkjardeilda 5 ára barna frá og með upphafi núverandi skólaárs (1982/83). Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi fræðsluskrifstofa frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld verða 38 643 þús. kr. og hækka um 11 040 þús. kr. eða 40%. Yfirfærslur til sveitarfélaga, sem er framlag til fræðsluskrifstofa, sbr. 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, hækka um 757 þús. kr. eða 43,7% og verða 2 488 þús. kr.
- 791 Grunnskólar, almennt.** Fjárveiting hækkar um 5 641 þús. kr. og verður 17 310 þús. kr. Tvö ný viðfangsefni eru nú tekin inn á þennan lið: *Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala* 265 þús. kr. og *fræðslusýningar fyrir fötluð börn* 220 þús. kr. Til *framhaldsdeilda grunnskóla* renna nú 10 762 þús. kr. Framlagið hækkar um 3 407 þús. kr. og er það nokkru minna en svarar verðlagsbreytingum. Menntaskólinn í Kópavogi verður nú með fjölbrautarniði og því fellur niður framhaldsdeild við Víghólaskóla. Sé framhaldsdeild við Víghólaskóla undanskilin í samanburðinum nemur hækkun milli ára 4 207 þús. kr. Framlag til launa *stjórnskipaðra prófdómara* hækkar um 635 þús. kr. og verður 1 790 þús. kr. Framlag til *umferðarfræðslu í skólum* hækkar um 94 þús. kr. og verður 304 þús. kr. Til *framkvæmdar sundskýldu í skólum* renna 3 800 þús. kr. Hækkun nemur 1 010 þús. kr. Til *skíðakennslu í skólum* hækkar framlag um 14 þús. kr. og verður 49 þús. kr. Til *unglingafræðslu* renna 20 þús. kr. og nemur hækkunin 6 þús. kr. Framlag til *rannsókna á áhrifum skólaskýldu* er óbreytt að krónutölu eða 100 þús. kr.
- 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólustjóra, framlög.** Fjárveiting hækkar um 15 811 þús. kr., og nemur alls 81 420 þús. kr. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárins.
- 797 Skólar fyrir þroskaheft börn.** Þessi liður var áður nefndur „Stofnanir afbirgðilegra barna“. Nokkrir kostnaðarliðir hafa verið fluttir á milli viðfangsefna. Laun verða 26 072 þús. kr. og hækka því um 10 534 þús. kr. eða 67,7%. Skýrist hækkunin þannig: Aukning á kennslu (föst laun og stundakennsla) nemur um 2 320 þús. kr. og á öðrum störfum um 360 þús. kr., þar með talin ein staða sálfræðings á viðfangsefninu *Dagvistun forskólabarna* (199 þús. kr.) og 0,25 stöðugildi sjúkráþjálfara í *Kjarvalshúsi* (48 þús. kr.) eða samtals um 2 680 þús. kr. Eftir stendur launahækkun sem nemur 7 854 þús. kr. eða 50,5% og er vegna almennrar launahækkunar samkvæmt forsend-

um frumvarpsins. Aukning á kennslumagni stafar bæði af fjölgun nemenda og aukinni kennslu margra þeirra nemenda sem fyrir eru. Önnur rekstrargjöld verða 4 238 þús. kr. og hækka því um 1 427 þús. kr. eða 50,7%. Viðhald lækkar um 158 þús. kr. og verður 347 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 385 þús. kr. og hækkar um 80 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga eru áætlaðar 4 100 þús. kr. og hækka því um 1 850 þús. kr. eða 82,2%. Hér er um að ræða kostnað við vistun og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum. Þessi kostnaðarliður er á viðfangsefninu *Dagvistun forskólabarna* ásamt 199 þús. kr. launum til sálfræðings sem fyrir er getið. Hér er um nýja stöðu að ræða og er sálfræðingnum ætlað að gera starfs- og námsáætlanir fyrir forskólabörn og vinna með foreldrum og kennurum að áætlunum þessum. Talið er að þetta geti sparað pláss á dagvistarstofnunum en foreldrar geti þess í stað sjálfir sinnt börnum sínum heima. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 893 þús. kr. eða 80,2% og verða 2 006 þús. kr. Hér er um að ræða þrjá liði. Í fyrsta lagi eru áætlaðar 1 766 þús. kr. til að greiða dvalarkostnað þroskaheftra barna sem eru vistuð hjá vistunarforeldrum en gerður hefur verið samningur um þessar greiðslur og fylgja þær launabreytingum. Í öðru lagi eru 200 þús. kr. áætlaðar til greiðslu á sumardvöl þroskaheftra barna og er það óbreytt tala frá fjárlögum 1982. Báðir þessir kostnaðarliðir eru á viðfangsefninu *Sameiginleg þjónusta*. Í þriðja lagi er um að ræða 40 þús. kr. til *Bliss-nefndar* sem er nýtt viðfangsefni. Er þetta framlag til íslensku *Bliss-nefndarinnar*, en s. l. fjögur ár hefur farið fram hér á landi kennsla í bliss-táknmáli fyrir þroskahefta. Sértekjur eru áætlaðar 275 þús. kr. og hækka um 75 þús. kr. Hér er um að ræða endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna útlagðs kostnaðar við tannviðgerðir (65 þús. kr.) annars vegar og vegna vistunar barna hjá vistforeldrum hins vegar (210 þús. kr.).

Skipting stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum (í þús. kr.) er eftirfarandi:

Viðfangsefni	Stöðugildi áætluð	Fjárveiting 1983
0102 Öskjuhlíðarskóli	45,4	10 990
0103 Kjarvalshús, greiningarstöð	13,0	3 022
0104 Þjálfunarskólar	63,0	13 483
Kópavogshæli	16,0	3 521
Sólheimar	2,0	476
Geðdeild Hringins	9,67	1 937
Bjarkarás	6,33	1 416
Safamýrarskóli	16,33	3 326
Tjaldanes	1,67	436
Sólborg	11,0	2 371
0105 <i>Dagvistun forskólabarna</i>	1,0	4 299
0106 <i>Sameiginleg þjónusta</i>	3,0	5 039
Sameiginlegur kostnaður		2 423
Dvalarkostnaður, vistun		1 556
Fjölskylduheimili, Reynilundi	3,0	860
Sumardvöl		200
0107 <i>Bliss-nefnd</i>		40
Samtals	125,3	36 873

Í þessari upptalningu yfir stöðugildi eru bæði heimilaðar stöður og „reiknuð“ kennarastöðugildi miðuð við kennslumagn. Þau stöðugildi sem ekki eru vegna kennslu eru 26,5, þar af 10,5 hjá Öskjuhlíðarskóla, 12,0 hjá Kjarvalshúsi, 1,0 hjá Dagvistun forskólabarna og 3,0 hjá fjölskylduheimilinu að Reynilundi 4.

- 802 Vernd barna og ungmenna.** Alls hækka fjárveitingar undir þessum lið umf 797 þús. kr. og nema alls 1 610 þús. kr. Framlag til *Barnaverndarráðs* hækkar samkvæmt frumvarpinu um 470 þús. kr. og verður 962 þús. kr. Er það verulega umfram áætlaðar verðlagshækkanir sem m. a. stafar af því að nú er áætlað fyrir nýrri starfsemi, foreldraráðgjöf. Hækkun framlaga af þeim sökum er um 265 þús. kr. Að öðru leyti er um verðlagsbreytingar að ræða. Áætlað er að styrkgreiðslur ríkisins til *meðferðarheimilisins að Smáratúni* hækki um 327 þús. kr. og nemi 600 þús. kr. á árinu 1983. Menntamálaráðuneyti og meðferðaraðilar að Smáratúni hafa nú gert með sér samkomulag um ýmis atriði er að rekstri heimilisins lúta og er tekið tillit til þess. Framlög til styrktar munadarmausum, vanræktum og fötludum unglíngum til náms og til *sumardvalarheimila* eru óbreytt að krónutölu.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag til byggingar dagvistarheimila verður 22 000 þús. kr. og hækkar því um 7 000 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Framlag hækkar meira en til annarra framkvæmdaliða. Við lausn kjaradeilna 1980 féllst ríkisstjórnin á gerð langtímaáætlunar um uppbyggingu dagvistar barna í landinu. Fjárveitinganefnd Alþingis mun samkvæmt venju gera tillögu um skiptingu fjárins.
- 871 Unglingaheimili ríkisins.** Framlag til unglíngaheimilisins hækkar um 46 þús. kr. og verður 1 986 þús. kr. Fjárveitingin felur í sér 2,4% hækkun frá fjárlögum 1982. Helsta orsök þess, að framlag hækkar ekki meir en raun ber vitni, er að sértekjur stofnunarinnar hækka um 2 085 þús. kr. eða 130,7% og verða 3 680 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar miðast við daggjöld Borgarspítalans og eru greiddar af sveitarfélögum fyrir vistmenn. Skýringin á hækkun sértekna er annars vegar hækkun daggjalda sjúkrastofnana milli ára og hins vegar fjölgun vistmanna, sem leiðir af sér auknar tekjur. Laun hækka um 1 473 þús. kr. og verða 4 381 þús. kr. Við meðferð á öðrum fjárlagaliðum heimilisins var höfð hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings 1981. Eftirtaldir hækkanir verða á einstökum liðum frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrar-gjöld hækka um 281 þús. kr. og verða 700 þús. kr. Viðhald hækkar um 332 þús. kr. og verður 410 þús. kr., sem ráðstafa skal til viðhalds og málningar á húseignum heimilisins.
- 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag til sjóðsins hækkar um 97 061 þús. kr., eða 82,3%, og verður 214 943 þús. kr. Að auki er áætlað að sjóðnum verði aflað lántökuheimildar að fjárhæð 90 000 þús. kr. og er það 80% hækkun frá fjárlögum 1982. Við áætlun á útlánagetu sjóðsins er tekið tillit til laga nr. 72/1982 er um sjóðinn gilda. Gert er ráð fyrir að mætt verði 95% af umframfjárbörf námsmanna á árinu 1983 í stað 90% áður en það skýrir um 14 175 þús. kr. af hækkun framlags til sjóðsins. Styrkveitingar eru áætlaðar 19 900 þús. kr. og er það 103% hækkun frá fjárlögum 1982.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög.** Heildarframlag hækkar um 443 þús. kr. Til *félagsstofnunar stúdenta* eru nú veittar 1 632 þús. kr. og hækkar framlag um 577 þús. kr. Framlag til *viðhalds stúdentagarða* hækkar um 36 þús. kr. og verður 2 136 þús. kr. Niður fellur framlag til *hjórnagarða* sem var 170 þús. kr. í fjárlögum 1982. Að öðru leyti eru framlög undir þessum lið óbreytt að krónutölu og koma til nánari athugunar í fjárveitinganefnd.
- 885 Fullorðinsfræðsla.** Framlag til *Bréfaskólans* hækkar um 117 þús. kr. Framlag til *námsflokka* hækkar um 21 þús. kr. Hækkun framlaga til *félagsmálanámskeiðs* nemur 13 þús. kr. og til *Heimilisiðnaðarskólans* 11 þús. kr. Samtals hækka því fjárveitingar undir þessum lið um 162 þús. kr. og nemur fjárveiting alls 507 þús. kr.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands.** Framlag hækkar um 3 266 þús. kr. og verður 8 957 þús. kr. Fjárveitingin skiptist á eftirtalin viðfangsefni: *Þjóðminjasafn*, *Örnefnastofnun*, *sjóminjasafn* og *byggða- og minjasöfn*. Viðfangsefnið *byggða- og minjasöfn* er nýtt.

Undir því viðfangsefni er áætlað fyrir rekstrar- og byggingarstyrk til byggðasafna samkvæmt 42. gr. laga nr. 52/1969. Áður var áætlað fyrir þessum styrkjum undir viðfangsefninu *Þjóðminjasafn*. Framlög skiptast þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 708 þús. kr. og verða 4 431 þús. kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu skrifstofumanns í hálfu starfi. Kostnaðarauki af þessum sökum er 93 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 248 þús. kr. og verða 906 þús. kr. sem er að mestu leyti í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld *Þjóðminjasafns* aukast nokkru meira en svarar til verðlagsbreytinga sem stafar af auknum umsvifum tengdum tækniminjum. Grímnir, blað *Örnefnastofnunar*, kemur ekki út 1983. Því hækka rekstrargjöld *Örnefnastofnunar* nokkru minna en svarar til verðlagsbreytinga. Viðhald hækkar um 151 þús. kr. og verður 572 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 15 þús. kr. og verður 354 þús. kr. og til sveitarfélaga vegna *byggða- og minjasafna* renna 2 400 þús. kr. sem er hækkun um 1 350 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Samkvæmt vaju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárins. Framlag til einstaklinga og samtaka (vegna *sjóminjasafns*) lækkar um 200 þús. kr. og verður 400 þús. kr. en unnið er að viðgerð svokallaðs Bryde-pakkhúss í Hafnarfirði. Sértekjur lækka um 24 þús. kr., en þessi liður var nokkuð ofáætlaður í fjárlögum ársins 1982.

- 906 Listasafn Einars Jónssonar.** Framlag hækkar um 249 þús. kr. og verður 761 þús. kr. Laun hækka um 112 þús. kr. og verða 321 þús. kr. Hækkanir þessar má rekja til almennra kaupgjaldsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 24 þús. kr. og verða 80 þús. kr. Viðhald hækkar um 107 þús. kr. og verður 360 þús. kr. Í fjárlögum ársins 1982 var veitt fé til átaks í viðhaldsmálum safnsins. Nú er ætlast til þess, að nokkrum hluta viðhaldsfjár verði varið til framkvæmda í garði safnsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 þús. og verður 10 þús. Sértekjur lækka um 5 þús. kr.
- 907 Listasafn Íslands.** Framlag hækkar um 1 574 þús. kr. og verður 3 739 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 584 þús. kr. og verður sú hækkun öll rakin til almennra verðlagshækkana í samræmi við forsendur frumvarpsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 990 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. Helmingi fjárveitingarinnar, eða 1 000 þús. kr., verður varið til framkvæmda við nýbyggingu safnsins en hinum helmingnum til listaverkakaupa. Gert er ráð fyrir að sértekjur verði óbreyttar að krónutölu og nemi 45 þús. kr.
- 908 Kvikmyndasafn Íslands.** Framlag lækkar um 17 þús. kr. og verður 535 þús. kr. Laun hækka um 58 þús. kr. og verða 114 þús. kr., sem er um 30 þús. kr. umfram forsendur frumvarpsins en gert er ráð fyrir að sú fjárhæð fari til lausráðningar á aðstoðarfólki. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 þús. kr. og verða 142 þús. kr. Viðhald verður 43 þús. kr. og hækkar um 40 þús. kr. Verulegur hluti þeirrar fjárveitingar rennur til viðhalds safnmuna. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 105 þús. kr. og verður 295 þús. kr. Í fjárlögum 1982 var veitt fé til að koma upp kvikmyndageymslu. Því verkefni er nú að mestu lokið og því lækkar þessi liður. Sértekjur eru ætlaðar 60 þús. kr. en engar sértekjur voru áætlaðar á stofnunina í fjárlögum 1982.
- 931 Náttúruverndarráð.** Heildarfjárveiting nemur 3 825 þús. kr. og er það 1 114 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982 eða 41%. Laun hækka um 643 þús. kr., eða 54,4%, sem er nokkurn veginn í samræmi við almennar kaupgjaldshækkanir. Við meðferð á öðrum rekstrargjöldum og sértekjum var höfð hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings árið 1981 og gerðar lagfæringar með tilliti til þess. Af þessum orsökum hækka önnur rekstrargjöld um 566 þús. kr., eða 67,4%, og sértekjur um 234 þús. kr. eða 117%. Viðhald hækkar um 5 þús. kr. og verður 18 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður

hækkar um 134 þús. kr. og verður 1 012 þús. kr. Skiptist fjárveitingin þannig: Þjóðgarðurinn í Skaftafelli 120 þús. kr., þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum 400 þús. kr., Friðlýsingarsjóður 177 þús. kr., merkingar og eftirlit friðlýstra svæða 225 þús. kr. og loks 90 þús. kr. til annarra viðfangsefna.

- 972 Ríkisútlag, sjónvarp.** Framlag úr ríkissjóði nemur 1 321 þús. kr. sem er vegna afborgana og vaxta af lánum teknum á árunum 1979—1981. Fjárveitinganefnd Alþingis mun taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við afgreiðslu fjárlaga svo sem verið hefur.
- 973 Þjóðleikhúsið, framlög.** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld í B-hluta verði 42 063 þús. kr. sem er hækkun um 15 158 þús. kr. eða 56,3% frá fjárlögum 1982. Áætlað er fyrir tveimur nýjum stöðum við Þjóðleikhúsið, eru það ein staða skrifstofumanns og ein staða listdansstjóra, og verður viðbótarkostnaður um 305 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að staða leikritahöfundar verði framvegis talin með föstum heimiludum stöðum og verði að jafnaði ráðið tímabundið í stöðuna. Viðbótarkostnaður verður enginn þar sem fjárveiting var fyrir hendi í fjárlögum 1982. Gert er ráð fyrir að tekjuöflun hússins verði með eftirgreindum hætti: Framlag ríkissjóðs að fjárhæð 28 313 þús. kr. sem er hækkun um 7 900 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Tekjur af seldri vöru og þjónustu eru áætlaðar að verði 13 625 þús. kr. sem er hækkun um 7 158 þús. kr. frá fjárlagaáætlun 1982. Ofangreind hækkun eigin tekna felur í sér að aðgöngumiðaverð þarf að hækka meira en sem nemur verðhækkunarforsendum frumvarpsins. Þá hækka vaxtatekjur um 100 þús. kr. og verða 125 þús. kr.
- 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Fjárveiting verður alls 9 409 þús. kr. og er það 3 493 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 5 880 þús. kr. og verða 15 685 þús. kr. Ný lög um hljómsveitina, nr. 36/1982, tóku gildi á þessu ári og kveða meðal annars svo á um, að í hljómsveitinni skuli vera minnst 65 stöðugildi hljóðfæraleikara. Í launalið fjárlaga 1982 var gert ráð fyrir 63 stöðugildum alls, þar af 58 stöðum hljóðfæraleikara, er því áætlað fyrir fjölgun stöðugilda um 7 í frumvarpinu. Alls hækka laun af þessum sökum um 1 130 þús. kr. Við áætlun annarra liða er tekið tillit til aukinna umsvifa hljómsveitarinnar með hliðsjón af lagasetningunni, en meðal nýmæla er að hljómsveitinni er ætlað að halda hljómleika á ýmsum stöðum á landinu. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 200 þús. kr. og verða 3 600 þús. kr. Seldar vörur og þjónusta verða 2 483 þús. kr. sem er 1 271 þús. kr. eða 104,8% hækkun frá fjárlögum 1982. Liðurinn aðrar tekjur hækkar um 2 316 þús. kr. og verður 7 393 þús. kr., en hér er um að ræða framlag Ríkisútvarps, Reykjavíkurborgar og bæjarsjóðs Seltjarnarness. Samkvæmt nýju lögum skulu framlög vegna rekstrarkostnaðar hljómsveitarinnar skiptast í hlutföllunum: Ríkissjóður 56%, Ríkisútlag 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%.
- 976 Menningarsjóður, framlag.** Framlag hækkar um 610 þús. kr. og verður 1 610 þús. kr. Í tekjuáætlun er talið að miðagjald til Menningarsjóðs nemi 1 400 þús. kr. Auk þess er gert ráð fyrir 210 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði.
- 977 Byggingarsjóður þjóðarboðhlöðu.** Framlag til byggingar þjóðarboðhlöðu hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Þar af eru 10 000 þús. kr. fjármagnaðar með lántöku. Fyrirhugað er að verja meginhluta fjárens til kaupa og uppsetningar á utanhússklæðningu og til tengdra verka á 3. og 4. hæð hússins.
- 980 Listskreytingasjóður ríkisins.** Með lögum nr. 34/1982 var stofnaður Listskreytingasjóður ríkisins. Í 3. gr. laganna segir að framlag ríkisins skuli nema 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.). Þar sem nokkur atriði í framkvæmd þessara laga eru ennþá óljós, enda sjóðurinn nýlega stofnaður, er fjárveiting fyrir árið 1983 áætluð 2 000 þús. kr.

982 **Listir, framlög.** Framlög undir þessum lið hækka um 11 887 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Samtals verða framlög þessi því 27 293 þús. kr. Viðfangsefnum fjölgar um eitt. Nú er veitt 25 þús. kr. til *alþjóðaráðstefnu myndlistarmanna*. Framlög til leiklistarstarfsemi breytast eins og hér greinir: Framlag til *Leikfélags Reykjavíkur* hækkar um 482 þús. kr. og verður 1 212 þús. kr. Framlag til *Leikfélags Akureyrar* hækkar um 512 þús. kr. og verður 1 212 þús. kr. Hækkun á framlagi til *Alþýðuleikhússins* nemur 812 þús. og verður það 1 212 þús. kr. Til *leiklistarstarfsemi* renna 1 650 þús. kr. og hækkar framlag um 550 þús. kr. Til *Bandalags ísl. leikfélaga* renna 225 þús. kr. sem er hækkun um 75 þús. kr. Framlag til *annarrar leiklistarstarfsemi* nemur 150 þús. kr. og hækkar um 50 þús. kr. Til *Leiklistarráðs* renna 67 þús. kr. og hækkar framlag því um 22 þús. kr. Framlag til *Íslensku óperunnar* hækkar um 900 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Til *Íslenska dansflokksins* renna 375 þús. kr. og hækkar framlagið um 125 þús. kr. Framlag til *Brúðuleikhúsa* hækkar um 25 þús. kr. og verður 75 þús. kr. Til *Ferðaleikhúss* renna 45 þús. kr. og hækkar framlag um 15 þús. kr. Til *kynningar á íslenskum leikritum erlendis* renna 200 þús. kr. Hækkun nemur 100 þús. kr. Framlög til bókmenntastarfsemi hækka sem hér segir: Til *höfundamiðstöðvar* 13 þús. kr. og verður framlag 38 þús. kr. Til *Rithöfundasambands Íslands* 7 þús. kr. og verður framlag 22 þús. kr. Til *Launasjóðs rithöfunda* 1 200 þús. kr. og verður framlag 3 600 þús. kr. Til *Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga* hækka um 31 þús. kr. og verða 94 þús. kr. Til *Rithöfundasjóðs Íslands* hækkar framlag um 600 þús. kr. og verður 1 800 þús. kr. Til *Pýðingarsjóðs* hækkar framlag um 250 þús. kr. og verður 750 þús. kr. Til *kynningar á ísl. bókmenntum erlendis* renna 200 þús. kr. sem er 50 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Til *kynningar á norrænum bókmenntum í Bandaríkjunum* renna 75 þús. kr. og nemur hækkunin 25 þús. kr. Framlög til tónlistarstarfsemi hækka sem nú verður tilgreint: Til *lúðrasveita* renna 100 þús. kr. sem er 50 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1982. Framlög til *annarrar tónlistarstarfsemi* hækka um 65 þús. kr. og verða 195 þús. kr. Framlag til *tónlistardaga* hækkar um 13 þús. kr. og verður 38 þús. kr. Til *kynningar á íslenskri tónlist erlendis* renna nú 75 þús. kr. og hækkar framlag því um 25 þús. kr. Framlag til *Íslensku Tónverkamiðstöðvarinnar* nemur 225 þús. kr. og hækkar um 75 þús. kr. Framlög er flokkuð verða til myndlistar breytast sem hér segir: Styrkir til *myndlistarskóla og námskeiða* hækka um 410 þús. kr. og verða 1 230 þús. kr. Til *listasafna* renna 262 þús. kr. og nemur hækkunin 87 þús. kr. Til *Listasafns alþýðu* renna 380 þús. kr. og nemur hækkunin 305 þús. kr. til *F. Í. M.* renna 150 þús. kr. og hækkar framlag um 50 þús. kr. Til *Myndhöggvarafélagsins* renna 55 þús. kr. og hækkar framlag því um 18 þús. kr. Til *Nýlistasafns* renna 68 þús. kr. og hækkar framlag um 23 þús. kr. Til viðfangsefnisins *Íslensk grafík* renna 30 þús. kr. sem er 10 þús. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1982. Eins og fyrr er frá greint er nú tekið upp viðfangsefnið *alþjóðaráðstefna myndlistarmanna*. Til *kynningar á íslenskri myndlist erlendis* renna nú 200 þús. kr. Framlag hækkar um 150 þús. kr. Til *listiðnaðarmála* renna 100 þús. kr. og nemur hækkunin 70 þús. kr. Til *Vefnaðar- og listiðnaðarskóla Sigrúnar Jónsdóttur* renna 30 þús. kr. og hækkar framlagið um 10 þús. kr. Breytingar á framlögum til kvikmyndagerðar eru sem hér greinir: Til *Kvikmyndasjóðs* er áætlað að renni 3 000 þús. kr. og nemur hækkunin 1 500 þús. kr. til *Félags kvikmyndagerðarmanna* er áætlað að renni 45 þús. kr. sem er hækkun um 15 þús. kr. Til *Fjalakattarins* er áætlað að renni 30 þús. kr. og hækkar framlag þá um 10 þús. kr. Til *kynningar á íslenskum kvikmyndum erlendis* er áætlað að veita 75 þús. kr. og hækkar það framlag um 25 þús. kr. milli ára. Framlög til viðfangsefna er eigi verða felld undir einstakar listgreinar hækka sem hér segir: Til *heiðurslauna listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis* er áætlað að renni 1 200 þús. kr. sem er 694 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1982. Til *listamannalauna, úthlutað af nefnd sem Alþingi kýs skv. lögum nr. 29/1967* renna samkvæmt frumvarpinu 1 700 þús. kr. og hækkar framlag þá um 585 þús. kr. Til *listkynningar* er áætlað að renni 150 þús. kr. Hækkun nemur 50 þús. kr.

Til *starfslauna listamanna* er ætlað að veita 2 500 þús. kr. Hækkun nemur 1 385 þús. kr. Til *Bandalags íslenskra listamanna* renna 30 þús. kr. Hækkun 10 þús. kr. Til *lista og menningarmála, almennt* renna 500 þús. kr. Hækkun 250 þús. kr. Til *Listahátíðar í Reykjavík*, gegn jafnháu framlagi Reykjavíkurborgar, renna 263 þús. kr. Hækkun 88 þús. kr. Til *Norrænu sumarvinnustofunnar* renna 60 þús. kr. og er það hækkun á framlagi um 20 þús. kr. Að síðustu er að nefna að til *endurskoðunar höfundarlags* renna 75 þús. kr. samkvæmt frumvarpinu en framlag hækkar um 25 þús. kr.

- 983 Ýmis vísindaleg starfsemi.** Heildarframlag lækkar um 51 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 156 þús. kr. Nokkrar breytingar verða á viðfangsefnum. *Íslenskri málnefnd* er nú ætlað fé undir fjárlagalið 02-207. Fjárveiting til *Íslenskrar málnefndar* er 100 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Tvö ný viðfangsefni eru tekin inn á þennan lið: *Sameindalíf-fræðiping Evrópu* 1 þús. kr. Styrkt er ferð Íslendinga á fundi þessara samtaka. Sameindalíf-fræðiping Evrópu ræður yfir nokkru fé. Vegna aðildar Íslands að samtökunum eiga m. a. íslenskir vísindamenn kost á að sækja um styrki til sameindalíf-fræðipingsins. Nú er einnig styrkur á þessum fjárlagalið til *Eðlisfræðifélags Íslands* að upphæð 12 þús. kr. Styrkir til *Íslenska stærðfræðifélagsins* og *Hins íslenska náttúrufræðifélags* hækka um 2 þús. kr. til hvors félags. Hlutur *Stærðfræðifélagsins* er þá 9 þús. kr., en *Náttúrufræðifélagsins* 7 þús. kr. Til *vísinda- og fræðimanna* renna 22 þús. kr. og hækkar framlag um 6 þús. kr. Styrkur til *Surtseyjarfélagsins* er áætlaður 20 þús. kr. og hækkar um 5 þús. kr. milli ára. Styrkur til *jökjarannsóknna og mælinga* hækkar um 4 þús. kr. og verður 18 þús. kr. Loks hækkar styrkur til *tímaritsins Jökuls* um 17. þús. kr. Þannig að heildarstyrkur verður 67 þús. kr.
- 984 Norræn samvinna.** Framlag hækkar um 229 þús. kr. og verður 1 411 þús. kr. Hækkun á framlagi Íslands vegna *samstarfs á sviði menningarmála* nemur 123 þús. kr. Heildarframlag Íslands vegna *norræna menningarmálasamstarfsins* nemur þannig 1 164 þús. kr. Framlag til *norræns samstarfs* hækkar um 28 þús. kr. og verður 98 þús. kr. Fé af þessum lið rennur fyrst og fremst til að styrkja ferðir Íslendinga á norræn námskeið og ráðstefnur, enda eigi þeir ekki kost á þess háttar stuðningi annars staðar frá. Styrkur til *Norræna félagsins* hækkar um 22 þús. kr. og verður 77 þús. kr. *Styrkur handa rithöfundum til dvalar á Nordurlöndum* er samkvæmt frumvarpinu 5 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum eða 17 þús. kr. *Styrkur til færeysks rithöfundar til dvalar á Íslandi* er áætlaður 5 þús. kr. sem er 1 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1982. Nýtt viðfangsefni er nú tekið inn á þennan lið, *Nordkalott*. Hér er um að ræða margvíslegt samstarf Íslendinga og annarra íbúa á norðurslóðum, en auk Íslendinga teljast íbúar nyrðri héraða Noregs, Svíþjóðar og Finnlands til þessa hóps. Fjárveitingin til þessa viðfangsefnis er 50 þús. kr.
- 985 Félagsheimilaskjöldur.** Framlag til skjóðsins verður 10 352 þús. kr. og hækkar um 3 062 þús. kr. eða 42,0%.
- 986 Íþróttaskjöldur.** Framlag hækkar um 2 695 þús. kr. og verður 13 575 þús. kr. *Rekstrarstyrkir* hækka um 245 þús. kr. og verða alls að upphæð 945 þús. kr. Til *byggingar íþróttamannvirkja* er áætlað að renni 12 630 þús. kr. og hækkar það framlag þá um 2 450 þús. kr. Svo sem venja er mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar.
- 987 Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur.** Nú er fé til þessara verkefna veitt undir lið 02-997 Húsfríðun. Því fellur liðurinn 02-987 niður.
- 988 Æskulýðsmál.** Fjárveiting hækkar um 599 þús. kr. og verður 2 303 þús. kr. Framlag til einstakra viðfangsefna er sem hér greinir: Til *Æskulýðsráðs ríkisins* 345 þús. kr. og er það hækkun um 115 þús. kr. Til *Æskulýðssambands Íslands* renna 80 þús. kr. og er

það hækkun um 20 þús. kr. Til *Ungmennafélags Íslands* renna 1 396 þús. kr. og er það hækkun um 346 þús. kr. Til *Bandalags íslenskra skáta* fara 226 þús. kr. og hækkar framlag um 56 þús. kr. Til *skátahreyfingarinnar vegna Úlfljótsvatns* fara 53 þús. kr. og hækkar það framlag um 13 þús. kr. Til *Bandalags íslenskra farfugla* renna 8 þús. kr. og hækkar framlag um 1 þús. kr. Til *íslenskra ungtemplara* eru ætlaðar 80 þús. kr. og hækkar framlag um 20 þús. kr. Til *landssambands KFUM og KFUK* fara 53 þús. kr. og er það hækkun um 13 þús. kr. Til *KFUM vegna starfsemi í Vatnaskógi* renna 33 þús. kr. og hækkar framlag um 8 þús. kr. Að síðustu hækkar framlag til *KFUK vegna starfsemi í Vindáshlíð* um 7 þús. kr. og verður 29 þús. kr.

- 989 Ýmis íþróttamál.** Framlag hækkar um 2 276 þús. kr. eða 41,7% og verður 7 725 þús. kr. Framlag til einstakra viðfangsefna verður eins og hér segir samkvæmt frumvarpinu: Til *Íþróttasambands Íslands* 5 600 þús. kr., hækkun 1 600 þús. kr. Til *farkennslu í íþróttum* 30 þús. kr., hækkun 10 þús. kr. Til *skíðaskólans í Kerlingarfjöllum* 56 þús. kr., hækkun 16 þús. kr. Til *íþróttamála fatlaðra* 375 þús. kr., hækkun 125 þús. kr. Til *Ólympíunefndarinnar* 150 þús. kr., hækkun 50 þús. kr. Til *útgáfu handbókar um skólaíþróttir* 30 þús. kr., hækkun 10 þús. kr. Til *Taflfélags Reykjavíkur* 20 þús. kr., hækkun 6 þús. kr. Til *Skáksambands Íslands* 98 þús. kr., hækkun 33 þús. kr. Til *styrkja vegna alþjóðaskákmóta* er áætlað að renni 45 þús. kr., og hækkar þá framlag um 15 þús. kr. *Forseta FIDE* er ætlað að styrkja með 800 þús. kr. fjárframlagi. Hækkar það um 273 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Til *stórmeistara í skák* er ætlað að renni 500 þús. kr. og hækkar sú fjárveiting um 162 þús. kr. Til *skákskólans á Kirkjubæjarklaustri* er ætlað að veita 21 þús. kr. og hækkar sú fjárveiting um 6 þús. kr. Niður fellur styrkur til sumarnámskeiða sem nam 30 þús. kr. í fjárlögum 1982 og rann þá til rekstrar íþróttaskóla að Leirá í Borgarfirði. Sá skóli hefur nú hætt starfsemi.
- 991 Húsfriðun.** Þessi liður hét áður Húsfriðunarsjóður. Nú eru á þessum lið þrjú viðfangsefni: *Húsfriðunarsjóður*, *Viðeyjarstofa* og *Nesstofa* og *Bernhöftstorf*. Heildarfjárveiting undir þessum lið verður 2 216 þús. kr. Til *Húsfriðunarsjóðs* renna nú 816 þús. kr. Framlag hækkar um 385 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af er ætlað að verja 145 þús. kr. til starfslauna við teikningu gamalla húsa. Til endurbóta *Viðeyjarstofu* og *Nesstofu* er ætlað að verja 500 þús. kr. Framlag hækkar um 130 þús. kr. Til *Bernhöftstorf* renna 900 þús. kr. Fjárveiting undir þessum lið hækkar um 1 785 þús. kr. en sé tekið tillit til að í raun er tveim fjárlagaliðum slegið saman nemur hækkunin 1 415 þús. kr.
- 999 Ýmislegt.** Fjárveitingar undir þessum lið hækka um 490 þús. kr. og verða 3 085 þús. kr. Framlag til *Safnastofnunar Austurlands vegna Skriðuklausturs* hækkar um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins *ýmis framlög* hækkar einnig um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Nú er veitt fé til *endurbyggingar Búðakirkju* að upphæð 120 þús. kr., en kirkja þessi var byggð árið 1848. Niður falla fjárveitingar til *bókasafns í húsi Jóns Sigurðssonar*, til *sumarskólans í Edinborg* auk styrks til náms í *talkennslu fyrir vangefin börn*. Heildarupphæð þessara styrkja í fjárlögum ársins 1982 var um 10 þús. kr. Einnig fellur niður fjárveiting til *minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað*, enda lokagreiðsla í gildandi fjárlögum. Framlög til annarra viðfangsefna undir þessum lið eru óbreytt að krónutölu frá fjárlögum.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	11 602	18 277	6 675	57,5
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	14 487	21 935	7 448	51,4
Sendiráðin	25 418	47 661	22 243	87,5
Alþjóðastofnanir	27 058	40 949	13 891	51,3
Samtals	78 565	128 822	50 257	64,0

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka utanríkisráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 16 369 þús. kr. og er það hækkun um 5 789 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi skiptist þannig á einstök viðfangsefni og gjaldategundir: Framlag til *yfirstjórnar* ráðuneytisins hækkar um 4 606 þús. kr. og verður 12 807 þús. kr. Gert er ráð fyrir einni nýrri tímabundinni stöðu sendiherra sem aðsetur hefur á aðalskrifstofu ráðuneytisins og er viðbótarkostnaður vegna þess um 310 þús. kr. Að öðru leyti hækkar framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins samkvæmt verðlagsforsendum frumvarpsins. Kostnaður vegna *samninga við erlend ríki* hækkar um 27 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Kostnaður vegna *þátttöku í alþjóðaráðstefnum* hækkar um 398 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. sem er hækkun um 36,1% frá fjárlögum 1982. Framlag til *kjörræðismanna* verður 127 þús. kr. sem er hækkun um 37 þús. kr. Liðurinn *upplýsinga- og kynningarstarfsemi* hækkar um 136 þús. kr. og verður 570 þús. kr. Fjárveiting til *kaupa á kvikmyndum og myndböndum fyrir sendiráðin til landkynningar* verður óbreytt frá fjárlögum 1982 eða 100 þús. kr. Liðurinn *markaðsmál* verður 995 þús. kr. sem er hækkun um 530 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessi fari til að greiða kostnað við starfsemi viðskiptafulltrúa við sendiráðið í London og er fjárveitingin miðuð við áætlað verðlag um mitt ár 1983. Þá hækkar liðurinn *kynning á menningu Norðurlanda* um 55 þús. kr. og verður 170 þús. kr. Er fjárveitingin ætluð til að greiða heimsendingarkostnað á sýningarmunum sem sendir voru til Bandaríkjanna í tengslum við áður nefnda kynningu.

102 Varnarmáladeild. Fjárveiting til Varnarmáladeildar hækkar um 886 þús. kr. og verður 1 908 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir. Laun verða 1 331 þús. kr. sem er hækkun um 718 þús. kr. og er það umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Skýring hækkunarinnar er sú að áætlað er fyrir kostnaði við fastanefndir hjá Varnarmáladeild svo og auknum ræstingarkostnaði og sumarafleysingu. Aðrar launahækkunar eru í samræmi við launaforsendur frumvarpsins. Önnur gjöld hækka samtals um 176 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Þá hækka sértekjur um 8 þús. kr. og verða 28 þús. kr.

301—313 Sendiráðin. Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 47 661 þús. kr. og er það hækkun um 22 243 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður sendiráðanna hækkar samtals um 14 586 þús. kr. eða sem svarar til 88% hækkunar frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi á launalið er eingöngu til komin vegna gengisbreytinga íslensku

krónunnar svo og vísitöluhækkunar sem átt hefur sér stað í viðkomandi löndum þar sem sendiráð eru starfrækt. Önnur rekstrargjöld verða 14 943 þús. kr. sem er hækkun um 7 261 þús. kr. Viðhaldsliður sendiráðanna hækkar samtals um 311 þús. kr. og verður 966 þús. kr. Tekinn er upp nýr fjárlagaliður 03—313 Sendiráð, almennt og er gert ráð fyrir fjárveitingu til viðhalds að fjárhæð 50 þús. kr. Fjárhæð þessi er ætluð til að mæta ófyrirsjáanlegu viðhaldi á eignum sendiráðanna. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 85 þús. kr. og verður 547 þús. kr.

- 399 Ýmis utanríkismál.** Fjárveiting til ýmissa utanríkismála verður samtals að fjárhæð 16 748 þús. kr. sem er hækkun um 4 216 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Fjárveitingin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag til *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* verður 12 391 þús. kr. sem er hækkun um 2 384 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Ráðgert er að verja ofangreindri fjárveitingu á eftirfarandi hátt:

	Þús. kr.
Norræn aðstoðarverkefni	2 680
Íslensk tvíhliða aðstoð	8 811
Ný verkefni í undirbúningi	500
Skrifstofukostnaður	400
Samtals	12 391

Í fjárlögum 1982 er veitt heimild til sölu á m/s Bjarti og jafnframt að verja mætti söluandvirði skipsins til smíði á nýju skipi og taka lán að því marki sem á skorti. Samningur um smíði nýs skips hefur nú nýlega verið undirritaður og undirbúningur smíðarinnar á lokastigi. Samkvæmt kostnaðaráætlun er smíðaverð og verð tækjabúnaðar 1,9 milljónir dollara, sem fyrirhugað er að fjármagna með eftirgreindum hætti: Söluandvirði m/s Bjarts, þ. e. inngreiðslur 1982 og 1983, er 4 200 þús. kr., og óráðstöfuð fjárveiting 1982 nemur um 2 600 þús. kr. Þessu til viðbótar verður hluta af fjárveitingu 1983 ráðstafað til smíðarinnar, auk þess sem aflað verður lánsfjár.

Liðurinn *samskipti við Vestur-Íslendinga* hækkar um 82 þús. kr. og verður 332 þús. kr. Framlag til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna* er á áætluðu verðlagi um mitt ár 1983 og verður fjárveiting 1 850 þús. kr. sem er hækkun um 750 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Tekinn er upp einn nýr liður, *sérstök matvælaaðstoð*, og verður fjárveiting 2 000 þús. kr. Þessari fjárhæð er fyrirhugað að verja til matvælaaðstoðar til þróunarlandanna. Þá fellur niður liðurinn *aðstoð við pólsku þjóðina* en fjárveiting var 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1982. Framlög til annarra viðfangsefna eru óbreytt frá fjárlögum 1982.

- 401 Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana er samtals að fjárhæð 9 675 þús. kr. og verður framlagið 24 201 þús. kr. Hækkun sem rekja má til gengisbreytinga íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar og breytingar á kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að er samtals að fjárhæð 8 033 þús. kr. Framlög til þróunaraðstoðar sem heyra undir þennan fjárlagalið hækka samtals um 1 642 þús. kr. og nema alls 6 622 þús. kr.

Framlög til þróunaraðstoðar. Framlög Íslands til þróunaraðstoðar er að finna á þremur stöðum í frumvarpinu, þ. e. undir liðnum ýmis utanríkismál (03-399), alþjóðastofnanir (03-401) og í 1. gr. frumvarpsins undir liðnum lánahreyfingar út, en þar er að finna framlag Íslands til Alþjóðafráfarastofnunarinnar (IDA). Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerð framlög Íslands til þróunaraðstoðar árið 1983 í þús. kr. samanborið við fjárlög 1982.

	Frumvarp 1983	Fjárlög 1982	Hækkun í %
03-401 Alþjóðastofnanir			
0110 Þróunaraðstoð S.þ.	4 788	3 600	33
0111 Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	332	250	33
0112 Aðstoð við Palestínuflóttamenn	146	110	33
0113 Flóttamannastofnun S.þ.	462	347	33
0115 Matvælaáætlun S.þ.	211	159	33
0117 Namibúsjóður/S-Afríkusjóður	160	120	33
0128 Alþjóðaráð Rauða krossins	260	196	33
0143 Neyðarhjálpastofnun S.þ.	90	68	33
0146 Mannfjöldasjóður S.þ.	40	30	33
0147 Alþjóðamatvælasjóðurinn	133	100	33
	6 622	4 980	33
03-399 Ýmis utanríkismál			
0101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	12 391	10 007	24
0102 Flóttamannaráð Íslands	108	108	—
0106 Háskóli S.þ.	1 850	1 100	68
0108 Sérstök matvælaaðstoð	2 000	—	—
	16 349	11 215	45,8
1. gr. Lánahreyfingar út			
Alþjóðaframfarastofnunin	3 660	2 760	33
Samtals þróunaraðstoð	26 631	18 955	40

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	7 073	9 686	2 613	36,9
Búnaðarmál	322 504	523 293	200 789	62,3
Skólar	18 432	25 294	6 862	37,2
Samtals	348 009	558 273	210 264	60,4

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins verður 4 423 þús. kr. Er það hækkun um 1 477 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 939 þús. kr. í samræmi við almennar launahækkunir samkvæmt verðlagsforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 538 þús. kr. sem er 60% hækkun frá fjárlögum 1982 og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981 varðandi þessa gjaldategund.

171 Jarðeignir ríkisins. Framlag ríkissjóðs verður 4 260 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 935 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982 eða sem svarar 28,1%. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 Jarðasjóður. Framlag ríkissjóðs verður 1 003 þús. kr. sem er hækkun um 249 þús. kr. frá lögum nr. 13/1982 eða sem svarar 33%. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmust.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar alls um 4 379 þús. kr. og verður 18 085 þús. kr. Laun hækka um 3 719 þús. kr. eða 57,2%, þar af um 232 þús. kr. vegna launa tilraunastjóra á Stóra-Ármóti, sem áætlað var fyrir undir yfirfærslum til fyrirtækja og atvinnuvega í fjárlögum 1982. Að öðru leyti hækka laun í hátt við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 125 þús. kr. eða 2,9%. Stafar það af því, að ekki er gert ráð fyrir viðfangsefninu *tilraunabú, óskipti í frumvarpi ársins 1983*. Í fjárlögum ársins 1982 var aftur á móti áætlað fyrir 1 200 þús. kr. til þessa viðfangsefnis. Sömuleiðis fellur niður viðfangsefnið *mótframlag vegna styrks frá Alþjóðakjarnorkustofnuninni* sem var 20 þús. kr. í fjárlögum 1982. Að þessum liðum frátöldum hækka rekstrargjöld um 43,8% frá fjárlögum ársins 1982. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 232 þús. kr. og verða 951 þús. kr. Þar af er gert ráð fyrir 100 þús. kr. framlagi til fjósbyggingar að Stóra-Ármóti. Yfirfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega lækka um 190 þús. kr., en í fjárlögum ársins 1982 var framlag ríkisins til Stóra-Ármóts áætlað undir þessum lið. Framlag til tilraunastöðva sem fram kemur í B-hluta frumvarpsins hækkar um 849 þús. kr. og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Hestur	548	740	192	35,0
Reykhólar	283	390	107	37,8
Möðruvellir	1 042	1 402	360	34,5
Skriðuklaustur	469	603	134	28,6
Sámsstaðir	305	361	56	18,4
Samtals	2 647	3 496	849	32,1

Þá hækka sértekjur um 356 þús. kr. og verða 991 þús. kr.

207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Framlag til þessa verkefnis verður samtals að fjárhæð 5 582 þús. kr. sem er hækkun um 2 019 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka samtals um 2 006 þús. kr. og verða 5 537 þús. kr. sem er 56,8% hækkun frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi, sem er umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, stafar af því að í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir 36 stöðum allt árið 1983 og 4 stöðum frá 1. júlí 1983. Launaliður í fjárlögum 1982 var hins vegar vegna 30 staða allt árið 1982 og 6 staða frá 1. júlí 1982. Nettó aukning á launalið jafngildir því í raun 5 stöðum. Önnur rekstrargjöld verða 45 þús. kr. og er það hækkun um 13 þús. kr. eða 40,6% frá fjárlögum 1982.

231 Skógrækt ríkisins. Fjárveiting hækkar um 4 275 þús. kr. og verður 11 458 þús. kr. Laun hækka um 2 995 þús. kr. og verða 8 699 þús. kr. sem er 52,5% hækkun frá fjárlögum ársins 1982. Gert er ráð fyrir hálfri stöðu skógarvarðar, sem er ný, og að staða fulltrúa breytist í stöðu skrifstofustjóra. Útgjöld vegna þessa nema samtals um 155 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar launahækkunir að ræða samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld verða 2 500 þús. kr. sem er hækkun um 1 225 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi sem er nokkuð umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins á fyrst og fremst rót sína að rekja til hækkunar á viðfangsefninu *skóggræðsla*. Þá eru 35 þús. kr. af fjárveitingu til rekstrargjalda sérstaklega ætlaðar til að safna borsýnum úr trjám og mæla áhringi.

Liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verða samtals 2 344 þús. kr. sem er hækkun um 640 þús. kr. eða 37,5%. Þá hækkar liðurinn til einstaklinga og samtaka um 130 þús. kr. og verður 330 þús. kr. Sértekjur verða 2 415 þús. kr. sem er hækkun um 715 þús. kr. eða 42% frá fjárlögum 1982.

- 235 Landgræðsla ríkisins.** Framlag hækkar um 2 712 þús. kr. og verður 9 120 þús. kr. Laun hækka um 1 436 þús. kr. og verða 4 310 þús. kr. Tekin er inn ein föst staða gróðureftirlitsmanns sem áætlað var fyrir undir öðrum dagvinnulaunum í fjárlögum 1982. Staða þessi felur ekki í sér umframútgjöld frá fjárlögum. Að öðru leyti er um að ræða almennar launahækkningar samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld verða 3 619 þús. kr. og hækka um 1 358 þús. kr. frá fjárlögum 1982 eða um 60%. Hækkun umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist m. a. af hækkun á framlagi til *almennrar landgræðslu* umfram verðbreytingar milli ára. Þá hækka liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 858 þús. kr. og verða 3 351 þús. kr. sem er 34,4% hækkun frá fjárlögum 1982. Sértekjur verða 2 160 þús. kr. sem er hækkun um 940 þús. kr. og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981.
- 241 Landnám ríkisins.** Framlag til stofnunarinnar hækkar samtals um 77 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður framlagið 2 302 þús. kr. Rekstrargjaldaliðir hækka samtals um 604 þús. kr. og verða 1 949 þús. kr. sem er í samræmi við verðbreytingar milli ára. Fjárveiting til *grænfóðurverksmiðja* lækkar um 392 þús. kr. og verður 335 þús. kr. Fjárveitingunni er fyrirhugað að verja til endurgreiðslu á láni sem tekið var við endurnýjun á hluta af vélakosti grænfóðurverksmiðjunnar í Ólafsdal. Framlag til *skipulagningar og byggingar íbúðarhúsa í sveitum* verður 350 þús. kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1982. Framlag til einstaklinga og samtaka verður 150 þús. kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum, en hér er um að ræða framlag ríkissjóðs til *Hólsfjallaáætlunar*. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 135 þús. kr. og verða 482 þús. kr. Grænfóðurverksmiðjurnar í Saltvík og Hólminum falla nú niður sem sérstakir fjárlagaliðir í B-hluta frumvarpsins enda verða þær fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Fjallað verður um þær í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983.
- 246 Veidimálaskrifstofan.** Fjárveiting til Veidimálaskrifstofunnar verður 5 085 þús. kr. sem er hækkun um 1 155 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 2 808 þús. kr. og hækka um 996 þús. kr. Er það í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 441 þús. kr. og verða 1 527 þús. kr. Yfirfærslur til B-hluta, en þar er um að ræða framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði, lækka um 417 þús. kr. og verður framlagið 300 þús. kr. Fjárveitingu þessari er ætlað að mæta því sem á vantar til að eigin tekjur ná að standa undir rekstri stöðvarinnar. Skýring þess að framlagið lækkar er sú að í fjárlögum 1982 var sérstök fjárveiting að upphæð 300 þús. kr. vegna breytinga á starfsmannahúsi við stöðina. Þá hækkar framlag til Fiskræktarsjóðs um 135 þús. kr. og verður fjárveitingin 450 þús. kr.
- 247 Yfirdýralæknir.** Fjárveiting hækkar um 2 187 þús. kr. og verður 7 661 þús. kr. Laun hækka um 2 412 þús. kr., þ. a. 292 þús. kr. vegna einnar nýrrar stöðu dýralæknis, en að öðru leyti er um almennar launabreytingar að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 237 þús. kr. og verða 814 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar aftur á móti um 450 þús. kr. og verður 300 þús. kr. sem fyrirhugað er að verja til að koma upp vinnuadstöðu við dýralæknisbústaðinn í Krossholti á Barðaströnd. Fjárveiting til *júgurbólgurannsóknna* hækkar um 19 þús. kr. og verður 75 þús. kr. Framlag til rannsókna á *búfjársjúkdómum* hækkar um 13 þús. kr. og verður 49 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 44 þús. kr. og verða 100 þús. kr. Hefur þá verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981.

- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.** Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar hækkar um 5 982 þús. kr. og verður 20 230 þús. kr. sem er 42% hækkun frá fjárlögum ársins 1982. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlögum 1982 og hins vegar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983.

	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.	Hækkun %
Landgræðsluáætlun, RALA	1 030	1 465	42,0
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	1 900	2 700	42,0
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	8 080	11 470	42,0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	338	480	42,0
Landþurrkun	2 400	3 405	42,0
Fyrirhleðslur	500	710	42,0
Samtals	14 248	20 230	42,0

Ofangreind framlög 1983 fara eftir samþykktri þingsályktunartillögu um landgræðslu og landverndaráætlun 1982—1986, þar sem kveðið var á um árlegar fjárveitingar úr ríkissjóði. Í nefndri tillögu er gert ráð fyrir að verðbætur greiðist á framlög árunna 1983—1986 er miðist við framlög ársins 1982. Eins og sést á ofangreindu yfirliti hækka framlög til allra verkefna um 42,0% frá fjárlögum ársins 1982 í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

- 286 Landbúnaður, framlög.** Fjárveiting verður 1 135 þús. kr. sem er hækkun um 498 þús. kr. eða 78,1% frá fjárlögum ársins 1982. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: Fjárveiting til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* hækkar um 500 þús. kr. og verður 750 þús. kr. Niður fellur framlag til viðfangsefnisins *búfjártryggingar samkvæmt lögum nr. 20/1943* en fjárveiting til þessa verkefnis nam 2 þús. kr. í fjárlögum 1982.
- 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Fjárveiting til Stofnlánadeildar landbúnaðarins verður 20 828 þús. kr. sem er hækkun um 5 168 þús. kr. eða 33,0% frá lögum nr. 13/1982. Hefur þá verið tekið mið af meginforsendum frumvarpsins um að framlög til fjárfestingarsjóða hækki 33,0% frá áður nefndum lögum.
- 288 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum.** Fjárveiting verður 64 843 þús. kr. og er það hækkun um 16 548 þús. kr. eða 34,2% frá fjárlögum 1982. Viðfangsefnið *jarðrækt, húsbætur og vatnsveitur* hækkar um 10 263 þús. kr. og verður 41 363 þús. kr., *framræsla* hækkar um 1 320 þús. kr. og verður 5 320 þús. kr. *Nýjar búgreinar og hagræðing* hækkar um 3 206 þús. kr. og verður 12 922 þús. kr. Þá hækkar viðfangsefnið *rekstrargjöld* um 1 759 þús. kr. og verður 5 238 þús. kr.
- 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Útflutningsbætur vegna framleiðsluársins 1982/1983 eru áætlaðar nema samtals 262 650 þús. kr. og hækka um 102 650 þús. kr. eða sem svarar til 64,1% hækkunar frá fjárlögum 1982. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af verðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.** Fjárveiting hækkar um 45 624 þús. kr. og verður 65 824 þús. kr. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: *Lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980, 13/1981 og 13/1982* hækkar um 35 526 þús. kr. og verður 55 233 þús. kr. Þar af eru vextir 4 950 þús. kr. og afborganir 50 283 þús. kr. Þar til viðbótar greiðir Bygðasjóður 5 000 þús. kr. afborgun af því láni sem tekið var árið 1980 samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 9/1980. Tekin eru upp tvö ný viðfangsefni: *Ýmis*

framlög að fjárhæð 100 þús. kr. og niðurskurður sauðfjár með fjárveitingu að upphæð 10 000 þús. kr. en fjárveiting þessi er einn liður í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar frá því í ágúst 1982. Niður fellur fjárveiting til *hrossaræktarbúsins að Kirkjubæ*. Í gildandi fjárlögum runnu 1 þús. kr. til þessa viðfangsefnis. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

- 501 Bændaskólinn Hvanneyri.** Fjárveiting verður 11 565 þús. kr. sem er hækkun um 4 115 þús. kr. eða sem svarar til 55,2% frá fjárlögum ársins 1982. Launaliður hækkar um 2 598 þús. kr. og verður 7 484 þús. kr. sem er í samræmi við meginlorsendur frumvarpsins um hækkun á launalið. Önnur rekstrargjöld verða 4 382 þús. kr. sem er hækkun um 1 345 þús. kr. eða 44,2%. Viðhald verður 787 þús. kr. sem er hækkun um 321 þús. kr. eða 68,8% og gjaldfærður stofnkostnaður verður 3 425 þús. kr. sem er hækkun um 1 565 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Fyrirhugað er að verja viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingu á eftirfarandi hátt:

	Viðhald þús. kr.	Gjaldfærður stofnkostnaður þús. kr.
Yfirstjórn	62	500
Rekstur skóla	575	2 650
Rannsóknir og tilraunastarfsemi	50	75
Búrekstur	100	200
Samtals	787	3 425

Gjaldfærðum stofnkostnaði á viðfangsefninu *yfirstjórn* er áformað að verja þannig, að 100 þús. kr. eru til framkvæmda við rafveitu staðarins, 350 þús. kr. til nútæknisafns og 15 þús. kr. til minni háttar tækjakaupa. Gjaldfærðum stofnkostnaði á viðfangsefninu *rekstur skóla* er ráðstafað þannig að 2 000 þús. kr. eru til byrjunarframkvæmda við nýtt rannsóknahús, 400 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við gamla skólahúsið og 250 þús. kr. til framkvæmda við skólastjórabústaðinn. Á liðnum *rannsóknir og tilraunastarfsemi* eru 75 þús. kr. áætlaðar til tækjakaupa. Þá eru 200 þús. kr. til framkvæmda við hlöðu og 50 þús. kr. í minni háttar tækjakaup. Sértekjur verða 4 513 þús. kr. sem er hækkun um 1 714 þús. kr. frá fjárlögum 1982.

- 502 Bændaskólinn Hólum.** Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1982 var gert ráð fyrir að skólalald við Bændaskólann á Hólum hæfist að nýju haustið 1981 og voru fjárveitingar í fjárlögum 1982 miðaðar við skólalald allt það ár. Hins vegar var ýmsum annmörkum háð að áætla fjárveitingar á nýjan leik eftir að skólalald hafði legið niðri um stundarsakir og bera rekstrarfjárveitingar 1983 þess nokkur merki. Fjárveiting til Bændaskólans á Hólum verður 8 307 þús. kr. sem er hækkun um 842 þús. kr. Laun verða 2 994 þús. kr. sem er hækkun um 1 046 þús. kr. eða 53,6%. Önnur rekstrargjöld verða 1 513 þús. kr. sem er hækkun um 573 þús. kr. eða 60,9% frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi, sem er nokkuð umfram verðlagshækkanir, skýrist af því að betri upplýsingar liggja nú fyrir um rekstrarkostnað. Viðhald verður 1 500 þús. kr. sem er lækkun um 1 490 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Ráðgert er að verja viðhaldsfjárveitingu á eftirfarandi hátt: Endurbætur á hesthúshlöðu 750 þús. kr., viðgerðir á vatns- og skolplögnum 300 þús. kr. og almennt viðhald tækja og búnaðar 450 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 930 þús. kr. og verður 3 060 þús. kr. sem fyrirhugað er að verja þannig, að 1 300 þús. kr. fara til byggingarframkvæmda við aðstöðuhús, 1 560 þús. kr. renna til byggingar loðdýrahúss og kaupa á loðdýrum og 200 þús. kr. til tækjakaupa. Sértekjur skólans hækka um 217 þús. kr. og verða 760 þús. kr. Er það hækkun um 40,0% frá fjárlögum ársins 1982.

- 503 Garðyrkjuskóli ríkisins.** Fjárveiting verður 5 422 þús. kr. sem er hækkun um 1 905 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 150 þús. kr. og verða 3 343 þús. kr., sem er í hátt við almennar launaforsendur frumvarpsins. Liðirnir önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 511 þús. kr. og verða 1 741 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 258 þús. kr. og verður 1 038 þús. kr. Fyrirhugað er að ráðstafa honum á eftirfarandi hátt: Framkvæmdir við skólahús 638 þús. kr., endurbygging gróðurhúsa 300 þús. kr., frágangur á lóð við garðyrkjustöð skólans 50 þús. kr. og frágangur og trjárækt umhverfis skólann 50 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 14 þús. kr. og verða 700 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokkna sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	3 872	6 095	2 223	57,4
Útvegsfél	113 588	154 635	41 047	36,1
Annað	4 996	7 719	2 723	54,5
Samtals	122 456	168 449	45 993	37,6
Þar af markaðar tekjur	3 500	5 400	1 900	54,3

Markaðar tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem hækkar um 1 900 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Útflutningsgjaldið skiptist þannig milli viðtakenda: Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins fær 128 þús. kr. sem er hækkun um 32 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 5 272 þús. kr. af gjaldinu og er það hækkun um 1 868 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Verður nú fjallað nánar um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokkna sjávarútvegsráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 2 223 þús. kr. Einstakir gjaldaliðir hækka sem hér segir: Laun hækka um 1 474 þús. kr., þar af eru 68 þús. kr. vegna nýrrar stöðu ritara í hálfu starfi en 1 406 þús. kr. hækkun orsakast af almennum kaupgjaldsbreytingum. Önnur rekstrargjöld hækka um 610 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, en mið er tekið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald hækkar um 9 þús. kr. og nemur alls 36 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 130 þús. kr. og verður 150 þús. kr. sem fyrst og fremst verður varið til kaupa á ljósritunarvél.
- 202 Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 20 093 þús. kr. og verður 59 786 þús. kr. sem er hækkun um 50,6% frá fjárlögum ársins 1982. Laun hækka um 11 450 þús. kr. og verða 32 594 þús. kr. Önnur rekstrargjöld verða 19 883 þús. kr. sem er hækkun um 6 521 þús. kr. eða 48,8% frá fjárlögum 1982. Hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist af hækkun olíukostnaðar hjá rannsóknaskipum stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 1 025 þús. kr. eða 37,8% frá fjárlögum 1982 og verður 3 733 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 947 þús. kr. og verður 5 476 þús. kr. sem er hækkun um 55,1% frá fjárlögum 1982. Þar af eru 1 200 þús. kr. áætlaðar til kaupa á geymsluhúsnæði fyrir stofnunina. Sértekjur verða 1 900 þús. kr. sem er hækkun um 850 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Gert er ráð fyrir að úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar verði hið sama og fjárlög 1982 gerðu ráð fyrir, þ. e. R/S Árni Friðriksson 9 mán., R/S Bjarni Sæmundsson 9 mán., R/S Dröfn 9 mán. og R/S Hafþór 5 mán. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis verði gerð grein fyrir áætlun um rannsóknaleiðangra á

vegum stofnunarinnar á árinu 1983 og ráðstöfun á fjárveitingu til svokallaðra tímabundinna verkefna. Sjávarútvegsráðherra hefur nú nýverið skipað nefnd sem gera á tillögur um framtíðarskipan á stjórn og rekstri stofnunarinnar.

- 274 Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 4 075 þús. kr. frá lögum nr. 13/1982. Verður framlagið þar með 15 515 þús. kr. Um Aflatryggingasjóð gilda að stofni til lög nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum. Framlag ríkissjóðs hefur verið skert samkvæmt þeirri meginforsendu frumvarpsins að framlög til sjóða hækki almennt um 33% frá lögum nr. 13/1982.
- 275 Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 6 600 þús. kr. eða 33% frá lögum nr. 13/1982. Um Fiskveiðasjóð gilda lög nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum. Framlagið breytist í samræmi við eina af meginforsendum frumvarpsins um hækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.
- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlag hækkar um 1 659 þús. kr. og verður 5 246 þús. kr. Hækkunin skiptist sem hér segir á einstök viðfangsefni: Framlag til *veiðieftirlits* hækkar um 1 340 þús. kr. Þar af eru 259 þús. kr. vegna fjölgunar stöðugilda um eitt. Að öðru leyti hækkar framlag til þessa viðfangsefnis í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Framlag til *sjóvinnunámskeiða* hækkar um 52 þús. kr. og verður 182 þús. kr. Framlag til *tækninámskeiða* hækkar um 10 þús. kr. og verður 60 þús. kr. Framlag til *vinnu- og rekstrarhagræðingar í fiskvinnslufyrirtækjum* hækkar um 90 þús. kr. og verður 422 þús. kr. Fjárveiting til viðfangsefnisins *mörkun fiskveiðistefnu* hækkar um 167 þús. kr. og verður 765 þús. kr. Framlag til *eftirlits með hvalvinnslustöðvum* og til *skólabáta* eru óbreytt frá fjárlögum 1982.
- 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Framlag hækkar um 2 723 þús. kr. og verður 7 719 þús. kr. Laun hækka um 1 372 þús. kr., verða 3 968 þús. kr., og er það í samræmi við forsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 290 þús. kr. og verða 3 690 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins og skýrist af því að tekið er mið af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1981, en samrekstur að Keldnaholti hefur orðið kostnaðarsamari en ráð var fyrir gert. Framlag til viðhalds hækkar um 137 þús. kr. og verður 326 þús. kr. Er það einnig umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Fé þetta renni til viðhalds bygginga sem undir þennan fjárlagalið heyrar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 34 þús. kr. og verður 45 þús. kr. Skal það fé notað til að tryggja *yfirstjórn* skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna aðgang að tölvubúnaði. Áætlað er að sértekjur hækki um 110 þús. kr. og verði 310 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	5 712	8 719	3 007	52,6
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	290 858	438 340	147 482	50,7
Þjóðkirkjan	32 356	52 629	20 273	62,6
Samtals	328 926	499 688	170 762	51,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkanna.

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 2 563 þús. kr. og verður 6 520 þús. kr. Laun hækka um 1 650 þús. kr. og verða 4 661 þús. kr. Þar af eru 106 þús. kr. ætlaðar til lausráðningar starfsmanns í hálfá stöðu vegna eftirlits með löggæslukostnaði. Að öðru leyti er um almennar verðlagshækkunarir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 829 þús. kr. og verða 1 729 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, en höfð hefur verið hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1981. Viðhald hækkar um 30 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 54 þús. kr. og verður 80 þús. kr.
- 102 Stjórnartíðindi.** Framlag verður 2 199 þús. kr. sem er hækkun um 444 þús. kr. eða 25,2% frá fjárlögum 1982. Hækkunin er nokkru minni en almennar forsendur frumvarpsins segja til um og skýrist það fyrst og fremst af hækkun sértekna. Laun hækka um 105 þús. kr., eða 45,2%, og verða 337 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 787 þús. kr., verða 2 357 þús. kr. og viðhald hækkar um 2 þús. kr. og verður 5 þús. kr. Sértekjur hækka um 450 þús. kr. og verða alls 500 þús. kr., enda er gert ráð fyrir hækkun áskriftargjalda umfram verðlagsforsendur.
- 204 Borgarfégetinn í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 2 528 þús. kr. og verður 7 502 þús. kr. Laun verða 6 224 þús. kr. sem er hækkun um 2 285 þús. kr. Í fjárlögum 1982 var yfirvinna við stofnunina verulega vanáætluð og hækkar yfirvinna umfram verðlagsforsendur um 225 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar verðlagsbreytingar á launalið að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 357 þús. kr. og verða 1 214 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 114 þús. kr. og verður 64 þús. kr. Er skýring þessarrar lækkunar sú að í fjárlögum 1982 var sérstök fjárveiting til kaupa á símaskiptiborði.
- 206 Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 31 581 þús. kr. og verður 95 898 þús. kr. Laun hækka um 27 497 þús. kr., eða 50,5%, og verða 81 935 þús. kr. Er það í samræmi við almennar launahækkunarir. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 163 þús. kr. og verða 11 070 þús. kr. eða sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald verður 3 320 þús. kr. og hækkar um 933 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 942 þús. kr. og verður 2 625 þús. kr. Verður fjárhæðinni varið til eftirtalinna verkefna: Kaup á bifreiðum og bifhjólum fyrir almenna löggæslu 1 900 þús. kr., kaup á bifreið fyrir vegaeftirlit 170 þús. kr., talstöðvar og tengdur búnaður 228 þús. kr., og að síðustu 327 þús. kr. til ýmissa búnaðar. Þá hækka sértekjur um 954 þús. kr., eða 45,4%, og verða 3 052 þús. kr.
- 207 Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Þar sem byggingu lögreglustöðvarinnar er lokið fellur þessi liður niður.
- 211-237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.**
 Framlög hækka um 48 562 þús. kr. og verða 143 224 þús. kr. Laun hækka um 38 622 þús. kr. eða 51,3% og verða 113 936 þús. kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru þær að um áramótin 1982/1983 fellur niður tímabundin heimild til ráðningar tveggja kvenfangavarda á Akureyri en áætlað er fyrir vistun kvenfanga undir fjárlagalið 06-283 Fangamál, ýmis kostnaður. Er fjárveiting því felld niður hér. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 762 þús. kr., verða 20 823 þús. kr., og er það í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 798 þús. kr. og verður 2 385 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 413 þús. kr. og verður 8 610 þús. kr. Helstu framkvæmdaframlög eru: 750 þús. kr. til byggingar stjórnarsýslumiðstöðvar í Búðardal, 100 þús. kr. til athugunar á húsnæðisþörf sýslumanns- og bæjarfógetaembættisins á Akureyri, 1 650 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á Seyðisfirði, 100 þús. kr. til stækkunar skrifstofurýmis bæjarfógetaembættisins í Neskaupstað, 3 600 þús. kr. til byggingar sýsluskrifstofu á Eskifirði, 900 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á

Hvolsvelli og 250 þús. kr. til endurbóta og lagfæringa á skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta í Keflavík. Þá renna 1 260 þús. kr. til ýmissa smærri verkefna hjá embættunum. Sértekjur hækka um 1 033 þús. kr., verða 2 530 þús. kr., og er það meira en verðlagshækkunum nemur.

- 242 Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Á árinu 1981 gerði fjárlaga- og hagsýslustofnun að ósk og í samráði við dómsmálaráðuneytið athugun á rekstri vinnuhælisins. Sérstök áhersla var lögð á endurskipulagningu framleiðslu, bílamál og fjármál hælisins. Fjárveiting til vinnuhælisins nemur alls 15 376 þús. kr. og hækkar hún um 6 221 þús. kr. eða 67,9% frá fjárlögum 1982. Launaliðir nema alls 12 336 þús. kr. og hækka um 5 271 þús. kr. eða 74,6% frá fjárlögum. Hækkun launa á rót sína að rekja til þess að framlög til ýmissa launabátta hafa nú verið endurskoðuð í tengslum við niðurstöður áðurnefndrar athugunar. Greiðslur til fanga hafa verið endurmetnar og skýra þær 500 þús. kr. af hækkun launa umfram almennar launabreytingar frumvarpsins. Um 760 þús. kr. umframhækkunarinnar eru fram komnar vegna fjölgunar vistmanna á hælínu á árunum 1980—1981 og um 200 þús. kr. skýrast af aukinni lækniþjónustu. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 275 þús. kr. eða um 40,2% og verða 4 440 þús. kr. Viðhald hækkar um 185 þús., verður 400 þús. kr., og er ætlað til þess að bæta aðbúnað starfs- og vistmanna. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 300 þús. kr. og er það hækkun um 90 þús. kr. frá fjárlögum. Sértekjur hækka samkvæmt frumvarpinu um 600 þús. kr. eða 40% og nema alls 2 100 þús. kr. Talið er að sértekjur megi auka frá því sem hér er áætlað með aukinni fjölbreytni í framleiðslu.
- 251 Landhelgisgæslan.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar samtals um 30 067 þús. kr. og verður 85 474 þús. kr. Miðað er við rekstur fjögurra skipa, samtals í 31 mánuð, þ. e. Ægir og Týr í 10 mánuði hvort skip, Þór í 6 mánuði og Óðinn í 5 mánuði. Hjá fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri þriggja flugfélaga, þ. e. eini Fokker-27 (TF-Syn) og tveimur þyrlum. Þyrlurnar eru TF-Rán, sem sinnir gæslu- og björgunarstörfum, og TF-Gró, sem sinnir ýmsum smærri verkefnum frá varðskipum eða landi eftir aðstæðum. Laun hækka um 12 760 þús. kr. og verða 36 568 þús. kr. sem skýrist af almennum launabreytingum samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 617 þús. kr., eða 50,0%, og verða 31 824 þús. kr. Hefur þá sérstaklega verið tekið tillit til örra verðhækkana á olíu, sem er á áætluðu verðlagi um mitt ár 1983. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 2 477 þús. kr. og verða 7 507 þús. kr. Framlag til Landhelgisgjóðs, sem fram kemur í B-hluta, hækkar um 4 248 þús. kr. og verður 9 697 þús. kr. Er þar áætlað fyrir afborgunum og vöxtum af láni því sem tekið var vegna kaupa á Sikorsky-þyrlu Landhelgisgæslunnar. Sértekjur hækka um 35 þús. kr. og verða 122 þús. kr.
- 253 Almannaþingin ríkisins.** Fjárveiting til Almannaþingarinnar ríkisins nemur samtals 1 839 þús. kr. og er það 2,8% lækkun frá fjárlögum 1982. Lækkunin skýrist af því að gjaldfærður stofnkostnaður verður 153 þús. kr. og felur það í sér 618 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1982. Við fjárlagaafgreiðslu á Alþingi var bætt við 656 þús. kr. á þennan lið, að hluta vegna uppsetningar á fjarskipta- og viðvörunarkerfi fyrir Vestfirði, Breiðafjörð og Austfirði og að hluta vegna kostnaðar við tækjabúnað á Kröflusvæðinu. Aðrir gjaldaliðir hækka í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.
- 255 Umferðarráð.** Fjárveiting hækkar um 1 101 þús. kr., eða 78,8%, og verður 2 498 þús. kr. Laun verða 822 þús. kr. sem er hækkun um 265 þús. kr. og er í samræmi við almennar launahækkunir. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 131 þús. kr., eða 71,7%, og verða 2 707 þús. kr. sem er verulega umfram verðlagshækkunum. Þessi hækkun

skýrist af 500 þús. kr. fjárveitingu vegna norræns umferðaröryggisárs á árinu 1983. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 5 þús. kr. og verða 19 þús. kr. Að lokum hækka sértekjur um 300 þús. kr. og verða 1 050 þús. kr.

- 262 Löggildingarstofan.** Framlag hækkar um 322 þús. kr. og verður 931 þús. kr. Laun hækka um 427 þús. kr., verða 1 252 þús. kr., sem er í samræmi við almennar kaupgjaldshækkunir. Önnur rekstrargjöld hækka um 69 þús. kr. og verða 240 þús. kr. Viðhald hækkar um 7 þús. kr. og verður 29 þús. kr. Á sama hátt og hækkun rekstrargjalda er það í samræmi við forsendur frumvarpsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 49 þús. kr. og verður 110 þús. kr. og er ætlaður til kaupa á búnaði til prófunar á vogum og fleiru. Sértekjur hækka um 230 þús. kr. og verða 700 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins sem skýrist af því að tekið er mið af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1981.
- 281 Dómsmál, ýmis kostnaður.** Fjárveiting hækkar um 3 595 þús. kr. og verður 6 053 þús. kr. Viðfangsefnið *málskostnaður* hækkar um 2 500 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsforsendu frumvarpsins. *Útgáfa lagasafns* verður 610 þús. kr., en í fjárlögum 1982 var veitt til þessa viðfangsefnis 100 þús. kr. Jafnframt eru áætlaðar 250 þús. kr. sértekjur af sölu lagasafnsins. Tvö ný viðfangsefni eru tekin upp: *Próf skjalaþýðenda*, en til þess viðfangsefnis eru ætlaðar 50 þús. kr., og *tölvunefnd*, en til þess viðfangsefnis eru ætlaðar 269 þús. kr. Aðrar hækkunir, 646 þús. kr., eru vegna almennra verðlagshækkana. Sértekjur eru áætlaðar 1 000 þús. kr. sem er 380 þús. kr. hærra en áætlað var í fjárlögum þessa árs. Er það að nokkru umfram forsendur, og er skýringarinnar á því að leita í fyrrnefndum áætluðum tekjum vegna útgáfu lagasafns.
- 301 Þjóðkirkjan.** Framlag til þjóðkirkjunnar hækkar um 19 693 þús. kr. eða um 64,9% frá fjárlögum 1982. Fastar stöður eru hálfri fleiri en í fjárlögum 1982. Ástæðan er, að nú er gert ráð fyrir hálfri stöðu prests er þjóni heyrnarskertum. Helstu breytingar á framlögum til viðfangsefna eru sem hér segir: Framlag til *yfirstjórnar* hækkar um 976 þús. kr., eða 91,8%. Þar af eru 568 þús. kr. hækkunarinna til komnar vegna hækkunar launa og verka þar saman almennar kaupgjaldshækkunir og launaskrið. Önnur rekstrargjöld hækka um 368 þús. kr. og er þar um nokkra magnaukningu að ræða. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 40 þús. kr. Fjárveiting til *biskupsbústaðar* hækkar um 221 þús. kr. og verður 250 þús. kr. Hefur þá verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Framlag til *Skálholtsstaðar* hækkar um 200 þús. kr. Framlag til *Hins íslenska biblíufélags* lækkar um 200 þús. kr. Framlag til *söngmálastjóra þjóðkirkjunnar* hækkar um 217 þús. kr. Laun hækka um 90 þús. kr. sem er nokkuð umfram kaupgjaldshækkunir og stafar af vanáætlun í fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 107 þús. kr. sem er einnig nokkuð umfram forsendur frumvarpsins. Til gjaldfærðs stofnkostnaðar eru veittar 20 þús. kr. en fjárveiting er engin í fjárlögum 1982. Framlag til *bygginga á prestsetrum* hækkar um 2 540 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og nemur fjárveiting alls 3 500 þús. kr. Fjárveiting til *viðhalds embættisbústaða* hækkar um 4 000 þús. kr. og verður tvöfalt hærri en í fjárlögum 1982 eða 8 000 þús. kr. Framlag til *presta og prófesta* hækkar um 10 912 þús. kr. Af þeirri hækkun skýrast 72 þús. kr. af fjölgun stöðugilda presta um 0,5 eins og að framan er getið, og 10 840 þús. kr. hækkun er afleiðing almennra kaupgjaldsbreytinga. Veitt er fé til nýs viðfangsefnis: *Löngumýri, Skagafirði*, vegna starfs fyrir aldraða á nefndum stað. Fjárveiting er áformuð 120 þús. kr. Fjárveiting til *bændakirkju að Skarði, Skarðsströnd* fellur nú niður. Í fjárlögum 1982 eru 40 þús. kr. ætlaðar til þessa viðfangsefnis. Önnur viðfangsefni hækka um 747 þús. kr. og eru þá ýmist óbreytt frá fjárlögum 1982 eða hækka í samræmi við verðlagsforsendur.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	3 292	5 055	1 763	53,6
Húsnæðismál	168 514	219 564	51 050	30,3
Önnur félagsmál	80 893	178 159	97 266	120,2
Samtals	252 699	402 778	150 079	59,4
Þar af markaðir tekjustofnar	125 478	170 107	44 629	35,6

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum 1982 sem hér segir: Markaður tekjustofn Byggingarsjóðs verkamanna hækkar um 36 736 þús. kr. og verður 148 050 þús. kr. Skipulagsgjald, sem rennur til Skipulagsstjóra ríkisins, hækkar um 1 540 þús. kr. og verður 5 872 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti, sem fer til Erfðafjárjóðs, hækkar um 6 353 þús. kr. og verður 16 185 þús. kr. Hefur þá tekjustofn sjóðsins verið skertur frá gildandi lagaákvæðum í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur alls 5 055 þús. kr. sem er hækkun um 1 763 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: Launaliður hækkar um 1 110 þús. kr. sem er hækkun um 49,1% og er það í samræmi við almennar launaforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 648 þús. kr. sem er hækkun um 64,8% frá fjárlögum þessa árs og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings árið 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 5 þús. kr. og verða 40 þús. kr.
- 271 Húsnæðisstofnun ríkisins.** Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins nemur alls 71 514 þús. kr. Þetta er hækkun um 17 744 þús. kr. eða 33% frá þeirri fjárveitingu sem ákveðin er í lögum nr. 13/1982. Auk þess er sjóðnum ætlað viðbótarframlag á árunum 1982 og 1983 samkvæmt efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar frá því í ágúst s.l. alls að fjárhæð 85 000 þús. kr. Ákvörðun um skiptingu fjáris milli ára liggur ekki fyrir. Áætlun um útlán og fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins kemur til umfjöllunar í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun enda ræðst útlánageta sjóðsins af því lánsfjármagni sem sjóðnum er þar ætlað. Auk ríkisframlagsins er á þessu stigi gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað lánsfjár hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, hjá lífeyrissjóðum og af skyldusparnaði. Í forsendum um rekstur Húsnæðisstofnunar 1983 er ekki gert ráð fyrir 10,5 stöðugildum á tæknideild stofnunarinnar sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1982. Á árinu 1980 veitti Alþingi heimild til tveggja ára tímabundinnar ráðningar í þessar stöður og var sú tilhögun staðfest af ráðningarnefnd ríkisins í mars 1981. Umræddar stöður falla því niður frá og með áramótum 1982/83 nema öðruvísi verði ákveðið. Aftur á móti er áætlað fyrir nýrri stöðu fulltrúa til að safna upplýsingum um húsnæðismál og vera húsbyggjendum og húskaupendum til ráðgjafar um íbúðarkaup.
- 272 Byggingarsjóður verkamanna.** Með lögum nr. 51/1980 eru markaðar tekjur Byggingarsjóðs verkamanna ákveðnar 1% af launaskattsstofni. Framlag hækkar um 43 415 þús. kr. eða 41,5% frá því sem ákveðið er í lögum nr. 13/1982. Framlag nemur alls 148 050 þús. kr. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað hluta af lánsfé lífeyrissjóða, en fjármál sjóðsins munu koma til umfjöllunar við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir 1983.

- 301 Skipulagsstjóri ríkisins.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 2 765 þús. kr. og verða útgjöld 8 389 þús. kr. Laun verða 2 338 þús. kr. sem er hækkun um 819 þús. kr. frá fjárlögum 1982 eða 53,9% og er skýring þeirrar hækkunar eingöngu almennar launahækkunar samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 046 þús. kr. sem er 40,1% hækkun frá fjárlögum 1982. Framlag til sveitarfélaga hækkar um 900 þús. kr. eða 60% og verður 2 400 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er ríkissjóði skylt að greiða árlega til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Þar að auki rennur til stofnunarinnar skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.
- 371 Lánasjóður sveitarfélaga.** Fjárveiting til lánasjóðs sveitarfélaga verður 5 510 þús. kr. sem er hækkun um 1 365 þús. kr. eða 33,0%. Framlag ríkissjóðs er miðað við þá meginforsendu frumvarpsins að framlög til fjárfestingarsjóða hækki almennt um 33,0% frá lögum nr. 13/1982. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægri fjárhæð en nemur 2,5% af tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár.
- 399 Vatnsveitur.** Fjárveiting til vatnsveituf framkvæmda á vegum sveitarfélaga hækkar um 1 800 þús. kr. sem er hækkun um 56,2% frá fjárlögum 1982. Verður fjárveiting því 5 000 þús. kr. til þessa verkefnis.
- 951 Brunamálstofnun ríkisins.** Lög nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál tóku gildi 12. maí 1982 og féllu þar með úr gildi lög nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál. Samkvæmt ákvæðum laganna er brunavarnariðgjöldum m.a. ætlað að standa undir rekstri Brunamálstofnunar ríkisins. Í lögnum voru iðgjöld hækkuð úr 1,25% í 1,75% af brúttó-iðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga á fasteignum og lausafé). Launaútgjöld stofnunarinnar hækka um 355 þús. kr. eða 54,3% og verða 1 008 þús. kr. Er það í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 97 þús. kr. og verða 335 þús. kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 2 þús. kr. og verða samtals 65 þús. kr. og verður varið til minniháttar tækjakaupa. Þá er áætlað að sértekjur hækki um 455 þús. kr. og verði 1 408 þús. kr. Sú hækkun er nokkuð umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og skýrist af fyrrnefndum breytingum á brunavarnariðgjaldi, enda gert ráð fyrir að brunavarnariðgjöld standi undir rekstri stofnunarinnar.
- 953 Jafnréttisráð.** Fjárveiting til jafnréttisráðs verður 722 þús. kr. sem er hækkun um 350 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Helstu liðir til skýringar á ofangreindri hækkun eru þessir: Launaliður verður 542 þús. kr. sem er hækkun um 246 þús. kr. eða 83,1%. Skýring þessarar hækkunar er sú að gert var ráð fyrir að fjölgað yrði um eina stöðu við stofnunina í fjárlögum 1982. Hins vegar hækkaði fjárveiting aðeins um fjárhæð sem jafngilti hálfri stöðu. Nú er því gert ráð fyrir að fjárveiting verði fyrir tveimur stöðugildum árið 1983. Önnur rekstrargjöld verða 168 þús. kr. sem er hækkun um 96 þús. kr. eða um það bil 133,3%. Skýring þessarar hækkunar er, að stofnunin hefur flutt í nýtt húsnæði og aukast leigugreiðslur samfara því og ennfremur hefur verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 8 þús. kr. og verða 12 þús. kr.
- 954 Vinnueftirlit ríkisins.** Gert er ráð fyrir að heildargjöld Vinnueftirlits ríkisins hækki um 2 914 þús. kr. og verði 7 659 þús. kr. Launaliður hækkar um 2 447 þús. kr. sem er 69,4% hækkun frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi, sem er að nokkru umfram almennar launahækkunar, skýrist af því að gert er ráð fyrir að stöðum við stofnunina fjölgi um tvær. Stöður sem hér um ræðir eru ein staða efnafræðings til mengunarmælinga á vinnustöðum, hálf staða vinnutækis og hálf staða rannsóknafulltrúa. Kostnaður samfara þessari aukningu er um það bil 444 þús. kr. Með þessari fjölgun eru

stöðugildi við stofnunina 24 talsins. Aðrir rekstrarliðir hækka samtals um 467 þús. kr. og verða 1 690 þús. kr. sem er í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Sértekjur eru áætlaðar 7 659 þús. kr., þ. e. sama fjárhæð og fyrirhuguð útgjöld stofnunarinnar eru, en til Vinnueftirlitsins eru innheimtar tekjur eftir gjaldskrá fyrir þjónustustörf stofnunarinnar samkvæmt reglugerð nr. 183/1981.

- 971 Erfðafjár sjóður.** Framlag til erfðafjár sjóðs verður 16 185 þús. kr. sem er hækkun að fjárhæð 6 353 þús. kr. Þar sem áætlun um erfðafjárskatt er 66% hærri en í fjárlögum 1982, þegar skatturinn var vanáætlaður, hækkar framlag til Erfðafjár sjóðs óvenjumikið að þessu sinni.
- 972 Bjargráðasjóður Íslands.** Fjárveiting til Bjargráðasjóðs Íslands verður 8 522 þús. kr. sem er hækkun um 3 622 þús. kr. frá lögum nr. 13/1982. Samkvæmt lögum nr. 57/1980 um breytingu á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð Íslands er kveðið á um framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Framlag til sjóðsins skal nema 8,82 kr. fyrir hvern íbúa landsins og þar til viðbótar fjárhæð sem svarar til allt að 0,35% af verðmæti söluvara landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga á að nema jafnhárrí fjárhæð. Áðurgreint framlag ríkissjóðs hefur verið skert, þannig að það hækkar um 33% frá lögum nr. 13/1982 og verður 4 522 þús. kr. Er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins um hækkun fjárveitinga til sjóða. Til viðbótar áðurgreindu lögbundnu framlagi ríkissjóðs er sérstök fjárveiting að fjárhæð 4 000 þús. kr. samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um að ríkissjóður greiði Bjargráðasjóði mismuninn á fjármagnskostnaði sem sjóðurinn verður fyrir vegna svokallaðra harðæris- og óveðurslána sem tekin voru árin 1980 og 1981.
- 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.** Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra verður 39 960 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 42% frá fjárlögum 1982. Er hér um að ræða frávík frá þeirri meginforsendu frumvarpsins, að framlög til fjárfestingar- og framkvæmdasjóða hækki eigi meira en nemur 33% frá yfirstandandi ári, en framlög til sjóða sem ekki veita lán heldur beina styrki hækka um 42%. Þá er vakin athygli á, að í þessu frumvarpi er fjárveiting færð undir gjaldfærðan stofnkostnað í stað þess að vera yfirlærsla til B-hluta eins og áður var. Fellur því Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra niður í B-hluta frumvarpsins.
- 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.** Meginbreyting er gerð á fjárlagagerð þessa liðar frá fjárlögum 1982. Þá var gert ráð fyrir því, að einstakar stofnanir og heimili sem undir hann falla væru reknar af styrktarfélögum og fjárveitingar því taldar yfirlærslur til einstaklinga og samtaka. Nú er gert ráð fyrir beinum fjárveitingum í fjárlögum til þessara stofnana. Vegna breyttrar fjárlagameðferðar og fjölgunar á nýjum stofnunum sem til þessa verkefnis teljast er gerð sundurliðuð grein fyrir reiknuðum stöðugildum, fjárveitingum og hlutdeild sveitarfélaga í rekstri. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í þús. kr.:

Viðfangsefni:	Reiknuð stöðugildi	Heildargjöld ÷ sértekjur	Hluti sveitar- félaga	Hluti ríkissjóðs
0102 Stjórnarnefnd	—	96	—	96
0103 Svæðisstjórnir	8,35	2 359	—	2 359
0104 Sambýli	19,6	3 141	471	2 670
Auðarstræti 15, Reykjavík	5,0	1 132	170	962
Sigluvogur 5, Reykjavík	4,5	634	95	539
Byggðavegur 91, Akureyri	3,8	552	83	469
Árvegur 8, Selfossi	6,3	823	123	700
0105 Verndaðir vinnustaðir	10,0	3 380	507	2 873
Ás, Reykjavík	4,0	1 579	237	1 342
Hrísalundur, Akureyri	6,0	1 801	270	1 531
0106 Afþreyingarheimili, Lækjarás Reykjavík	6,7	2 144	322	1 822
0107 Leiktækjasöfn	1,6	389	58	331
Borgarnes	0,5	105	16	89
Blönduós	0,5	128	19	109
Akureyri	0,6	156	23	133
0108 Vonarland, Egilsstöðum	14,5	3 638	545	3 093
0109 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 47/1979	—	1 000	—	1 000
0110 Heimili fyrir einhverf börn, Trönu- hólum 1	9,0	1 980	297	1 683
0102—0110 Samtals	69,75	18 127	2 200	15 927

Engar stöður hafa verið heimilaðar af þeim 69,75 reiknuðu stöðugildum sem tilgreind eru nema 6,0 stöðugildi hjá Trönuhólaheimilinu, sem heimilaðar voru 1982. Þar sem kostnaði er skipt milli ríkis og sveitarfélaga er það gert í hlutföllum 85 á móti 15 samkvæmt ákvæði 8. gr. laga nr. 47/1979. Eins og fyrr segir er fjárveiting á þessum lið áætluð 15 927 þús. kr. en er í fjárlögum 1982 7 174 þús. kr. og hækkar því um 8 753 þús. kr. eða 122,0%. Í fjárlögum 1982 var ekki áætlað fyrir kostnaðarhluta sveitarfélaga í rekstri hlutaðeigandi stofnana. Sértekjur 1983 eru samtals 5 249 þús. kr., þar af er þátttaka sveitarfélaga í rekstri 2 200 þús. kr. og tekjur af framleiðslu 3 049 þús. kr. Samanburður á kostnaði milli fjárlaga 1982 og frumvarps 1983 eftir tegundum er ýmsum annmörkum háður vegna hinnar breyttu framsetningar, en nú verður vikið að einstökum viðfangsefnum.

0102 Stjórnarnefnd. Kostnaður eykst um tæplega 39 þús. kr. og verður 96 þús. kr. og er þá tekið mið af starfsemi stjórnarnefndanna 1982.

0103 Svæðisstjórnir. Kostnaður verður 2 359 þús. kr. og hækkar um 1 797 þús. kr. Í fjárlögum 1982 er ekki gert ráð fyrir starfslíði hjá svæðisstjórnnum en nú er gert ráð fyrir að þær kaupi vinnu er svari til 8,35 stöðugilda.

0104 Sambýli. Kostnaðarhluti ríkissjóðs er 2 670 þús. kr. og hækkar um 1 506 þús. kr. eða 129,4%. Hækkunin liggur í fjölgun sambýla um tvö, þ. e. að Byggðavegi 91 á Akureyri og Árvegi 8 á Selfossi.

0105 Verndaðir vinnustaðir. Í fjárlögum 1982 var tekin inn byrjunarfjárveiting til þessa verkefnis, 650 þús. kr. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir fjárveitingu til tveggja verndaðra vinnustaða, sem teknir eru til starfa, og er fjárveiting samtals 2 873 þús. kr.

0106 Afþreyingarheimili. Áætluð er 1 822 þús. kr. fjárveiting til eins afþreyingarheimilis, Lækjarás í Reykjavík, og er hækkunin 322 þús. kr. eða 21,5% frá fjárlögum 1982.

0107 *Leiktækjasöfn*. Fjárveiting hækkar um 108 þús. kr. eða 48,4% frá fjárlögum 1982. Verkefni safnanna er m. a. að leiðbeina um notkun leiktækja og er áætlað að verja til þess fjárhæð sem svarar til 1,6 stöðugildis.

0108 *Vonarland, Egilsstöðum*. Áætlaður kostnaðarhluti ríkissjóðs í rekstri heimilisins 1983 er 3 093 þús. kr. og hækkar um 2 018 þús. kr. eða 187,7% frá fjárlögum 1982. Stafar hækkunin af því að starfsemi heimilisins er orðin miklu viðameiri en gert var ráð fyrir við fjárlagagerð 1982.

0109 *Kostnaður samkvæmt 15. gr. laga nr. 47/1979*. Fjárveiting hækkar um 293 þús. kr. (41,4%) og verður 1 000 þús. kr. Um er að ræða greiðslur til framfærenda þroskaheftra barna, sem annast þau sjálfir í heimahúsum.

0110 *Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum 1*. Fjárveiting verður 1 683 þús. kr. og hækkar því um 447 þús. kr. eða 36,2% frá fjárveitingu ársins 1982. Er þá miðað við að stöðum fjölgi um þrjár umfram það sem þegar er samþykkt og verða þær þá alls níu talsins.

- 978 Heimili fyrir þroskahefta.** Hinn 20. janúar 1982 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða rekstur og skipulag nokkurra sólarhringsstofnana fyrir fatlaða með það fyrir augum að kanna m. a. hvort æskilegt væri að fella þær stofnanir sem reknar eru með daggjöldum undir fastar fjárveitingar, auk þess að gera tillögur um almenna hagræðingu á viðkomandi stofnunum. Nefnd þessi hefur nú lokið störfum og skilað álit. Í tillögum nefndarinnar er m. a. lagt til að frá og með næstu áramótum verði heimilin *Sólborg á Akureyri, Sólheimar í Grímsnesi, Skálatún í Mosfellssveit og Tjaldanes í Mosfellssveit* rekin með föstum fjárveitingum. Ofangreindar stofnanir eru settar undir einn fjárlagalið: heimili fyrir þroskahefta. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerðar rekstrarfjárveitingar til hvers einstaks heimilis í þús. kr.:

	Reiknuð stöðu- gildi	Laun	Önnur rekstrar- gjöld	Viðhald	÷ Sér- tekjur	Fjár- veiting
0101 Skálatún	54,0	10 631	3 346	708	200	14 485
0102 Sólheimar	26,0	5 215	3 951	1 003	330	9 839
0103 Sólborg	55,0	11 431	5 321	604	1 160	16 196
0104 Tjaldanes	21,7	4 339	1 725	500	—	6 564
Samtals	156,7	31 616	14 343	2 815	-1 690	47 084

- 981 Vinnumál.** Fjárveiting hækkar um 2 824 þús. kr. og verður 11 173 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til *Félagsdóms* hækkar um 58 þús. kr., framlag til *stuðnings við samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi o. fl.* hækkar um 563 þús. kr., til *byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna* hækkar um 720 þús. kr., til *Alþýðusambands Íslands vegna menningar- og fræðslusambands alþýðu* um 340 þús. kr., framlag til *orlofsheimila BSRB* hækkar um 270 þús. kr., til *félagsmálaskóla alþýðu* hækkar um 475 þús. og framlag til *hagdeildar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja* hækkar um 450 þús. kr. Framlag til *Iðnnemasambands Íslands* hækkar um 13 þús. kr., framlag til *Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála* hækkar um 60 þús. kr., framlag til *Alþýðusambands Íslands vegna Norræna verkalýðsskólans í Genf* hækkar um 14 þús. kr. Þá hækkar framlag til *námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum* um 150 þús. kr., *þátttaka í starfi ILO* hækkar um 104 þús. kr. og framlag til *Sjómannadagsráðs* hækkar um 27 þús. kr. Liðurinn *fræðslumál BSRB* hækkar um 205 þús. kr., *fræðslumál BHM* hækkar um 21 þús. kr., *fræðslumál annarra* hækka um 27 þús. kr. og liðurinn *upplýsingastarfsemi um kjaramál* hækkar

um 32 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til vinnuverndarmála hækki um 100 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verði 350 þús. kr. Eftirtaldir liðir falla niður: *Kjararannsóknarnefnd vegna stofnkostnaðar við könnun á kjörum sjómanna*, sem var 140 þús. kr. og *sjómannasamtök, lögskráning*, en framlag var 135 þús. kr. árið 1982. Liðurinn *rikisábyrgð á launum vegna gjaldbrota* færirst af þessum fjárlagalið og verður sérliður undir félagsmálaráðuneytinu (07—982) en fjárveiting var 530 þús. kr. í fjárlögum 1982.

982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldbrota. Þessi útgjaldaliður var áður færður sem sérstakt viðfangsefni undir liðnum 07—981 vinnumál. Fjárveiting verður 1 500 þús. kr. sem er hækkun um 970 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982.

999 Ýmis framlög. Framlög hækka um 8 376 þús. kr. og verða 15 078 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru til skýringar á hækkun framlagsins: *Greiðslur samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga* hækka um 220 þús. kr., *meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947* hækka um 3 886 þús. kr. og *framlag til leigjendasamtakanna* hækkar um 60 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru nýir og eru fjárveitingar sem hér segir: *Ýmis framlög* 250 þús. kr., *norrænn byggingardagur* 100 þús. kr., *kvennaathvarf* 600 þús. kr., *Rauðsokkahreyfingin* 14 þús. kr. og *vans- og hitaveita Reykjahlíðar* 3 467 þús. kr. Þá falla niður þrjú liðir frá fjárlögum 1982. Það eru *foreldrasamtök barna með sérþarfir*, sem var 14 þús. kr., *íslensk réttarvernd*, 7 þús. kr., og liðurinn *alþjóðaár fatlaðra*, sem var 200 þús. kr. í fjárlögum ársins 1982.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokkna þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	4 256	7 135	2 879	67,6
Tryggingamál	2 226 318	3 617 570	1 391 252	62,5
Heilbrigðismál	659 299	1 259 485	600 186	91,0
Annað	5 409	8 118	2 709	50,1
Samtals	2 895 282	4 892 308	1 997 026	69,0
Par af markaðir tekjustofnar	223 970	362 760	138 790	62,0

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru lífeyristryggingagjald atvinnurekenda sem hækkar um 104 600 þús. kr. og verður 280 000 þús. kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda sem hækka um 6 600 þús. kr. og verða 14 600 þús. kr. Iðgjald atvinnurekenda til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 11 970 þús. kr. og verður 38 170 þús. kr. og hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 290 þús. kr. og verður 440 þús. kr. Sérlyfjagjald hækkar um 180 þús. kr. og verður 430 þús. kr. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta verður óbreytt frá fjárlögum 1982 eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans hækka um 250 þús. kr. og verða 700 þús. kr. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 14 900 þús. kr. og verður 28 400 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málefnaflokkna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Heildarframlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 2 879 þús. kr. og verður 7 135 þús. kr. Laun nema 5 188 þús. kr. sem er hækkun um 2 050 þús. kr. eða sem svarar til 65,3%. Hækkun launaliðar, sem er meiri en forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir, skýrist af eftirfarandi: Gert er ráð fyrir einni stöðu sérfræðings, lausráðningu hagræðingarráðunauts í sem svarar til einnar stöðu, og

hálfri stöðu ritara sem var áður á fjárlagalið 08-393 Skólayfirlæknir. Kostnaðarauki á aðalskrifstofu vegna ofangreindrar starfsmannafjölgunar er um 597 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 814 þús. kr. og verða 1 960 þús. kr. Er það hækkan um 71,0% frá fjárlögum 1982 og er skýringin sú að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Þá verður viðhald 26 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir viðhaldi í fjárlögum 1982.

- 271 Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkra-trygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður þessara tryggingaþátta dregnar saman og hækkanir frá fjárlögum sýndar.

Almannatryggingar 1982 og 1983 (í m. kr.)

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun	
			m. kr.	%
Slysatryggingar	8	15	7	87,5
Lífeyristryggingar	1 063	1 740	677	63,7
Sjúkratryggingar	1 067	1 728	661	61,9
Samtals	2 138	3 483	1 345	62,9

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingaiðgjaldi samkvæmt reglugerð nr. 201/1981 er áætluð 14,6 m. kr. og lífeyristryggingagjald atvinnurekenda er áætlað 280,0 m. kr., en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattsstofni fyrra árs. Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 1 345 m. kr. eða 62,9% og verður nú vikið að hverjum útgjaldaflokkum fyrir sig. Þess ber að geta að framsetning á helstu útgjaldaþáttum lífeyris- og sjúkratrygginga er frábrugðin því sem áður hefur verið. Á árunum 1981 og 1982 hefur verið unnið að tölvuvæðingu á bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins og hefur í tengslum við þær breytingar þótt ráðlegt að gera breytingar á flokkun útgjalda.

Heildarútgjöld lífeyristrygginga eru talin verða 1 903 m. kr., þar af nema greiðslur barnsmeðlaga, sem Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir en sveitarfélögin endurgreiða alls 163 m. kr. Greiðslur meðlaga hafa ekki áður í fjárlögum talist til útgjalda Tryggingastofnunar ríkisins en því er nú breytt í samræmi við greiðsluyfirlit stofnunarinnar. Að meðlagsgreiðslum frátöldum hækka útgjöld vegna lífeyristrygginga um 677 m. kr. eða 63,7%. Útgjöld samkvæmt fjárlögum 1982 og frumvarpi 1983 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1982 og 1983 (í m. kr.)

		Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun	
				m. kr.	%
Gjöld					
101-103	Lífeyrir og örorkubætur	888	1 481	593	66,8
	Elli- og örorkulífeyrir	458	753	295	64,4
	Tekjutrygging	295	498	203	68,8
	Uppbót á lífeyri, vasapeningar	70	121	51	72,9
	Heimilisuppbót	27	44	17	63,0
	Örorkustyrkur	38	65	27	71,0
104	Barnalífeyrir	30	48	18	60,0
105, 107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	28	44	16	57,1
106	Framlög til einstæðra foreldra	27	40	13	48,1
108	Fæðingarorlof	65	106	41	63,1
120	Meðlög	99	163	64	64,6
171	Rekstrarkostnaður	14	21	7	50,0
	Til varasjóðs	11	—	-11	—
	Samtals	1 162	1 903	741	63,7
Tekjur					
180	Framlag ríkissjóðs	1 063	1 740	677	63,7
181	Meðlög, sveitarfélög	99	163	64	64,6
	Samtals	1 162	1 903	741	63,7

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga stafa einkum af tvennu. Annars vegar er almennt gert ráð fyrir 2% magnaukningu útgjalda. Hins vegar skýra almennar bótahækkunar á árinu 1981 og 1982 hina miklu hækkun þessa útgjaldaliðar frumvarpsins. Í nóvember 1981 hækkuðu almennar bætur lífeyristrygginga um 3,25% og tekjutrygging um 4,0%. Ekki var áætlað fyrir útgjaldaaukningu sem af þessu stafar í fjárlögum 1982. Bótahækkunar sem orðið hafa á árinu 1982 eru 7,51% 1. mars, 10,33% 1. júní, 4,0% 1. júlí (tekjutrygging 8,8%) og 7,5% 1. september. Auk þess hækkaði frítekjumark tekjutryggingar um 60% 1. júlí, en það breytist einu sinni á ári. Þá er áætluð 7,5% hækkun bóta 1. des. n. k. Á árinu 1983 er gengið út frá að vegin meðalhækkun bóta verði 14,5% í hátt við launaforsendu frumvarpsins. Þess ber að geta að hækkun einstakra bótaflokkanna er mismikil. Þessu veldur að skipting útgjalda 1983 milli bótaflokkanna er byggð á greiðslutölum það sem af er árinu 1982 og reikningstölum 1981. Ekki er sérstaklega áætlað fyrir varasjóðstillagi.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1983 nema alls 1 728 m. kr. Sundurlíðun útgjalda sjúkratrygginga á helstu útgjaldaliði kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1982 og 1983 (í m. kr.)

		Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun	
				m. kr.	%
Gjöld					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	757	1 217	460	60,7
302	Vistgjöld á stofnunum þroska- heftra	34	10	-24	—
303-306	Hjálpartæki og útgjöld skv. 39. gr. almannatryggingalaga	25	54	29	116,0
310	Lækniskostnaður	61	120	59	96,7
311	Tannlæknakostnaður	50	93	43	86,0
313-314	Innlendur og erlendur sjúkra- kostnaður	50	90	40	80,0
315	Lyfjakostnaður	163	280	117	71,8
316	Sjúkradagpeningar	40	60	20	50,0
370	Reksturskostnaður	12	19	7	58,3
Samtals		1 192	1 943	751	63,0
Tekjur					
380	Hlutur ríkissjóðs í m. kr.	1 067	1 728	661	61,9
	Hlutur sveitarfélaga í m. kr.	125	215	90	72,0
Samtals		1 192	1 943	751	63,0
Hlutur ríkissjóðs í %		89,5	89,1		

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 88,9% en hlutur sveitarfélaga um 11,1%. Þetta hlutfall hefur á undanförunum árum farið hækkandi en mun væntanlega lækka örlítið vegna tilfærslu Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri af daggjöldum á föst fjárlög, sbr. greinargerð um liði 08-376—377. Við mat á hækkun framlags til sjúkratrygginga ber að hafa í huga að almennt er reiknað með 2—3% magnaukningu úgjalda. Er þá höfð hliðsjón af þróun liðinna ára, en oft hefur aukningin þó reynst enn meiri. Um hækkun einstakra liða sjúkratrygginganna er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrastofnunum eru alls talin nema 1 217 m. kr. Þar af eru 100 m. kr. ætlaðar til þess að mæta hugsanlegum rekstrarhalla ársins 1982 og magnbreytingu. Vistgjöld hækka mjög mikið, eða um 60,7%, þrátt fyrir að tvö sjúkrahús hafi verið færð á föst fjárlög eins og áður segir. Margvíslegar hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda sjúkrahúsa frá því fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1982. Taxtar hækkðu 1. des. 1981 um 11,9% en í fjárlögum var sú hækkun áætluð 9,0%. Auk þess hafa eftirfarandi hækkunir orðið á árinu 1982. eingöngu vegna launa- og verðlagsbreytinga: 1. janúar 1,1%, 1. mars 8,0%, 1. júní 18,9%, 1. ágúst 2,4% vegna kjarasamningaáhrifa og 1. september 9,2%. Þá er gert ráð fyrir að daggjöld hækki um 7,5% 1. desember n. k. og að vegin hækkun 1983 verði 14,5%. Grunnjald flestra sjúkrahúsa var hækkað um 5,0% 1. mars 1982 vegna hallareksturs 1981, en halli þess árs nam tæpum 80 m. kr. Hækkun á grunnjaldi sjúkrahúsa frá ársbyrjun 1982 til ársloka samsvarar því 63,9% og að viðbættri hækkun vegna ársins 1983 um 87,6%. Á hliðstæðan hátt og í fjárlögum 1982 er ekki áætlað fyrir viðhaldi sjúkrahúsa í daggjöldum. Þess í stað er gert ráð fyrir 31,3 m. kr. á fjárlagalið 08-381 til þess að standa undir þátttöku ríkissjóðs í viðhaldi sjúkrahúsa. Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta eru sett ákvæði um greiðslu kostnaðar af vist þeirra. Á hliðstæðan hátt og á við um fyrrnefnd tvö sjúkrahús er fjórum vistheimilum þroskaheftra nú ætluð fjárveiting á fjárlögum til reksturs í stað daggjalda, sbr. greinargerð um liði 07-978. Útgjöld vegna þátttöku almannatrygginga í lækniskostnaði aukast um 59 m. kr., tannlæknakostnaði um 43 m. kr. og lyfjakostnaði

um 117 m. kr. Allir þessir útgjaldaliðir aukast yfir 70%. Að síðustu er þess að geta að miðað er við að þátttaka sjúklinga í læknishjálpi og lyfjakostnaði haldist hlutfallslega svipuð og hún hefur verið.

- 273 Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins nemur samtals 120 000 þús. kr. sem er hækkun um 41 400 þús. kr. eða 52,6% frá fjárlögum 1982. Framlag atvinnurekenda til sjóðsins er 38 170 þús. kr. og færist það jafnframt á tekjuhlíð frumvarpsins. Móttframlag ríkissjóðs nemur tvisvar sinnum framlagi atvinnurekenda eða alls 76 330 þús. kr. Auk þessa leggur ríkissjóður sérstaklega fram 5 500 þús. kr. til atvinnuleysistryggingasjóðs og er það í samræmi við yfirlýsingar um þátttöku ríkissjóðs í útgjöldum vegna ákvæða laga nr. 52/1981 um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra.
- 274 Eftirlaunasjóður aldraðra.** Framlag ríkissjóðs verður 14 570 þús. kr. sem er hækkun um 4 752 þús. kr. eða 48,4% frá fjárlögum 1982. Hækkun framlagsins er í hátt við almennar launaforsendur frumvarpsins og skýrist af því að útgjöld sjóðsins verðbætast á sama hátt og launagreiðslur.
- 310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag nemur 2 917 þús. kr. og er atlað fyrir nýjum stöðum í heilbrigðiskerfinu á árinu 1983. Ávallt er um nokkra stöðufjölgun að ræða m. a. vegna tilkomu nýrra heilsugæslustöðva og aukinnar starfsemi á sjúkrahúsum. Meðal þeirra verkefna, sem heilbrigðismálaráðuneytið hefur lagt áherslu á, eru viðbótarstöður á Landspítala vegna hjartaskurðlækninga, stöður sem tengdar eru tölvusneiðmyndaþeki og krabbameinsleitartækjum og stöður á Kópavogshæli.
- 302, 311, 312, 371-377, 501 Ríkisspítalar.** Fjárveiting nemur samtals 740 470 þús. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1982 um 54,6%. Launaliður nemur samtals 527 543 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hvernig sú upphæð skiptist á stofnanir og sýnd er hlutfallsleg hækkun frá fjárlögum 1982:

	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.	Hækkun %
Landspítali	173 770	273 958	57,6
— kvennadeild	28 088	45 679	62,6
Vífilsstaðaspítali	18 834	30 251	60,6
Kleppsspítali	50 920	83 388	63,7
Kópavogshæli	24 907	39 768	59,6
Gunnarsholt	1 754	2 950	68,1
Rannsóknastofa háskólans	12 836	20 489	59,6
Blóðbankinn	3 840	6 125	59,5
Skrifstofa ríkisspítala	6 723	10 962	63,0
Ljósmæðraskólinn	826	1 452	75,7
Kristneshæli	7 466	12 521	67,7
Samtals	329 964	527 543	59,9

Launaliður hækkar samtals um 197 579 þús. kr., eða 59,9%, og er það um 34 600 þús. kr. umfram almenna launataxtahækkun. Skýringar umframhækkunarinnar eru eftirfarandi: Áhrif kjaradóms í apríl 1982 leiddu til hækkunar launa hjá hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sjúkraliðum og nokkrum öðrum starfshópum vegna tilfærslna milli launaflokka og eru þau áhrif metin á um 14 600 þús. kr. Áhrif sérkjarasamninga hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og Sóknarstarfsmanna eru metin á um 15 900 þús. kr. Loks er að nefna hækkun um rúmlega 4 100 þús. kr. vegna fjölgunar á heimiludum stöðugildum. Kemur sú aukning fram í eftirfarandi yfirliti sem sýnir heildarfjöldi heimilaðra stöðugilda á ríkisspítölum:

Heildarstöðufjöldi — aukning

	Fjárlög 1982	Af fjárlaga- lið 08-310	Viðbætur skv. frumvarpi 1983	Stöður alls
Landspítalinn	917,05	7	—	924,05
— kvennadeild	139,0	—	—	139,0
Vífilsstaðaspítali	118,15	—	—	118,15
Kleppsspítali	286,7	—	6 ¹⁾	292,7
Kópavogshæli	180,2	2	—	182,2
Vistheimilið Gunnarsholti	12,0	—	—	12,0
Rannsóknastofa háskólans	62,7	—	—	62,7
Blóðbankinn	21,7	—	—	21,7
Skrifstofa ríkisspítala	44,5	2	—	46,5
Kristneshæli	48,0	—	—	48,0
Samtals	1 830,0	11	6	1 847,0

1) Fjölgun vegna flutnings á sjúklingum frá sjúkrahúsinu í Stykkishólmi til Reykjavíkur.

Álag á föst laun grunnheimilda vegna veikinda, sumarleyfa og annarra afleysinga er 18% eins og var í fjárlögum 1982. Einnig var miðað við að yfirvinna og álagsgreiðslur næmu 39% af föstum launum grunnheimilda. Þetta hlutfall er nú hækkað í 44,1% og er það m. a. vegna áhrifa kjarasamninga við lækna í júní 1981. Þeir kjarasamningar leiddu til hækkunar á föstum launum, en einnig varð hækkun á öðrum greiðslum sem flokkast í flestum tilfellum undir álagsgreiðslur. Áhrif þessara hækkana koma því fram í hækkuðum hlutfallstölum fyrir yfirvinnu og álagsgreiðslur og er hver stofnun metin með tilliti til vægis lækna-launa í heildarlaunakostnaði stofnunarinnar. Í heild felur frumvarpið í sér að jafnaði 62,1% álag á föst laun grunnheimilda, en í tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins var farið fram á 63,5% að jafnaði. Rétt þykir að taka fram að þessi hækkun á hlutfallstölum nú hefur ekki áhrif á samanburð við fjárlagatölur 1982 þar sem áhrif umræddra kjarasamninga við lækna voru metin þar að fullu með hækkun á heildarlaunatölum. Önnur rekstrargjöld hækka um 76 803 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og nema 208 537 þús. kr. Þau eru á áætluðu verðlagi ársins 1983. Sértekjur hækka um 19 774 þús. kr. og nema 53 320 þús. kr. og eru á áætluðu verðlagi í desember 1982, þ. e. á sama grundvelli og launatala fjárlaga er. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætluð rekstrargjöld og sértekjur í samanburði við fjárlög 1982 í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun	
			þús. kr.	%
Rekstrargjöld	131 734	208 537	76 803	58,3
÷ Sértekjur	33 546	53 320	19 774	58,9
Mismunur	98 188	155 217	57 029	58,1

Framlag til viðhalds allra stofnana ríkisspítalanna nemur samtals 17 510 þús. kr. og er það hækkun um 4 698 þús. kr. eða 36,7% frá fjárlögum. Fjárhæðin er öll gjaldfærð á fjárlagalið 08-371 Landspítali, enda mun skipting hennar koma til umfjöllunar hjá fjárveitinganefnd Alþingis. Fjárveiting til stofnkostnaðar, þ. e. framkvæmda og tækjakaupa, nam í fjárlögum 1982 38 117 þús. kr. Þar af voru 7 200 þús. kr. sérstaklega vegna kaupa á tölvustýrðu sneiðmyndataeki og tækjum til krabbameinslækninga. Heildarfjárveiting á árinu 1983 nemur 40 200 þús. kr. Það er 9 283 þús. kr. eða 30,0% hærri upphæð en 1982 og er þá frátalin fjárveiting til sérstakra tækjakaupa. Gjaldfærður stofnkostnaður skiptist þannig í þús. kr.:

A. Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalöð:		
1. Símtöð	1 000	
2. Sumargjöf, barnaheimili	280	
3. Tækjakaup	3 500	
4. Stjórn og eftirlit	420	
5. Til byggingarframkvæmda	21 800	27 000
B. Stjórnarnefnd ríkisspítala:		
1. Almennar framkvæmdir og minni háttar tækjakaup	6 000	
2. Endurbýgging og stærri tækjakaup	7 200	13 200
		<hr/>
	Samtals	40 200

Á hliðstæðan máta og á við um framlög til viðhaldsverkefna er gert ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis fjalli um skiptingu framlags til stofnkostnaðar milli stofnana og einstakra verkefna í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

- 324 Heyrnar- og talmeínastöð Íslands.** Framlag vegna launa nemur 3 474 þús. kr. og hækkar um 1 537 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Heimilaðar stöður eru 16 talsins. Þar af eru tvær nýjar stöður, staða heyrnarfræðings og staða heyrnartækis, og er kostnaður vegna þeirra um 398 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar launahækkunir að ræða samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld lækka um 2 152 þús. kr. og verða 1 268 þús. kr. Við áætlun var stuðst við reikningsuppgjör fyrir árið 1981 en lækkun þessi stafar af því að framlag ríkissjóðs til kaupa á heyrnartækjum fyrir einstaklinga, samtals 2 500 þús. kr., er ekki áætlað með öðrum rekstrargjöldum stofnunarinnar heldur sem yfirfærslur til einstaklinga og samtaka. Við áætlun á framlagi til heyrnartækjakaupa var tekið tillit til áætlaðrar þarfar árið 1983 og einnig nýrrar lagaheimildar um niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af þessum tækjum. Viðhald er áætlað 27 þús. kr. og í stofnkostnað er veitt 440 þús. kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði fyrir stofnunina. Sértekjur nema 240 þús. kr. en það er lækkun frá fjárlögum 1982 um 219 þús. kr. Heildarframlag verður því 7 469 þús. kr. sem er 2 213 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982.
- 325 Hollustuvernd ríkisins.** Með setningu laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og hollustueftirlit var sett á fót stofnun er nefnist Hollustuvernd ríkisins og tók hún formlega til starfa 1. ágúst 1982. Hollustuvernd ríkisins yfirtók starfsemi og verksvið Matvælarannsóknar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Geislavarna ríkisins og Tóbaksvarna. Um leið voru lög um fyrrnefndar stofnanir og verkefni felld úr gildi. Heildarframlag til Hollustuverndar ríkisins verður 7 463 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 5 933 þús. kr. og hefur þá verið áætlað fyrir föstum stöðum við stofnunina en samþykktar stöður eru 24,3 talsins. Er það nánast sami fjöldi starfsmanna og starfaði við þær stofnanir sem niður eru lagðar. Önnur rekstrargjöld verða 1 900 þús. kr., viðhald 100 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 150 þús. kr. Þá eru sértekjur áætlaðar 620 þús. kr.
- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.** Framlög til þessa liðar hækka samtals um 24 174 þús. kr. og verða 119 315 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: *Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* hækkar um 15 305 þús. kr. og verður 78 605 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjárins svo sem verið hefur. Framlag til *röntgentækja* hækkar um 168 þús. kr. og verður 680 þús. kr. *Viðhald sjúkrahúsa* hækkar um 7 780 þús. kr. og verður 31 300 þús. kr. Framlag til *heilsuverndarstöðva* hækkar um 1 157 þús. kr. og verður 4 236 þús. kr. *Byggingarstyrkur til DAS*, Hrafnistu verður 2 584 þús. kr. sem er hækkun um 764 þús. kr. og er hér um að ræða þriðju greiðslu af fimm. Þá fellur niður viðfangsefnið *hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi* en fjárveiting var 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1982. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

- 385 Framkvæmdasjóður aldraðra.** Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum nr. 49/1981 og lögum nr. 93/1981, þar sem m. a. hlutverk sjóðsins og tekjuöflun eru skilgreind. Með lögum nr. 93/1981 er ákveðið sérstakt gjald, 200 kr., á skattframteljendur sem rennur til sjóðsins. Markaðar tekjur sjóðsins eru samkvæmt lögum ákveðnar til eins árs í senn, því mun verða lagt fram frumvarp um tekjuöflun sjóðsins fyrir árið 1983. Hækki markaðar tekjur umfram forsendur þessa frumvarps, hækkar ráðstöfunarfé að því marki. Í fjárlögum 1982 var Framkvæmdasjóður aldraðra talinn B-hluta fyrirtæki, en allar tekjur sjóðsins eru yfirfærslur úr A-hluta ríkissjóðs. Nú er lagt til að sjóðurinn teljist til A-hluta stofnana á sama hátt og Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.
- 386 Landakotsspítali.** Ráðgert er samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1982 að fjármagna frá og með næstu áramótum tvö sjúkrahús, Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, með fjárveitingu á föstum fjárlögum í stað daggjalda. Framlög til sjúkra-trygginga breytast því að sama skapi. Rekstraráætlun fyrir bæði sjúkrahúsin byggir því á sömu forsendum um verðlag og á við í frumvarpinu að öðru leyti. Við mat á rekstrarumfangi beggja sjúkrahúsanna hefur m. a. verið höfð hliðsjón af skýrslum nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem kannaði rekstur nokkurra sjúkrahúsa á árunum 1981—1982. Um rekstrarútgjöld Landakotsspítala er eftirfarandi að segja. Áætlun um launaútgjöld byggir á því að fastar starfsmannaheimildir séu 370 talsins. Aðstoðarlæknar eru hér taldir með, en ekki læknar sem starfa samkvæmt sérsamningum á sjúkrahúsinu og taka ekki föst mánaðarlaun. Við föst laun grunnheimilda bætast 54% til að mæta afleysingum, yfirvinnu og álagsgreiðslum. Við áætlun á lækna-launum er stuðst við upplýsingar úr reikningum sjúkrahússins á árinu 1980 en fjöldi lækna í árslok var þá 27. Áætluð eru 18% til viðbótar launum lækna vegna afleysinga. Á öll laun nema lækna-laun eru síðan reiknuð launatengd gjöld. Áætlun um önnur rekstrargjöld, viðhald og sértekjur byggir á reikningsniðurstöðum árána 1980 og 1981 og eru fjárveitingar til þessara liða á áætluðu meðalverðlagi ársins 1983 samkvæmt forsendum frumvarpsins.
- 387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.** Verulegar rekstrarbreytingar fara nú fram á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri vegna flutnings í nýtt húsnæði og vegna tilkomu nýrra deilda. Í fjárhagsáætlun næsta árs er tekið tillit til þeirrar auknu starfsemi sem þegar hefur fengist heimild fyrir. Auk þess er við áætlun um fjárveitingu stuðst við niðurstöðutölur úr ársreikningum sjúkrahússins, þó aðallega ársins 1981. Launaliður byggir á föstum launum 325 grunnheimilda, þar af eru 30 stöðuheimildir sem veittar voru snemma árs 1982 vegna breyttrar og aukinnar starfsemi. Ofan á föst laun grunnheimilda leggjast 62,1% samtals vegna afleysinga, yfirvinnu og hvers konar álagsgreiðslna auk launatengdra gjalda. Launatalan er á áætluðu verðlagi í desember n. k. að teknu tilliti til hækkunar vegna sérkjarasamninga í maí og kjaradóms í apríl s. l. Önnur rekstrargjöld og viðhald eru m. a. metin með hliðsjón af ársreikningi 1981 og m. t. t. breyttrar starfsemi. Áætlun um sértekjur markast af sértekjum undanfarin ár auk verðlagsbreytinga. Rekstrarkostnaður sjúkrahússins, sem á undanförunum árum hefur verið borinn af daggjöldum, skiptist sem næst þannig að 87% heildarkostnaðar eru borin af ríkissjóði og 13% af sveitarfélögum. Áætlunartölur frumvarpsins eru miðaðar við heildarútgjöld stofnunarinnar. Af þessu leiðir að fyrir n. k. áramót þarf að fjalla um og ákveða með hvaða hætti kostnaðarpátttöku sveitarfélaga í rekstri sjúkrahússins eða öðrum útgjaldaliðum sjúkrasamlaga skuli hagað.

- 391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag verður 51 108 þús. kr. sem er hækkun um 18 589 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir. Laun hækka um 17 597 þús. kr. eða 59,4%. Er það hækkun umfram almennar launaforsendur frumvarpsins og er skýring þess sú að tekið er tillit til kjarasamnings hjúkrunarfræðinga frá því fyrir á þessu ári. Að öðru leyti er um almennar launabreytingar að ræða samkvæmt forsendum frumvarpsins og miðast fjárveitingin við óbreyttan stöðufjölda frá árinu 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 324 þús. kr. og verða 1 133 þús. kr., viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 668 þús. kr. og verða 2 800 þús. kr.
- 393 Skólayfirlæknir.** Ekki er áætlað fyrir framlagi til embættis skólayfirlæknis þar sem eitt af hlutverkum heilsugæslustöðvanna er að sjá um eftirlit með heilbrigði skólabarna. Fjárveiting nam samtals 340 þús. kr. í fjárlögum 1982.
- 399 Ýmis heilbrigðismál.** Fjárveiting til þessa liðar verður samtals að fjárhæð 17 137 þús. kr. sem er hækkun um 3 216 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Eftirtalin viðfangsefni hækka frá fjárlögum 1982: *Norræn samvinna í lyfjasöllumálum* 14 þús. kr., *Evrópska lyfjaskráin* 17 þús. kr., *Erfðafræðinefnd H. I.* 80 þús. kr. og *kostnaður samkvæmt farsótt- og sóttvarnalögum og lögum um ónæmisáðgerðir* 388 þús. kr. Þá hækkar framlag til *matvælarannsóknna* um 27 þús. kr., til *manneldisráðs* 94 þús. kr. og til *kynsjúkdómavarna, sbr. lög nr. 16/1978*, um 37 þús. kr. *Kostnaður vegna laga nr. 25/1975* hækkar um 105 þús. kr. og *Minningarsjóður Landspítalans* um 250 þús. kr., en hér er um markaðan tekjustofn að ræða. Liðurinn *sjúkraflug* hækkar um 170 þús. kr., *rhesusvarnir* um 89 þús. kr., *blóðrannsóknir ungbarna* um 101 þús. kr. og *námsferðir héraðslækna og embættislækna* hækka um 50 þús. kr. *Ljósmeðrallaun* hækka um 781 þús. kr., *skólar heilbrigðisstétta* 800 þús. kr., *Lyfsölusjóður* um 64 þús. kr., *útbreiðsla atvinnusjúkdóma* um 32 þús. kr. og framlag til *undirbúnings rannsókna á brjóstkrabbameini* hækkar um 28 þús. kr. *Útgáfa lyfjaverðskrár* hækkar um 20 þús. kr., *lyfjaverðlagsnefnd* um 84 þús. kr., *lyfjanefnd* um 271 þús. kr., *eiturefnanefnd* um 70 þús. kr. og *daggjaldanefnd* um 94 þús. kr. Þá falla niður liðirnir *tóbaksvarnir*, en fjárveiting nam 400 þús. kr. í fjárlögum 1982 og *starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar*, en framlag til þess liðar var 50 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.
- 471 Gæsluvistarsjóður.** Fjárveiting verður 3 185 þús. kr. og er það hækkun um 740 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Er hækkunin öll vegna viðfangsefnisins *Gæsluvistarsjóður*. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.
- 501 Ljósmeðraskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans verður 1 515 þús. kr. og er það hækkun um 620 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 626 þús. kr. og verða 1 452 þús. kr. sem er hækkun umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Skýring þess er sú, að nú er gert ráð fyrir inntöku nýrra nemenda og hækka því launaútgjöld við skólann. Önnur rekstrargjöld og viðhald lækka samtals um 9 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Að lokum falla sértekjur niður en þær voru 3 þús. kr. í fjárlögum 1982.
- 502 Þroskapjálfaskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans hækkar samtals að fjárhæð 1 126 þús. kr. og verður 2 237 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 466 þús. kr. og verða 1 360 þús. kr. í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 404 þús. kr. eða 233,5% og verða 577 þús. kr. Skýring þessarar hækkunar er sú að skólinn flytur senn í nýtt og stærra húsnæði og aukast önnur rekstrargjöld vegna aukinna leigugreiðslna og annars viðbótarkostnaðar. Viðhald fellur niður en það nam 21 þús. kr. í fjárlögum 1982. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 300 þús. kr. sem er hækkun um 277 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Fyrirhugað er að fjárveitingu vegna stofnkostnaðar verði ráðstafað til kaupa á húsgögnum og öðrum búnaði til skólans.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokkna fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	15 566	24 187	8 621	55,4
Toll- og skattheimta	68 820	115 947	47 127	68,5
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	105 278	228 171	122 893	116,7
Annað	520 371	862 958	342 587	65,8
Samtals	710 035	1 231 263	521 228	73,4
Þar af markaður tekjustofn	9 500	13 000	3 500	36,8

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokkna fjármálaráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 4 709 þús. kr. og verður 12 873 þús. kr. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um tvo. Er þar um að ræða eitt stöðugildi skrifstofumanns og annað stöðugildi lífeyrisskrárritara, sem sinna mun málum er varða lífeyrisréttindi og úrskurði er þeim tengjast. Verkefni þetta er tengt söfnun lífeyrisréttinda allra landsmanna sem Alþingi hefur samþykkt lög um. Kostnaður vegna þessarra tveggja staða er um 349 þús. kr. Vegna kaupgjaldsbreytinga hækkar launaliður aðalskrifstofunnar um 3 356 þús. kr. Samtals hækka laun því um 3 705 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 994 þús. kr., eða 50,0%, sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins og er skýring þess að höfð hefur verið hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 10 þús. kr. og nema alls 55 þús. kr.
- 103 Ríkisbókhald.** Fjárveiting hækkar um 2 902 þús. kr. og verður 8 751 þús. kr. Laun hækka alls um 2 203 þús. kr., þar af um 1 952 þús. kr. vegna almennra forsendna frumvarpsins um hækkun launa. Hækkun launa sem rekja má til fjölgunar stöðugilda um 1,5 er um 251 þús. kr. Er þar um að ræða eitt stöðugildi viðskiptafræðings og hálf stöðugildi skrifstofumanns. Önnur rekstrargjöld hækka um 688 þús. kr. og er það í samræmi við forsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 11 þús. kr. og nemur alls 35 þús. kr. Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar er óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1982 og nemur 85 þús. kr.
- 104 Ríkisfjárhirsla.** Fjárveiting hækkar alls um 1 010 þús. kr. Launaliður hækkar um 766 þús. kr. Þar af má rekja hækkun um 115 þús. kr. til fjölgunar stöðugilda um 0,83 sem er staða skrifstofumanns. Þá hækka laun um 651 þús. kr. vegna almennra kaupgjaldsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 249 þús. kr. sem er nokkuð umfram forsendur frumvarpsins og hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings 1981. Viðhald hækkar um 6 þús. kr. og verður 13 þús. kr. en framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar lækkar um 11 þús. kr. og verður 8 þús. kr.
- 201 Ríkisskattstjóri.** Fjárveiting hækkar um 3 777 þús. kr. og verður 10 936 þús. kr. Laun hækka um 3 260 þús. kr. Föstum stöðum við stofnunina fjölgar um eina, en án kostnaðarauka þar sem áður var um lausráðningu að ræða við skatteftirlit. Önnur rekstrargjöld hækka um 478 þús. kr. og verða 1 500 þús. kr. Viðhald hækkar um 20 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 19 þús. kr. og nemur fjárveiting til beggja þessara liða alls 100 þús. kr.

- 202—211 Skattstofur.** Hækkun fjárveitinga til reksturs skattstofanna nemur samtals 14 797 þús. kr. og verður fjárveiting alls 42 893 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 13 386 þús. kr. eða 53,9% og verða 38 213 þús. kr. Þar af eru 149 þús. kr. vegna nýrrar stöðu skrifstofumanns á skattstofu Suðurlands sem heimiluð hefur verið af ráðninganefnd ríkisins. Auk þess er áætlað fyrir 154 þús. kr. vegna stöðu skrifstofumanns á Skattstofu Austurlands sem láðist að átta fyrir í fjárlögum ársins 1982. Að öðru leyti skýrist hækkunin af almennum launabreytingum. Þá er gert ráð fyrir að breyta tímabundinni stöðu skatteftirlitsmanns við skattstofu Reykjaness í fasta heimilaða stöðu. Útgjöld samfara þessari breytingu hækka ekki þar sem áður var áætlað fyrir stöðunni undir öðrum dagvinnulaunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 520 þús. kr. eða 50,6% og verða 4 521 þús. kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 34 þús. kr. og verða 557 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 143 þús. kr. og verða 398 þús. kr.
- 212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld.** Fjárveiting hækkar um 7 560 þús. kr. og verður 12 358 þús. kr. Laun verða 358 þús. kr. sem er hækkun um 118 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 7 442 þús. kr. og verða 12 000 þús. kr. Hefur þá verið höfð hliðsjón af rauntölum undanfarandi ára, en þessi útgjaldabáttur hefur vaxið mikið. Fjárveiting þessi fer til að greiða kostnað við úrvinnslu skattskráa, til prentunar á eyðublöðum og til kaupa á fasteignaskrá.
- 214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd.** Fjárveiting hækkar um 918 þús. kr. og verður 2 650 þús. kr. Laun hækka um 815 þús. kr. og verða 2 318 þús. kr. sem er í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 171 þús. kr. og verða 300 þús. kr. Er það rúmlega 130% hækkun frá fjárlögum 1982 sem skýrist af því að stofnunin hefur nú flutt inn í nýtt og stærra húsnæði. Viðhald hækkar um 3 þús. kr. og verður 13 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 67 þús. kr. og verður 23 þús. kr. Þá er ætlað að sértekjur stofnunarinnar verði 4 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir þeim í fjárlögum 1982.
- 263 Tollgæslan.** Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur 19 655 þús. kr. og hækkar fjárveiting um 7 135 þús. kr. Hækkun framlagsins skiptist þannig á gjaldategundir: Laun hækka um 7 260 þús. kr. eða 63,1%. Hækkun launa umfram verðlagsforsendur skýrist af því að áætlað er fyrir þrem nýjum stöðum tollvarða alls 484 þús. kr. Þar af heimilaði ráðninganefnd ríkisins á árinu 1982 eina stöðu tollvarðar í tollvörugeymslunni. Önnur rekstrargjöld hækka um 499 þús. kr. og er það í hátt við verðlagsbreytingar. Framlag til viðhalds hækkar um 15 þús. kr. og nemur alls 55 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag nemur alls 60 þús. kr. og lækkar um 317 þús. kr. frá árinu 1982. Að lokum er þess að geta að sértekjur hækka um 322 þús. kr. og nema alls 900 þús. kr.
- 282 Tollamál.** Fjárveiting hækkar um 5 938 þús. kr. og verður 6 350 þús. kr. Þessum fjárlagalið er nú skipt í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður* og verður fjárveiting 1 200 þús. kr. en var 412 þús. kr. í fjárlögum 1982. Skýring þessarar hækkunar er sú að fjárveitingar hafa verið vanáætlaðar undanfarin ár. Af þessu viðfangsefni er greiddur kostnaður vegna prentunar á aðflutningsskýrslum, upplýsingabæklingum og tollskrá. Gert er ráð fyrir að á árinu 1983 verði prentuð ný tollskrá sem bæði verður á íslensku og ensku. Hitt nýja viðfangsefnið er *tollamál — tölvuvæðing*. Á árunum 1981 og 1982 hefur verið unnið að athugun á hvort og með hvaða hætti best verði staðið að tölvuvæðingu hjá tollfyrirvöldum. Kerfisbreyting af þessu tagi er allumfangsmikil. Auk innflytjenda tengjast málinu fjölmargir aðilar, skipafélög, bankar, opinberar stofnanir og ráðuneyti. Fjárveitingu, alls 5 150 þús. kr., er ætlað að verja á árinu 1983 til áframhaldandi athugana og framkvæmda.

- 381 Uppbætur á lífeyri.** Þessi liður hækkar um 122 527 þús. kr. og verður 225 420 þús. kr. Hækkun umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist af því að tekið hefur verið mið að raunverulegum útgreiðslum á lífeyri árið 1981 og á sex fyrstu mánuðum ársins 1982. Þá má geta þess að fjárveiting á þessum lið var vanáætluð í fjárlögum 1982 og hækkar því liðurinn sem raun ber vitni.
- 402 Fasteignamat ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 2 297 þús. kr. og verður 6 893 þús. kr. Laun hækka um 2 213 þús. kr. og verða 6 866 þús. kr. sem er í samræmi við almennar forsendur um þróun kaupgjalds. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 300 þús. kr. og verða 3 800 þús. kr. Er þetta nokkuð umfram forsendur frumvarpsins um almennar verðlagsbreytingar og hefur þá verið tekið mið af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald hækkar um 80 þús. kr. og verður 150 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 247 þús. kr. og verður 377 þús. kr. Fyrir dyrum stendur að endurnýja símsstöð stofnunarinnar og eru til þess veittar 350 þús. kr. en 27 þús. kr. eru ætlaðar til kaupa á áhöldum og tækjum. Gert er ráð fyrir hækkun sértekna um 1 543 þús. kr. sem er nokkuð umfram almenna verðbreytingu og hefur þá verið tekið mið af ríkisreikningi fyrir árið 1981.
- 981 Skrifstofubýgging við Suðurgötu, Hafnarfirði.** Fjárveiting til byggingarinnar lækkar um 1 020 þús. kr. og verður 2 580 þús. kr. sem áætlað er að fari til að ljúka umræddri framkvæmd. Nú er ljóst að Skattstofa Reykjanessumdæmis mun flytja í húsið fyrir árslok 1982. Óráðið er um nýtingu 1. hæðar hússins en ákvörðun þar að lútandi mun verða tekin bráðlega.
- 989 Vegna launa- og verðlagsmála.** Til þess að mæta launabreytingum á árinu 1983 í samræmi við forsendur frumvarpsins eru veittar á launalið 481 600 þús. kr. Sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1982 er 295 000 þús. kr. Í fjárlögum 1982 voru ætlaðar undir þessum fjárlagalið 125 000 þús. kr. til að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum. Fé þessu var varið til efnahagsaðgerða á árinu 1982. Nú er sérstakur liður merktur efnahagsráðstafanir. Til að mæta óvissuþáttum tengdum launa- og verðlagsmálum á árinu 1983 eru áætlaðar 30 000 þús. kr. í frumvarpinu.
- 990 Efnahagsráðstafanir.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða. Fjárveiting nemur 200 000 þús. kr. og verður fjárhæðinni í megindráttum ráðstafað til hliðarráðstafana í efnahagsmálum vegna yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar við setningu bráðabirgðalaga um efnahagsráðstafanir í ágúst sl.
- 999 Ýmislegt.** Fjárveiting hækkar um 30 928 þús. kr. og verður 84 885 þús. kr. Helstu breytingar á fjárveitingu til einstakra viðfangsefna eru sem hér segir: *Stjórnarráðið, símakostnaður og póstburðargjöld* hækkar um 1 754 þús. kr. og verður 6 365 þús. kr. sem er hækkun í samræmi við verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Fjárveiting til *kaupa á dagblöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar* hækkar um 1 450 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. *Ýmis sameiginlegur kostnaður* hækkar um 580 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr. *Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna* hækkar um 2 556 þús. kr. og verður 8 660 þús. kr. Þá hækkar *kostnaður vegna kjarasamninga* um 132 þús. kr. og verður 637 þús. kr. *Dómkröfur og málskostnaður* hækka um 300 þús. kr. og verða 1 100 þús. kr. *Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum* hækka um 100 þús. kr. og verða 400 þús. kr. *Pungaskattsálagning með ökumælum* hækkar um 32 þús. kr. og verður 298 þús. kr. Framlag til *Lífeyrissjóða sjómanna* hækkar um 130 þús. kr. og verður 300 þús. kr. og framlag til *Lífeyrissjóðs bænda* hækkar um 2 944 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Liðurinn *óviss útgjöld* hækkar um 14 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. Fjárveiting til *húsnæðisbreytinga vegna fatlaðra* hækkar um 400 þús. kr. og verður 1 400 þús. kr. Einnig er lagt til, að fé verði varið til eftirtalinna viðfangsefna sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum 1982: *Kjararannsóknir* 100 þús. kr. og *bókhalds-*

kerfi ríkisins 5 000 þús. kr. Hér er um að ræða fjárfestingu í nýju bókhalds- og áætlunarkerfi fyrir ríkið og ríkisfyrirtæki. Ýmis innheimtukostnaður 2 300 þús. kr. Sjófnavinnslan, vegna yfirtöku lána 1 200 þús. kr. Þá fellur niður liðurinn *Borgartún 6* en fjárveiting nam 2 050 þús. kr. í fjárlögum 1982. Er nú áætlað fyrir greiðslu vaxta og afborgana af lánum teknum vegna kaupa á ofangreindu húsi undir ýmsum lánnum ríkissjóðs. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokkna samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	2 687	4 152	1 465	54,5
Vegamál	593 330	838 000	244 670	41,2
Önnur samgöngumál	232 681	308 999	76 318	32,8
Samtals	828 698	1 151 151	322 453	38,9
Þar af markaðir tekjustofnar	400 830	609 800	208 970	52,1

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Bifreiðaskattur er samkvæmt tekjuáætlun talinn verða 160 000 þús. kr., gúmmígjald 1 500 þús. kr. og innflutningsgjald af bensíni 406 800 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 568 300 þús. kr. og er það 190 500 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Vitagjald, sem fer til Vitastofnunar Íslands, hækkar um 1 320 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Skipaskoðunargjald hækkar um 150 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Flugvallagjald hækkar um 17 000 þús. kr. og verður 39 000 þús. kr. Þá er sérleyfisgjald óbreytt og verður 400 þús. kr. Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokkna ráðuneytisins.

211 Vegagerð ríkisins. Heildarútgjöld til vegamála nema alls 838 000 þús. kr. og er það 41,2% hækkun frá fjárlögum 1982. Fjármögnun er að hluta með mörkuðum tekjustofnum, þ. e. bensíngjaldi, gúmmígjaldi og bifreiðaskatti, alls 568 300 þús. kr. Ennfremur er ráðgerð lántaka til vegagerðar alls 249 000 þús. kr. eins og fram kemur í yfirliti um lántökur. Fjárveiting úr ríkissjóði nemur 20 700 þús. kr., þar af er gert ráð fyrir 260 þús. kr. til styrktar vetrarsamgöngum. Gjaldatala vegagerðarinnar jafngildir 2,0% áætlaðrar vergrar þjóðarframleiðslu 1983.

Stefnt er að því, að framlög til vegamála á árinu 1983 nemi um 2,1% af vergri þjóðarframleiðslu 1983. Er í því sambandi gert ráð fyrir, að leitað verði til Byggsjóðs um hliðstæð framlög til vegamála eins og veitt voru á yfirstandandi ári, jafnframt því sem tekjur og tekjustofnar Vegasjóðs verða endurskodaðir.

321 Strandferðir, framlög. Framlög á þessum fjárlagalið renna annars vegar til *Skipaútgerðar ríkisins*, 30 920 þús. kr., og hins vegar er um að ræða styrki til *flóabáta og vöruflutninga*. Styrkframlag nemur 17 251 þús. kr. og er 45 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 1982, en samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu framlaga milli viðtakenda. Framlag til *Skipaútgerðar ríkisins* hækkar um 7 670 þús. kr., eða 32,9%, og nemur alls 30 920 þús. kr. eins og fram hefur komið. Um rekstur *Skipaútgerðar ríkisins* er ekki fjallað frekar á þessu stigi, enda munu málefni fyrirtækisins koma til athugunar hjá fjárveitinganefnd fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983.

325 Rekstrardeild ríkisskipa. Hækkun framlags frá fjárlögum 1982 nemur samtals 1 302 þús. kr. og verður það alls 3 323 þús. kr. Laun hækka um 1 179 þús. kr., eða 67,8%, og verða 2 916 þús. kr. Er það umfram almennar launahækkanir, en í fjárlögum 1982

var þessi liður vanáætlaður. Önnur rekstrargjöld hækka um 147 þús. kr. og verða 437 þús. kr. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar nemur alls 35 þús. kr. og er það 8 þús. kr. hækkun. Sértekjur hækka um 32 þús. kr., eða 96,9%, og verða 65 þús. kr.

- 331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu Vita- og hafnarmála hækkar um 520 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður alls 4 527 þús. kr. Laun hækka í samræmi við kaupgjaldsbreytingar um 2 336 þús. kr. og verða alls 7 007 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 254 þús. kr. og verða 1 260 þús. kr., sem er nokkuð undir verðlagsforsendum frumvarpsins, en að líkindum mun fjallað frekar um þennan lið í fjárveitinganefnd. Viðhald hækkar um 20 þús. kr. og verður 60 þús. kr. Við afgreiðslu fjárlaga 1982 hækkaði fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar um 450 þús. kr. og var fjárhæðin ætluð til innréttingar á rishæð húsnæðis stofnunarinnar við Seljaveg. Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar hækkar um 110 þús. kr. og verður 600 þús. kr. og er miðað við að ljúka innréttingu rishæðarinnar á árinu 1983. Framlag til B-hluta nam 800 þús. kr. í fjárlögum 1982 en þar er nú ekki gert ráð fyrir neinu framlagi. Að lokum eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 4 400 þús. kr.
- 332 Vitastofnun Íslands.** Fjárveiting hækkar um 6 680 þús. kr. og verður 16 489 þús. kr. Laun hækka um 2 941 þús. kr. og verða 9 130 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 389 þús. kr. og verða 6 009 þús. kr. sem skýrist af því að nú er gert ráð fyrir að Vitastofnun reki vitaskipið Árvakur. Áður sá Landhelgisgæslan um þá þjónustu án endurgjalds frá Vitastofnun. *Rekstur vitaskips* er talinn muni kosta 4 200 þús. kr. á árinu 1983 og er þá miðað við að halda skipinu úti í 6 vikur. Viðhaldskostnaður stofnunarinnar eykst um 800 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. Ástæðu þeirrar miklu hækkunar má einnig rekja til tilkomu vitaskipsins, en viðhald þess er talið nema 500 þús. kr. á árinu 1983. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 350 þús. kr. og verður 1 850 þús. kr. Sértekjur hækka um 1 800 þús. kr. og verða 2 500 þús. kr. Tekjur af leigu vitaskips eru taldar verða 1 000 þús. kr. Auk þess er gert ráð fyrir auknum tekjum af veðurþjónustu og annarri fyrirgreiðslu Vitastofnunar. Á það ber að líta að vitagjald var hækkað m. a. til að skapa grundvöll fyrir *rekstri vitaskips*. Í tekjuáætlun er gert ráð fyrir að vitagjald gefi 1 500 þús. kr.
- 333 Hafnarmál.** Fjárveiting til hafnarmála hækkar um 20 892 þús. kr. eða 26,9% frá fjárlögum 1982, og verður 98 294 þús. kr. Skipting hækkunarinnar á einstök viðfangsefni er eftirfarandi: Til *hafnarrannsóknna og mælinga* 140 þús. kr. og verður framlag alls 740 þús. kr. *Hafnarmannvirki og lendingarbætur* 12 212 þús. kr. og verður framlag alls 61 062 þús. kr. *Ferjubryggjur og sjóvarnargarðar* 534 þús. kr. og verða alls til ráðstöfunar 2 669 þús. kr. og framlag til *Hafnarbótasjóðs* hækkar um 1 280 þús. kr. og verður 6 410 þús. kr. Liðurinn *landshafnir*, sem felur í sér bæði endurgreiðslur lána og framkvæmdir við landshafnir, hækkar um 3 776 þús. kr. og verður 6 963 þús. kr. Þar af er aflað lánsfjár vegna framkvæmda alls 5 500 þús. kr., sbr. yfirlit yfir lánahreyfingar A-hluta. Að lokum hækkar framlag til viðfangsefnisins *hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar* um 3 450 þús. kr. og verður 20 450 þús. kr., en þessi framkvæmdaflokkur er einnig fjármagnaður með lánsfé.
- 341 Siglingamálastofnun ríkisins.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 1 900 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 8 849 þús. kr. Laun hækka um 2 508 þús. kr., eða 49,9%, og er það í hátt við almennar kaupgjaldshækkunir. Önnur rekstrargjöld hækka um 677 þús. kr. eða 56,3% og viðhald hækkar um 20 þús. kr. eða 50%. Hækkun þessara tveggja gjaldaliða er nokkuð umfram verðlagsforsendum frumvarpsins, en tekið er tillit til þess að stofnunin flutti í ný húsakynni á árinu 1982. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar frá fjárlögum 1982 úr 950 þús. kr. í 75 þús. kr. sem ráðstafa skal til kaupa á mælitækjum. Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1982 var gjaldfærður

stofnkostnaður hækkaður um 800 þús. kr. vegna flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði og til tækjakaupa. Sértekjur hækka um 430 þús. kr., eða 159,2% frá fjárlögum 1982, og hefur þá verið höfð hliðsjón af ríkisreikningi fyrir árið 1981.

- 471 Flugmálastjórn.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 25 520 þús. kr., eða 37,9%, og verður 92 834 þús. kr. Laun hækka um 12 655 þús. kr., og er það í samræmi við kaupgjaldshækkunar almennt. Föstum stöðum við stofnunina fjölgar um tvær. eru það stöður flugvallarvarða hjá flugvalladeild og er ekki áætlað að nein útgjaldaaukning hljóti af. Nýju stöðugildin nýtast þannig að yfirvinna starfsmanna flugvalladeildar úti á landi ætti að dragast saman sem svarar til fastra launa tveggja starfsmanna. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 577 þús. kr. eða 59,8%. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins og er mið tekið af niðurstöðutölum ríkisreiknings 1981. Viðhald hækkar um 900 þús. kr. sem er nokkru meira en svarar til almennrar viðmiðunar um hækkun verðlags en í kjölfar mikilla framkvæmda á undanförunum árum fjölgar viðhaldsverkefnum og á þetta bæði við um flugstöðvar og flugvelli. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 8 275 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis geri tillögu um skiptingu fjárins til einstakra framkvæmda. Sértekjur verða 2 887 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1982 og nema alls 7 557 þús. kr. og er hliðsjón höfð af niðurstöðum ríkisreiknings 1981.

Fjárveitingu er nú í fyrsta sinn skipt á viðfangsefni. Viðfangsefnaskiptingin er unnin í samvinnu við og að tillögu samgönguráðuneytisins og stofnunarinnar. Starfsemi flugmálastjórnar er umfangsmikil og er talið að það styrki yfirsýn og stjórn fjármála að taka upp viðfangsefnaskiptingu. Fjárveiting miðast m. a. við að hjá stofnuninni séu 138,24 heimilúð stöðugildi. Heimilúð stöðugildi, útgjöld, sértekjur og fjárveiting í þús. kr. er sem hér segir eftir viðfangsefnum:

Viðfangsefni:	Stöðugildi	Áætluð útgjöld 1983	Sértekjur 1983	Mismunur fjárveiting 1983
Yfirstjórn	13,00	6 566	1 516	5 050
Löftferðaeftirlit	5,00	1 899	308	1 591
Flugöryggisþjónusta	61,00	24 976	2 135	22 841
Reykjavíkflugvöllur	27,00	10 992	2 661	8 331
Flugvalladeild	32,24	14 583	937	13 646
Framkvæmdir, óskipt	—	41 375	—	41 375
Samtals	138,24	100 391	7 557	92 834

- 651 Ferðamálaráð.** Fjárveiting nemur alls 6 229 þús. kr. og er það 2 050 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 438 þús. kr. og verða 1 289 þús. kr., sem er í hátt við almennar kaupgjaldshækkunar. Aðrir rekstrarliðir hækka um 1 563 þús. kr. og verða samtals 3 711 þús. kr. Heildarframlag til launa, annarra rekstrargjalda, viðhalds og stofnkostnaðar eru í samræmi við það fé sem stofnuninni er ætlað af skilafé Fríhafnarinnar. Miðað er við að til stofnunarinnar renni 5 000 þús. kr. af skilafé Fríhafnarinnar. Við fjárlagameðferð Alþingis 1982 var framlag til Ferðamálasjóðs hækkað frá frumvarpi 1982 úr 330 þús. kr. í 1 330 þús. kr. Viðbótarfénu skyldi varið til aukningar á hlutafé Hótel Stykkishólms. Í frumvarpinu fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir 33% hækkun á almennu framlagi til Ferðamálasjóðs og er það í samræmi við hækkun framlaga til annarra sjóða. Almenna framlagið hækkar því úr 330 þús. kr. í 439 þús. kr., en auk þess eru veittar 1 000 þús. kr. til sérstakra verkefna. Heildarfjárveiting til Ferðamálasjóðs nemur því 1 439 þús. kr. Að lokum eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 140 þús. kr.

652 Veðurstofa Íslands. Heildarfjárveiting til Veðurstofu Íslands hækkar um 8 772 þús. kr. og verður 25 888 þús. kr. Laun hækka um 8 105 þús. kr. eða 55,4%. Um 268 þús. kr. hækkunarinnar skýrast af því að tekin er inn ein staða veðurfræðings á viðfangsefninu *veðurþjónusta vegna millilandaflugs*, gegn jafnháu framlagi frá ICAO, þannig að fjárveiting hækkar ekki. Að öðru leyti hækka laun í hátt við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 951 þús. kr. eða 46,3%. Viðhald tækja og búnaðar hækkar um 185 þús. kr. og verður alls 669 þús. kr. Er þetta í samræmi við almenna verðlagsþróun. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 571 þús. kr. og verður 1 476 þús. kr., þar af er gert ráð fyrir að 1 000 þús. kr. fari til áframhaldandi tölvuvæðingar. Þá hækka sértekjur um 3 040 þús. kr. og verða 8 304 þús. kr. Eru þær allar vegna veðurþjónustu við millilandaflug.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	3 441	5 624	2 183	63,4
Iðnaðarmál	62 441	98 315	35 874	57,5
Orkumál	194 296	316 789	122 493	63,0
Samtals	260 178	420 728	160 550	61,7
Þar af markaðir tekjustofnar	97 436	130 450	33 014	33,9

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingariðnaðar-sjóðsgjald hækkar um 964 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr., rafmagnseftirlitsgjald hækkar um 2 250 þús. kr. og verður 7 450 þús. kr. Verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 29 800 þús. kr. og verður 120 000 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingum framlaga til málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 2 183 þús. kr. og verður 5 624 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig eftir gjaldategundum: Laun hækka um 1 568 þús. kr. Gert er ráð fyrir einni nýrri stöðu skrifstofumanns og skýrir það 154 þús. kr. af hækkuninni. Að öðru leyti er um almennar kaupgjaldsbreytingar að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 755 þús. kr. eða 66,2%, sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur. Ástæðan er sú að mið er tekið af niðurstöðu ríkisreiknings 1981. Viðhald hækkar um 30 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 30 þús. kr. og nemur fjárveiting alls 90 þús. kr. Sértekjur hækka um 200 þús. kr. og verða 600 þús. kr., en þær eru einkum vegna gjaldtöku fyrir vörumerkjaskráningu.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Heildarframlag nemur 12 315 þús. kr. og hækkar um 4 226 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Nú er í fyrsta sinn tekin upp viðfangsefnaskipting á stofnuninni og er um fjögur viðfangsefni að ræða: *0101 Yfirstjórn*, *0102 Iðntækniþjónusta*, *0103 Nýiðnaðarrannsóknir* og *0104 Staðlar*. Fjárveiting til *yfirstjórnar* nemur samtals 2 156 þús. kr. Þar af eru laun 1 159 þús. kr., önnur rekstrargjöld 1 057 þús. kr., viðhald 30 þús. kr., stofnkostnaðarframlag 10 þús. kr. og sértekjur 100 þús. kr. Fjárveiting til *iðntækniþjónustu* nemur 7 160 þús. kr. Þar af eru laun 8 665 þús. kr., önnur rekstrargjöld 3 452 þús. kr., framlag til viðhalds 70 þús. kr. og stofnkostnaður 310 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 5 337 þús. kr. Fjárveiting til *nýiðnaðarrannsóknar* nemur samtals 2 522 þús. kr. Þar af er launaliður 2 005 þús. kr., önnur rekstrargjöld 807 þús. kr., viðhald 10 þús. kr. og stofnkostnaður 200 þús. kr.

- Sértekjur er áætlaðar 500 þús. kr. Fjárveiting til viðfangsefnisins *staðlar* nemur alls 477 þús. kr. Launaliður verður 338 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 259 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 120 þús. kr. Samtals hækka laun um 4 193 þús. kr. og er sú hækkan vegna launaskriðs auk almennra kaupgjaldsbreytinga. Heimiluð stöðugildi við stofnunina eru samtals 37 en auk þess eru verkefnaáðrnir starfsmenn heimilaðir tímabundið í 12,75 stöður. Önnur rekstrargjöld hækka samtals um 1 648 þús. kr. og er það í hátt við forsendur frumvarpsins. Viðhald er áætlað 110 þús. kr. sem er 30 þús. kr. hækkan frá fjárlögum 1982. Stofnkostnaðarframlag er 520 þús. kr. og hækkar um 120 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Þá er áætlað að sértekjur hækki um 1 765 þús. kr. og verði 6 057 þús. kr.
- 206 Námskeið í stjórn vinnuvéla.** Fjárveiting hækkar um 137 þús. kr., eða 48,2%, og verður 421 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 101 þús. kr. og er það í samræmi við forsendur frumvarpsins um kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 135 þús. kr. eða um 142,1%. Ástæðan er aukin leiga vinnuvéla vegna verkefnaáðrnar þátttakenda á námskeiðum en aukin áhersla er lögð á slíka þjálfun. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 þús. kr. og verður 10 þús. kr. Sértekjur hækka um 102 þús. kr. og verða 132 þús. kr., enda er nú við það miðað, að námskeiðsgjöld standi undir u. þ. b. fjórðungi kostnaðar við ofangreind námskeið.
- 207 Eftirmenntun í iðju og iðnaði.** Framlag nemur 1 300 þús. kr. og hækkar um 700 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Á árinu 1983 er ráðgert að efla nokkuð eftirmenntunarfræðslu og starfsþjálfun í iðnaði og skyldum greinum.
- 221 Lánasjóðir iðnaðarins.** Framlag til Iðnlánasjóðs verður 625 þús. kr. sem er hækkan um 155 þús. kr. eða 33% miðað við lög nr. 13/1982. Framlag til Iðnrekstrarsjóðs verður 16 564 þús. kr. sem er hækkan um 7 164 þús. kr. eða 76,2% miðað við áður nefnd lög. Í lögum nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð er kveðið svo á að framlag ríkissjóðs til sjóðsins skuli nema 0,6% af vinnsluvirði iðnaðar undanfarandi ár. Þjóðhagsstofnun telur að vinnsluvirði í iðnaði hafi verið um 2 760 000 þús. kr. á árinu 1981. Framlag til Iðnrekstrarsjóðs er ákveðið með hliðsjón af því.
- 234 Lagmetisiðjan Siglósið.** Framlag til fyrirtækisins hækkar um 1 500 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr. Þar til viðbótar er áformað að heimila fyrirtækinu lántöku að fjárhæð 4 000 þús. kr. Siglósið hefur átt við rekstrarörðugleika að etja og er í athugun að taka upp nýjar og arðmeiri vinnslugreinar hjá fyrirtækinu.
- 235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Framlög hækka um 718 þús. kr. eða 32,9% og verða 2 894 þús. kr. Fjárveiting þessi rennur óskipt til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
- 240 Iðnaðarrannsóknir.** Framlag til B-hluta fyrirtækisins Iðnaðarrannsóknir nemur alls 4 000 þús. kr. Auk þess er ráðgert að afla fyrirtækinu heimildar til lánsfjáröflunar alls 3 000 þús. kr. Samtals verði því til ráðstöfunar 7 000 þús. kr., sem renna til athugana á ýmsum kostum í iðnaðaruppbyggingu landsmanna. Í fjárlögum 1982 voru undir fjárlagalið 11-399, Ýmis orkumál veittar 3 000 þús. kr. til hliðstæðrar starfsemi.
- 299 Iðja og iðnaður, framlög.** Framlög hækka um 1 478 þús. kr. og verða 5 050 þús. kr. Framlög til einstakra viðfangsefna breytast sem hér segir: Framlag til *Heimilisiðnaðarfélags Íslands* hækkar um 8 þús. kr. Framlag til *eflingar iðnþróunar og tækninýjunga* hækkar um 300 þús. kr. Framlag til *Byggingarþjónustunnar* hækkar um 80 þús. kr. Framlag til *iðnþróunarverkefna* hækkar um 500 þús. kr. og verður fyrst og

fremst varið til þróunarverkefna í málm- og rafiðnaði. Framlag til iðnráðgjafa í landshlutum hækkar um 590 þús. kr. og nemur fjárveiting til þess verkefnis 1 290 þús. kr. Framlög til *Iðnráðs og ullar- og skinnaverkefna* eru óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1982.

- 301 Orkustofnun.** Framlag hækkar um 18 454 þús. kr. og verður 57 631 þús. kr. Laun hækka um 10 108 þús. kr. og verða 29 992 þús. kr. Fjárveitinganevnd Alþingis fjallaði um starfsmannahald Orkustofnunar í apríl 1982. Niðurstaða þeirra umfjöllunar var að stöðugildi teljast 110,85, þar af teljast 89,75 fastar stöður en 21,10 sem tímabundnar verkefnaráðningar. Er það fjölgun um 0,85 stöðugildi frá fjárlögum 1982. Stöðugildi þessi skiptast þannig á deildir:

	Fastar stöður	Tímabundnar verkefna- ráðningar	Stöður alls
Stjórnásludeild	19,00	4,00	23,00
Jarðhitadeild	36,25	8,50	44,75
Vatnsorkudeild	34,50	8,60	43,10
	89,75	21,10	110,85

Fjölgun stöðugilda skýrir 150 þús. kr. launahækkunarinnar. Að öðru leyti er um almennar launahækkningar að ræða samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 9 646 þús. kr. og verða 31 646 þús. kr. sem er nokkuð yfir verðlagsforsendum frumvarpsins og skýrist af því að nú er húsaleiga vegna Grensásvegur 9 áætluð 1 450 þús. kr. í stað 500 þús. kr. í fjárlögum 1982. Viðhald hækkar um 102 þús. kr. og verður 385 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 425 þús. kr. og verður 1 775 þús. kr. Þá er áætlað að sértekjur aukist um 1 827 þús. kr. og verði 6 127 þús. kr. Gert er ráð fyrir eins og verið hefur að Háskóli Sameinuðu þjóðanna starfi innan veggja Orkustofnunar, en framlag til skólans er áætlað undir lið utanríkisráðuneytisins 03-399, Ýmis utanríkismál.

- 302 Rafmagnseftirlit ríkisins.** Framlag hækkar um 2 660 þús. kr. og verður 7 979 þús. kr. Laun hækka um 2 418 þús. kr., þar af eru 530 þús. kr. fram komnar vegna fyrirhugaðrar fjölgunar starfsmanna um sem svarar tveimur stöðugildum. Að öðru leyti hækka laun samkvæmt almennum launaforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 583 þús. kr. og er það í samræmi við verðlagsþróun. Viðhald hækkar um 14 þús. kr. og nemur 54 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 305 þús. kr. og verður 450 þús. kr. Í fjárlögum 1982 var nokkurt átak gert í tækjakaupum, m. a. til raffangaprófunar, bifreiðaendurnýjunar o. fl. Sértekjur hækka um 50 þús. kr. og verða 200 þús. kr. Eigendur raforkuvera og rafveitna greiða rafmagnseftirlitsgjald skv. reglugerð um raforkuvirki. Gjald þetta innheimtist í ríkissjóð skv. 3. gr. frumvarpsins og er áætlað að það verði 7 450 þús. kr.
- 321 Rafmagnsveitur ríkisins.** Framlag hækkar um 4 420 þús. kr. og nemur alls 12 170 þús. kr. Framlagið rennur til greiðslu vaxta og afborgana af tilteknum lánum hjá Rafmagnsveitum ríkisins en fallist var á að ríkissjóður stæði undir þessum lánum, í fyrsta sinn á árinu 1982.
- 371 Orkusjóður.** Framlag hækkar um 97 959 þús. kr. og verður 233 409 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: *Verðjöfnunargjald af raforku* hækkar um 29 800 þús. kr. og verður 120 000 þús. kr., þar af fara 96 000 þús. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins eða 80% og 24 000 þús. kr. til Orkubús Vestfjarða eða 20% af gjaldinu.

Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 27 000 þús. kr. Framlag til lánagreiðslna hækkar um 58 809 þús. kr. og verður 75 809 þús. kr. Meginskýring þessarar hækkunar er sú að á árinu 1983 þyngjast afborganir af lánunum sem Orkusjóði hefur verið gert að taka og endurlána eða leggja fram sem óafturkræft fé. Viðfangsefnið lán til jarðhitaleitar hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. Að auki er gert ráð fyrir lántöku Orkusjóðs í B-hluta frumvarpsins að fjárhæð 7 500 þús. kr. þannig að til ráðstöfunar til jarðhitaleitar verði 11 500 þús. kr. árið 1983. Fjárveiting vegna reksturs Orkusjóðs hækkar um 100 þús. kr. og verður 400 þús. kr. Framlag til Hólsfjallabæja hækkar um 250 þús. kr. og verður 700 þús. kr. Fjárveiting til sveitarafvæðingar hækkar um 1 800 þús. kr. og verður 4 500 þús. kr. Auk þess er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 7 000 þús. kr. í B-hluta frumvarpsins þannig að ráðstöfunarfé til rafvæðingar í sveitum nemur samtals 11 500 þús. kr. Þá hækkar liðurinn lán til einkarafstöðva um 200 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr.

- 399 Ýmis orkumál.** Fjárveiting undir þessum lið lækkar um 1 000 þús. kr. og verður 5 600 þús. kr. Helstu breytingar eru þær að viðfangsefnið athugun á orkufrekum iðnaði fellur niður, enda áætlað fyrir samsvarandi starfsemi undir nýjum lið, 11-240, Iðnaðarrannsóknir. Fjárveiting til þessa viðfangsefnis var 3 000 þús. kr. í fjárlögum 1982. Framlag til orkusparnaðar eykst um 300 þús. kr. og verður 1 300 þús. kr. Til setlagarannsóknna renna nú 2 000 þús. kr. og er það aukning um 1 400 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að fjárveiting til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar skv. lögum nr. 53/1980 hækki um 300 þús. kr. og verði 2 300 þús. kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	3 997	6 464	2 467	61,7
Niðurgreiðslur	466 000	839 000	373 000	80,0
Olíustyrkur	30 000	29 200	+800	+2,7
Annað	6 733	9 961	3 228	47,9
Samtals	506 730	884 625	377 895	74,6

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis og verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 2 467 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 6 464 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 353 þús. kr. og verða 3 953 þús. kr. sem er í samræmi við launaforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 046 þús. kr. og verða 2 266 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur og hefur verið tillit tekið til niðurstöðutalna ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald hækkar um 8 þús. kr. og verður 25 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður um 10 þús. kr. og verður 30 þús. kr. Þá hækkar framlag til einstaklinga og samtaka um 50 þús. kr. og verður 190 þús. kr. en framlag þetta rennur til neytendasamtakanna.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði. Niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöruverði eru áætlaðar 806 000 þús. kr. á árinu 1983. Þar við bætist framlag til Lífeyrissjóðs bænda að fjárhæð 33 000 þús. kr. Heildarfjárveiting á þessum lið nemur 839 000 þús. kr. sem er hækkun um 373 000 þús. kr. eða 80,0% frá fjárlögum 1982. Beinar niðurgreiðslur á vöruverði hækka um 365 100 þús. kr. og framlag til Lífeyrissjóðs bænda hækkar um 7 900 þús. kr. Vaxta- og geymslukostnaður kjöts er hér ekki meðtalinn en þessi útgjalda-liður er háður breytingum á afurðaverði til bænda og vaxtakjörum. Ef þessi kostnaður er ekki greiddur af niðurgreiðslufé verður að fjalla um hann við ákvörðun á landbúnaðarverði. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting niðurgreiðslna á einstaka þætti miðað við niðurgreiðslustig í september 1982, ásamt framlagi í Lífeyrissjóð bænda.

	Áætluð sölu- magn tonn eða millj. lítrar	Niðurgreiðsla kr. á ein.	Ársútgjöld 1983 þús. kr.
Dilkakjöt (úrval 1. og 2. fl.)	8 700	24,90	216 600
Annað kindakjöt (3.—6. fl.)	2 000	9,80	19 600
Nautgripakjöt	2 600	10,50	27 300
Mjól frá mjólkurbúum	49	4,36	213 600
Heimamjól	—	—	600
Undanrenna	2,0	1,03	2 100
Rjómi	1,5	12,35	18 500
Smjör	1 550	70,01	108 500
Skyr	1 700	8,88	15 100
Ostur 45%	1 200	12,50	15 000
Ostur 20% og 30%	600	10,00	6 000
Duft úr nýmjólk og undanrennu	150	—	4 000
Kartöflur	11 000	5,98	65 800
Ull	1 600	20,52	32 800
			745 500
	Til hækkunar niðurgreiðslna 1983		60 500
			806 000
	Framlag í Lífeyrissjóð bænda		33 000
		Samtals	839 000

202 Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar. Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar er í fjárlögum 1982 30 000 þús. kr. Talið var að meðalfjöldi styrkja 1982 yrði um 27 000 á ársfjórðungi. Auk olíustyrkja til einstaklinga fá rafveitur og skólar styrki. Framlag lækkar um 800 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður samtals 29 200 þús. kr. Talið er að styrkjum fækki nokkuð á árinu 1983 eða í 18 000 ársfjórðungslega styrki aðallega vegna tengingar hitaveitna víða um land.

902 Verðlagsstofnun. Fjárveiting hækkar um 3 218 þús. kr. og verður 9 456 þús. kr. Laun hækka um 2 407 þús. kr. og verða 7 524 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 621 þús. kr. og verða 1 682 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, en mið er tekið af niðurstöðutölum ríkisreiknings árið 1981. Viðhald hækkar um 4 þús. kr. og verður 14 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 186 þús. kr. og verður 236 þús. kr. Fyrir dyrum stendur að endurnýja bifreið stofnunarinnar, sömuleiðis að auka nokkuð við búnað núverandi símsstöðvar.

14 Ríkisendurskoðun

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu hækkar um 3 706 þús. kr. og verður 10 755 þús. kr. Laun verða 9 343 þús. kr. sem er hækkun um 3 203 þús. kr. frá fjárlögum 1982, þar af eru 194 þús. kr. vegna einnar nýrrar fulltrúastöðu. Að öðru leyti hækka laun samkvæmt forsendum frumvarpsins. Rekstrargjöld hækka um 468 þús. kr. eða 54,9% og verða alls 1 320 þús. kr., hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings árið 1981. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 37 þús. kr. og verða 98 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 2 þús. kr. og verða 6 þús. kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	7 527	10 790	3 263	43,4
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	262 992	365 000	102 008	38,8
Samtals	270 519	375 790	105 271	38,9

Verður nú nánar vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun frá fjárlögum 1982.

- 182 Tölvumál.** Á Íslandi sem annars staðar hefur tölvunotkun aukist mikið. Ástæður aukinnar tölvunotkunar má m. a. rekja til örrar þróunar í tölvutækni. Í fyrsta lagi hefur vélbúnaður lækkað verulega í verði. Tölvuvinnsla kostar nú einungis fjórðung af því sem hún kostaði fyrir áratug. Í öðru lagi hefur framboð aukist af vel hönnuðum hugbúnaði sem nýtist mörgum notendum. Í þriðja lagi er notkun á tölvum mun einfaldari en áður var. Á næstu árum kemur aukin tölvuvæðing til álita hjá ýmsum stofnunum ríkisins sem leið til hagræðingar og bættrar þjónustu. Til þess að stýra og samræma tölvuvæðingu hjá ríkinu hefur verið veitt fé í fjárlögum 1980, 1981 og 1982, undir þessum fjárlagalið. Á árinu 1980 heimilaði ráðninganefnd ríkisins ráðningu sérfræðings til tveggja ára til þessa verkefnis. Nú hefur ráðninganefnd framlengt þessa heimild til næstu tveggja ára. Heildarframlag til þessa liðar verður því 4 031 þús. kr. eða 31% hækkun frá fjárlögum 1982. Auk launaliðar, sem er 281 þús. kr., og annarra rekstrargjalda, sem eru 50 þús. kr., nemur gjaldfærður stofnkostnaður 3 700 þús. kr. Stærstu verkefni sem unnið hefur verið að á síðustu árum eru m. a. nýtt bókhalds- og áætlanakerfi fyrir ríkið, tölvuvæðing tollafgreiðslu og ritvinnslukerfi fyrir stjórnarráðið.
- 991 Ýmis lán ríkissjóðs.** Vaxtagreiðslur af lánnum ríkissjóðs hækka um 102 000 þús. kr. og verða 365 000 þús. kr. Vextir af lánnum í Seðlabankanum lækka um 10 000 þús. kr. en áætlað er að vextir af öðrum lánnum hækki um 112 000 þús. kr. Alls eru vaxtagreiðslur til Seðlabankans áætlaðar 94 000 þús. kr. og skiptast þannig að af umsömdum (þremur) skuldabréfum eru vextir áætlaðir 9 000 þús. kr. og af yfirdrætti á hlaupa-reikningi 85 000 þús. kr. Vextir af lánnum ríkissjóðs hjá öðrum en Seðlabanka eru áætlaðir 271 000 þús. kr. árið 1983. Vextir af innlendum lánnum verðtryggðum

samkvæmt byggingarvísitölu verða 41 700 þús. kr., af lánum verðtryggðum samkvæmt lánsklaravísitölu 40 900 þús. kr. og samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar 8 500 þús. kr. Vextir af erlendum og gengistryggðum lánum eru áætlaðir 95 000 þús. kr. og óverðtryggðum innlendum lánum 14 900 þús. kr. Þá eru áætlaðar 70 000 þús. kr. til að mæta ýmsum óvæntum vaxtagjöldum umfram forsendur frumvarpsins sem ekki er séð fyrir við samningu þess. Má þar nefna vaxtabreytingar, en flest lán eru með breytilegum vöxtum, gengisbreytingar, breytingar á vísitölum, yfirtökur lána vegna ríkisfyrirtækja, fasteignakaupa o. s. frv. Á þessum fjárlagalið eru greiðslur af lánum teknum til vegagerðar. Vaxtagreiðslur af þeim eru áætlaðar 87 100 þús. kr. og afborganir 185 500 þús. kr. Eru þær afborganir taldar með afborgunum af ýmsum lánum ríkissjóðs.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð

A-HLUTI

Aðfangaeftirlit	
Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínu-flóttamenn	
Aflatryggingasjóður	
Alifugla- og svínarækt	
Almannavarnir ríkisins	
Almenn löggæsla	
Alþingi	
Alþingistiðindi, útgáfukostnaður	
Alþjóðaár aldraðra	
Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	
Alþjóðagerðardómurinn í Haag	
Alþjóðahafrannsóknir	
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin	
Alþjóðahvalveiðiráðið	
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	
Alþjóðajarðfræðisambandið	
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin	
Alþjóðalandfræðisambandið	
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn	
Alþjóðanáttúruverndarsambandið	
Alþjóðaráð Rauða krossins	
Alþjóðaráðstefna myndlistarmanna	
Alþjóðaráðstefnur, þátttaka á vegum utanríkisráðuneytisins	
Alþjóðasamband sakamálaögreglu	
Alþjóðasamband um byggingaskipulag	
Alþjóðasiglingamálastofnunin	
Alþjóðasjómælingastofnunin	
Alþjóðaskákmót	
Alþjóðastofnanir	
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	
Alþjóðaveðurfræðistofnunin	
Alþjóðavinnuálastofnunin	
Alþýðuleikhúsið	
Alþýðusamband Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu	
Alþýðusamband Íslands vegna norræna verkalyðsskólans í Genf	
Alþýðusamband Íslands vegna orlofsmála	
Alþýðuskólinn Eiðum	
Atlantshafsbandalagið	
Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag	
Áfengis- og fíkniefnamál	
Áfengisvarnir	
Ármúlaskóli	

Bandalag ísl. farfugla	
Bandalag ísl. leikfélaga	
Bandalag ísl. listamanna	
Bandalag ísl. skáta	
Bandalag ísl. skáta vegna Úlfjótsvatns	
Barnaheimili og hæli	
Barnaverndarráð	
Bernarsambandið	
Bernhöftstorfa	
Bifreiðaeftirlit ríkisins	
Bifreiðastjóra- og öðukennaranámskeið	
Bindindisstarfsemi	
Biskups- og prestabókasöfn	
Biskupsbústaður	
Bjargráðasjóður Íslands	
Bláa bandið	
Blindrafélagið	
Blindravinafélagið	
Blissnefnd	
Blóðbankinn	
Blóðrannsóknir ungbarna	
Borgardómarinn í Reykjavík	
Borgarfógetinn í Reykjavík	
Bókhaldskerfi ríkisins	
Bréfaskólinn	
Bridgesamband Íslands	
Brunamálastofnun ríkisins	
Brúðuleikhús	
Búfé	
Búfjársjúkdómar	
Búnaðarbanki Íslands, veðdeild	
Búnaðarfélag Íslands	
Búnaðarfræðsla	
Búnaðarhagfræðiráðunautur	
Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu	
Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð	
Búnaðarsambönd	
Búnaðarþing og endurskoðun	
Búreikningaskrifstofan	
Bútækni	
Byggða- og minjasöfn	
Byggðasafn að Reykjum í Hrótafirði	
Byggðasjóður, framlag	
Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög	
Bygging íþróttamannvirkja	
Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkis- sjúkrahúsa	
Byggingar á prestsetrum	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	

Byggingarsjóður verkamanna	
Byggingarsjóður þjóðarbókhöfðu	
Byggingarþjónustan	
Bæjarfógeti Akranesi	
Bæjarfógeti Bolungarvík	
Bæjarfógeti Kópavogi	
Bæjarfógeti Neskaupstað	
Bæjarfógeti Ólafsfirði	
Bæjarfógeti Siglufirði	
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	
Bændanámskeið	
Bændaskólinn Hólum	
Bændaskólinn Hvanneyri	
Cornell-háskólinn í Bandaríkjunum	
Dagblöðin, kaup	
Daggjaldanefnd	
Dagvistarheimili, stofnkostnaður	
Dagvistun forskólabarna	
DAS, byggingarstyrkur	
Dómhús	
Dómkrofur og málskostnaður	
Dómprófastsembættið í Reykjavík	
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	
Dómsmál, ýmis kostnaður	
Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	
Dýralæknisbústaðir	
Dýrasöfn	
Dýraverndunarfélag Íslands	
Eðlisfræðifélag Íslands	
Efling iðnþróunar og tækninýjungar	
Efnahags- og framfarastofnunin	
Efnahagsráðstafanir	
Efnarannsóknastofa Norðurlands	
Eftirlaun presta og ekkna, viðbót	
Eftirlaun samkvæmt launalögum	
Eftirlaunasjóður aldraðra	
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	
Eftirlit með vínveitingahúsum	
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	
Eftirlitsstofnun með brotamönnum	
Eftirmenntun í iðju og iðnaði	
